



Konur þurfa að vera harðari

Heiðrún Lind Marteinsdóttir ræðir uppvöxtinn á Akranesi, vill hætta að rifast um sjávarútveg og segir konur þurfa meiri pung þegar semja á um laun. ➔22

Endurupptaka í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum



Atburðarásin rakin
Hörð barátta fyrir réttlæti í áratugi

➔ 6, 8

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Tryggðu þér áskrift á aðeins **333 kr. á dag** (9.990 kr. á mánuði)

365.is | Sími 1817 **365**

N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Sæktu um N1 kortið á n1.is

SMÁRALIND

BRAGÐAREFUR Í SMÁRALIND

KOMDU Í SMÁ HEILALEIKFIMI

OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Allhvöss eða hvöss suðvestan- og vestanátt og él, en dregur víða úr vindi seinnipartinn og léttir til norðan- og austanlands. Hiti í kringum frostmark.

SJÁ SÍÐU 42



Steve Bannon og Reince Priebus.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Trump mun standa við öll loforðin

BANDARÍKIN Tveir nánustu samstarfsmenn Donalds Trump, þeir Steve Bannon og Reince Priebus, segjast hafa óbilandi trú á leiðtoga sínum og leggja ómælda vinnu í að hrinda stefnu hans í framkvæmd.

Þeir hafa hingað til verið taldir andstæðir pólar í liði Trumps. Priebus er kerfismaður úr innsta hring Repúblikanaflokksins en Bannon hefur verið utangarðsmaður í flokknum, kemur úr fjölmiðlum og er harður áróðursmeistari.

Á stjórnmálaráðstefnu Repúblikanaflokksins, sem hófst í vikunni, segjast þeir hins vegar starfa mjög náið saman og vart geta án hvor annars við.

Hann segist samt reikna með því að glíma Trumps og stjórnar hans við fjölmiðlana muni harðna: „Og það er vegna þess að þetta eru fjölmiðlar fyrirtækja og alþjóðavæðing, sem eru harðlega andsnúnir efnahagslegri þjóðernisstefnu eins og þeirri sem Trump aðhyllist,“ sagði hann.

Bannon segir að strax á fyrsta mánuðinum hafi komið í ljós að stefna Trumps og stjórnar hans hverfist um þrjú líkilatriði. Eitt er fullveldi og öryggi þjóðarinnar, annað er efnahagsleg þjóðernisstefna og hið þriðja er að afbyggja stjórnkerfið, sundurlíma það og saxa niður. –gb

Skriptust á skipsbjöllum



Guðmundur Hallvarðsson, formaður Hollvínasamtaka Óðins, tók í gær á móti skipsbjöllu úr breska togaranum Arctic Corsair úr höndum Victors Whilden, fyrrverandi sjómanns frá Hull. Á móti fékk Whilden skipsbjöllu úr varðskipinu Óðni sem í þorskastríðinu klippti trollið aftan úr Arctic Corsair. Á sjóminjasafni í Hull er unnið að sýningu sem varpa á ljósi á sameiginlega sögu þjóðanna tveggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Persónuvernd er sögð í fjársvælti

STJÓRNSÝSLA Stjórnvöld tryggja Persónuvernd ekki nægjanlegt fé til að rækja skyldur sínar. Þetta er mat ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, sem telur íslenska ríkið því brjóta gegn ákvæðum Evróputilskipunar. ESA gefur íslenskum stjórnvöldum tvo mánuði til að bæta úr.

ESA segir Persónuvernd hafa skort fé í áraaðir. Þáverandi innanríkisráðherra hafi ýjád að þessu 2013 er hann sagði stofnunina ekki hafa ráð á frumkvæðisrannsóknnum.

Fréttablaðið leitaði viðbragða frá innanríkisráðuneytinu við bréfi ESA en fékk ekki svör. – jhh



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar

Mansalsmálið lamaði fjárhag heyrnarlausra

Félag heyrnarlausra réð fimm Tékka til að rétta við happdrættismiðasölu sem hrundi er lögregla hóf rannsókn á vinnumannsmáli tengdu sölunni. Framkvæmdastjóri félagsins segir ásakanirnar óréttmætar en rannsókninni er ólokið.

LÖGREGLUMÁL Lögreglurannsókn á mögulegu mansali innan Félags heyrnarlausra olli félaginu verulegum fjárhagsskaða. Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir í grein í blaði félagsins að helmingi færri happdrættismiðar hafi verið seldir síðasta haust en þurfi til að félagið geti veitt góða þjónustu.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er rannsókn málsins ekki lokið.

Í maí greindi Fréttablaðið frá því að lögreglan hefði til rannsóknar vinnumannsmál innan Félags heyrnarlausra. Rússnesk kona, sem komið hefði hingað til starfa til að selja happdrættismiða, dveldi í Kvennaathvarfinu á meðan málið væri til rannsóknar.

Heimildir Fréttablaðsins hermdu að konan hefði þurft að borga 1.000 dollara við komuna til landsins án þess að fá atvinnuleyfi. Á tveggja mánaða tímabili hefði hún fengið um 20 þúsund krónur í laun og var rúkuð um skutl á vegum vinnuveitanda síns í þau hverfi þar sem henni var gert að vinna, allt að 3.000 krónur í hvert skipti. Hún hefði komið hingað tvisvar með sama hætti.

Rannsókn lögreglu beindist meðal annars að því hvort fleiri þolendur væru í málinu.

Markaðs- og fjárflyunarstjóri félagsins var tengiliður konunnar við félagið og hýsti hana á meðan á sölunni stóð. Manninum var sagt upp eftir að málið komst í hámaeli. Þá kom í ljós að maðurinn hefði farið fram hjá reglum félagsins um að sölumenn fengju 25 prósent sölubókun á hvern seldan miða, en vegna þess að konan fékk gistingu hjá mannum borgaði hann henni 15 prósent sölubókun.



Félag heyrnarlausra seldi 6.000 happdrættismiða eftir að málið komst upp en Daði segir þá þurfa að vera 11 til 12 þúsund talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bar auðvitað bestan árangur sölunnar að fá til aðstoðar við okkur erlenda duglega sölumenn sem selja hér alla daga, hvernig sem viðrar.

Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra



Í pistli framkvæmdastjórans í Döfblaðinu, sem kom út í síðustu viku, segir að vegna málsins hafi síðasta ár verið afar erfitt fyrir starfsfólk Félags heyrnarlausra og stjórn þess.

„Eins og flest ykkar vituð fékk Félag heyrnarlausra á sig síðasta vor óréttmæta ásökun og mannorðshnekkni

um mansal, og það í fréttum á aðalfundardegi Félags heyrnarlausra.“

Félagið ákvað að auglýsa einungis eftir íslenskum sölumönnum fyrir næstu happdrættissölu, sem fram fór síðasta haust.

„Niðurstaðan var algjört hrun á happdrættissöluinni sem buist var við enda flestir heyrnarlausra í vinnu annarsstaðar og litill áhugi döf Íslendinga að selja happdrættismiða.“

Félagið hefur nú brugðið á það ráð að fá til sín fimm sölumenn frá Tékklandi.

„Er því ljóst að við förum aftur í sama far og áður sem bar auðvitað bestan árangur sölunnar að fá til aðstoðar við okkur erlenda duglega sölumenn sem selja hér alla daga, hvernig sem viðrar,“ segir í pistli framkvæmdastjórans.

snaeros@frettabladid.is

Dublin

Þáskaferð | 13. apríl | 4 nætur



Frábært verð frá: **69.900 kr.** og **12.500 Vildarpunktur.**

Á mann m.v. 2 í herbergi á O'Callaghan Mont Clare með morgunmat.

Verð án Vildarpunkta: 79.900 kr.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FJALLASALUR

STÓRGLÆSILEG JEPPASÝNING

Í DAG, 25. FEBRÚAR KL. 12-16



RAV4



HILUX INVINCIBLE
33" BREYTING



LAND CRUISER 150 ADVENTURE
33" BREYTING

Við frumsýnum Hilux Invincible með 33" breytingu, ósigrandi harðjaxl með aukahlutapakka að verðmæti 780.000 kr. og kynnum tilboð á Adventure aukahlutapakka fyrir Land Cruiser 150 ásamt því að sýna ýmsar aðrar útfærslur á Land Cruiser, Hilux og RAV4.

Auk þess verða sýnd fjórhjól, sexhjól, Buggy-bílar og Brenderup-kerrur í samstarfi við Ellingsen og útivistargræjur, fjallaskíði, GPS-tæki frá Garmin og fleiri græjur til fjallaferða. Í tilefni af 90 ára afmæli Ferðafélags Íslands bjóðum við þau velkomin til okkar og munu þau kynna fjölbreytt og skemmtilegt starf sitt á sýningunni.

Spennandi getraunir, glæsilegir vinningar, breyttir jeppar á útisvæði og í sýningarsal þar sem ferðagleðin verður í fyrirrúmi. Komdu þér í ferðagírinn með okkur í Kaupúni.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, Invincible-merki, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar og króm á afturljós.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070



ELLINGSEN

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 19.02.2017 - 25.02.2017

200 tonn

af eldisfiski voru í kví sem reyndist vera götött – ekki er vitað hversu mikið slapp.

68 daga

voru sjómenn í verkfalli áður en samdist á mánudaginn.

**354.000**

manns fóru í hvalaskoðun árið 2016.

33 stöðugildi

í 64 leikskólum eru ómönnuð í Reykjavík.

13 milljarða

þarf til að bora nýjar holur til gufuöflunar fyrir Hellsheiðarvirkjun.

15.000

tonn fékk loðnuskip í einu kasti þegar veiðar hófust í vikunni – sem er ævintýrleg veiði.

**11 milljarðar**

króna hafa runnið til Vaðlaheiðarganga – eða um 30 prósent fram úr áætlun.

Þrír í fréttum
Húsnæðismál,
kynjahalli og
launahækkanir**Bóróddur**Bjarnason
prófessor við
Háskólann á
Akureyri og
fyrrverandi
stjórnarformaður
Byggðastofnunar

sagði að á stöðum þar sem erfitt væri að selja íbúðir þyrði fólk ekki að kaupa. Í sumum þorpum standa fjölmörg hús á sölu óhreyfð um árabíl. Bankarnir, en þó sérstaklega Íbúðalánasjóður, hefðu neitað að viðurkenna kaupsamning með herra verði en hugmynd bankans um verð.

Fríða Rós
Valdimarsdóttir

formaður Kvenréttindafélags Íslands



sagði miður að reynsluheimur kvenna væri ekki meira til umfjöllunar í íslenskum kvikmyndahúsum. 93 prósentum kvikmynda sem voru teknar til sýninga í íslenskum kvikmyndahúsum árið 2016 var leikstýrt af körlum. Hlutfallið var hið sama í dagskrá RÚV. Nánast allar sögurnar eru eftir karla.

Gylfi
Arnbjörnsson

forseti ASÍ



sagði samninga í hættu vegna forsendubrests. Hann sagði laun annarra hópa, eins og alþingismanna og ráðherra, hafa hækkað umfram það sem menn ætluðu. Þá hafi ekki verið staðið við aðgerðir í húsnæðismálum. Gylfi sagði að á meðan þingmenn og ráðherrar fengju gríðarlegar launahækkanir gæti þeir ekki talað fyrir því að aðrir hópar þyrftu að sýna ráðdeild og tempru launahækkanir.

Óveðrið yfirstaðið en von er á fannfergi í kvöld og á morgun

Um 150 björgunarsveitarmenn voru kallaðir út í gær til ýmissa starfa sem tengjast vonskuveðri sem gekk yfir landið. Vegum var lokað, innanlandsflugi aflýst og truflanir urðu á millilandaflugi. Ferðaþjónustufyrirtæki voru vörðuð við en rúta valt nærri Skaftafelli. Spáð er mikilli snjókomu sunnan- og vestanlands í kvöld.

VEÐUR Vonskuveður gekk yfir stóran hluta landsins í gær án mikils tjóns. Fyrirbyggjandi aðgerðir léku stórt hlutverk í því að mati fjölmiðlafulltrúa Landsbjargar.

Kringum 150 björgunarsveitarmenn voru kallaðir út í gær víða um land en inni í þeirri tölu eru útköll sem tengdust lokunum á vegum. Í fyrradag lét Vegagerðin vita með fyrirvara hvaða vegaköflum yrði lokað og yfir hvaða tímabil.

Þá hafði Landsbjörg samband við yfir þrjú þúsund ferðaþjónustufyrirtæki og bað þau um að upplýsa viðskiptavinum sínum um stöðu mála. Þá lá innanlandsflug niðri og áætlanir í millilandaflugi riðluðust talsvert. Flug í millilandaflugi var aflýst í nokkrum tilfellum.

Von er á talsverðri ofankomu á landinu sunnan og vestan til í dag og í kvöld með sunnankalda. Ofankoma gæti orðið um 20 sentimetrar. Það veður heldur síðan áfram og verður á Norður- og Austurlandi á morgun.

„Þetta gekk nokkuð vel. Tjón var lítið og engin alvarleg meiðsl á fólki,“ segir Þorsteinn G. Gunnarsson fjölmiðlafulltrúi Landsbjargar. Flest óhöppin urðu þegar fólk ætlaði sér að vera á undan veðrinu en það náð í skottið á því. Þá var nokkuð um að Íslendingar virtu lokanir að vettugi. Sumir hafi brennt sig á því og þurft að kalla eftir aðstoð eftir að hafa komist í hann krappan. Þeim verði hins vegar ekki sendur reikningur.

„Við vonum þó að þeir sem slíkt gerðu styrki okkur,“ segir Þorsteinn. Fjöldahjálparstöð var opnuð í Klébergsskóla á Kjalarnesi um hádegisbil í gær eftir að rútur fóru út af veginum skammt frá munna Hvalfjarðarganga.

Á annað hundrað manns höfðu



Nokkuð snjóaði á höfuðborgarsvæðinu í gær en það var lítið í samanburði við það sem von er á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta gekk nokkuð vel. Tjón var lítið og engin alvarleg meiðsl á fólki.

Þorsteinn G. Gunnarsson, fjölmiðlafulltrúi Landsbjargar

ust við í hjálparstöðinni um skeið. Þá lentu tvær rútur utan vegar við Freysnes í Skaftafelli og valt önnur.

„Þetta fór vel miðað við hvernig þetta leit út,“ segir Gunnar Sigurjónsson, formaður björgunarsveitarinnar Kára í Örafum, en sveitin var kölluð út vegna slyssins. „Það voru einhver minniháttar meiðsl á farþegum rútunnar, smá skrámur,

en mun minna en útlit var fyrir.“

Farþegum var ekið á Hótel Skaftafell þar sem það beið af sér veðrið. Ad sögn starfsfólks hótelsins var andinn góður í hópnum enda sluppu allir heilir á húfi. Fólk hafi aðallega verið upptekið af því að taka ljósmyndir af fréttatímum til að eiga minningar um veðrið. johannoli@frettabladid.is**KOMDU OG PRUFADU****RENEGADE****FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR****OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 12 - 16****ÍSABAND**
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBODUmboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Nýr

Hyundai Tucson.

Framhjóladrifinn, dísil, beinskiptur.

Verð aðeins 3.890.000 kr.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622	Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533	Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080	BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
---	---	--	--	---	--

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

 **HYUNDAI**

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Börn Sævars Ciesielski.
FRÉTTABLAÐIÐ/VIHELM

Börn Sævars segja mannorð hans hreinsað

Börn Sævars Marinós Ciesielski, sem dæmdur var í ævilangt fangelsi fyrir að hafa orðið Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni að bana árið 1974, sendu frá sér yfirlýsingu í gær. Þar fögnuðu þau niðurstöðu nefndarinnar og sögðu réttlætið sigra að lokum.

„Við systkinin getum loksins fagnað því að mannorð þitt verður hreinsað,“ segir í yfirlýsingunni. „Við vildum óska þess að þabbi væri með okkur í dag en svo er því miður ekki. Allt frá því að við munum eftir okkur hafa þessi mál litað tilveru okkar. Það er ekki hægt að útskýra með orðum þá upplifun að hafa fæðst inn í þetta ranglæti.“



Sævar Ciesielski er hér leiddur af lögreglumönnum er réttarhöldin í Guðmundar- og Geirfinnsmálum stóðu í Hæstarétti Íslands árið 1980. VÍSISMYND/JENS ALEXANDERSSON

Dóttir Tryggva lofar hugrekki nefndar

Fimm af sex sem dæmdir voru í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum fá mál sín endurupptekin fyrir dómstólum. Dómur Erlu Bolladóttur og þriggja annarra um rangar sakargiftir stendur óhaggaður. Kemur ekki á óvart, segir maður sem sat lengi saklaus í varðhaldi.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



DÓMSMÁL Kristján Viðar Júlíusson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftason og Guðjón Skarphéðinsson hafa fengið ósk sína uppfyllta um endurupptöku hæstaréttardóms frá árinu 1980 fyrir að hafa orðið Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni að bana árið 1974.

Beiðni Erlu Bolladóttur, Kristjáns Viðars og Sævars Marinós um endurupptöku um rangar sakargiftir var hafnað.

„Það hefði komið mér mjög á óvart ef staðið hefði til að taka það upp aftur,“ segir Magnús Leopoldsson, sem sat í einangrun í 105 daga sem saklaus maður vegna rangra sakargifta. „Það er ekkert grín að vera í algjörrri einangrun í Síðumúla-fangelsinu og fá ekki að fara undir

bert loft. Þetta er svona næsti bær við að drepa mann.“

Magnús var einn fjögurra svokallaðra klúbbmanna sem hafðir voru fyrir rangri sök og hnepptir í varðhald. Þetta hafi verið mjög erfíð lífsreynsla og fylgt honum alla tíð síðan. „Ég held ég muni það rétt að sjó eða átta sinnum bar Erla mig röngum sökum auk þess sem Sævar og öll hin báru mig einnig röngum sökum,“ bætir Magnús við.

Ragnar Aðalsteinnsson, lögmaður Erlu Bolladóttur og Guðjóns Skarphéðinssonar, segir niðurstöðu nefndarinnar að taka upp dóma er snúa að Guðmundi og Geirfinni rökrétta. Hins vegar segir hann erfitt að horfa upp á að Erla sé skilin eftir.

„Ég er að sjálfsögðu ánægður með að allt sem lýtur að mannhvörfunum er endurupptekið. Hins vegar er ég jafn ósáttur við þá niðurstöðu nefndarinnar að ekki skuli endurupptekinn sá hluti málsins

Síðasti spöluurinn

Guðjón Skarphéðinsson var dæmdur í tíu ára fangelsi í Hæstarétti 1980. Hann segir þetta áfangasigur og að hann vonist eftir að Hæstiréttur sýkni alla aðila á komandi árum.

„Þetta er eiginlega síðasti spöluurinn á langri leið. Þetta hefur verið mér baggi á baki öll þessi ár meira og minna og ég hef aldrei staðið almennilega undir því að vera með þetta,“ segir Guðjón. „Ég reikna með því að þeir sem eftir eru geti verið keikari þegar og ef Hæstiréttur meðhöndlar þetta mál á þennan veg sem við svo sem ekki vitum reyndar.“



Ég held ég muni það rétt að sjó eða átta sinnum bar Erla mig röngum sökum auk þess sem Sævar og öll hin báru mig einnig röngum sökum.

Magnús Leopoldsson



Meðferðin á þessu fólki var ósanngjörn og óréttlát.

Kristín Anna Tryggvadóttir, dóttir Tryggva Rúnars Leifssonar



fundar. Það hafi sem sagt að endingu verið afstaða ríkissaksóknara að einnig taka ætti upp mál Erlu.

„Endurupptökunefnd nýtir sér hins vegar í röksemdum sínum upphaflegu afstöðu saksóknara og er það megingalli. Það hlýtur að skipta öllu máli hver afstaða ákærvaldsins er. Þegar ákærvald fellst á endurupptöku er lítið hægt að gera annað en að fara að vilja þess,“ bætir Ragnar við.

Kristín Anna, dóttir Tryggva Rúnars Leifssonar, segir ánægjulegt að þessum áfanga sé loksins lokið en Tryggvi Rúnar lést árið 2011.

„Þetta er mikið gleðiefni auðvitað. Nú er loksins komin einhver viðurkenning á því að brotið var á þeim. Það er áfellsdómur yfir lögreglu og dómvaldi þess tíma hvernig það hélt á málinu. Meðferðin á þessu fólki var ósanngjörn og óréttlát,“ segir Kristín Anna sem lofar störf endurupptökunefndarinnar.

„Ég er mjög þakklát vinnu nefndarinnar. Nefndin hefur legið yfir þessu í mörg ár og það hlýtur að hafa kraftig hugrekki að senda frá sér svona skýra afstöðu um endurupptöku. Það er aðdáunarvert og fyrir það ber að þakka,“ bætir Kristín Anna við.

sem lýtur að röngum sakargiftum á hendur svokalluðum klúbbmedlimum,“ segir Ragnar. „Þetta er svo samtvinnu að það er ekki hægt að greina einn þátt út úr þessu og athuga hann sérstaklega.“

Í upphafi varnar sagði settur ríkis-

saksóknari, Davíð Þór Björgvinsson, það skoðun sína að ekki væru skilyrði fyrir endurupptöku máls Erlu Bolladóttur. Ragnar bendir á að saksóknari hafi skipt um skoðun í málflutningi fyrir endurupptökunefnd og það sé bókað í fundargerð þess

Taka þarf skýrslur af lögreglumönnum

Davíð Þór Björgvinsson, settur ríkissaksóknari í endurupptökumáli Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, segir niðurstöðu nefndarinnar ekki koma á óvart. Mikilvægt sé að fara vel yfir stöðuna og næstu skref í málinu.

„Hafa ber í huga að ákvörðun endurupptökunefndarinnar er í eðli sínu stjórnvaldsákvörðun. Því gæti farið svo að ákvörðun nefndarinnar um endurupptöku verði á einhvern hátt skotið til Hæstarétta. Það er hins vegar mikilvægt að skoða málið í þaula,“ segir Davíð Þór.

„Hver svo sem verður ríkissaksóknari í málinu, ég eða einhver annar, mun þurfa að veita og meta



Davíð Þór Björgvinsson, settur ríkissaksóknari í endurupptökumálinu

fjöl mörg atriði. Einnig gæti komið til greina hvort hægt væri að fella niður ákærur í einhverjum liðum. Ég ítreka hins vegar að ég hef ekki skoðað málið ofan í kjölinn en ríkissaksóknari mun þurfa þess á næstu vikum,“ bætir Davíð Þór við.

Lúðvík Bergvinsson lögmaður

hefur gætt hagsmuna Sævars Ciesielski og Tryggva Rúnars Leifssonar í endurupptökuférlinu. Hann segir að rannsaka þurfi málið frekar.

„Að minnu mati tel ég mikilvægt að teknar séu skýrslur af þeim lögreglumönnum sem unnu við rannsókn málsins og komu að málinu,“ segir Lúðvík. „Það mun taka einhvern tíma en boltinn er nú hjá ákærvaldinu. Hins vegar er ánægjulegt að á þessum tímamarki sé komin þessi skýra afstaða um endurupptöku málsins.“ – sa

Framhald á bls 8



Rauði krossinn
Reykjavík–Kvinnadeild

Aðalfundur

Kvinnadeildar Rauða krossins í Reykjavík 2017 verður haldinn í Setri, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 2. mars kl. 18:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning í stjórn og nefndir
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Kristín Marja Baldursdóttir les úr bók sinni Svartalogn.

Mjög áriðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405, 570 4000 eða með tölvupósti: audur@redcross.is í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

Stjórnin

Nýr Q5 Frumsýndur

Í dag sviptum við hulunni af nýjum Audi Q5. Komdu á frumsýningu milli 12-16. Hvort sem um ræðir þægindi, stíl eða aksturseiginleika, fellur þú fyrir Q5 á augnabliki. Láttu ekki hendingu ráða. Tilkomumikið útlit, framsækin tækni og kraftur.

Ný veröld á hverjum degi
– með Audi Q5.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

5 ára
ábyrgð

Atburðarás síðustu ára í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu

3. OKTÓBER 2011

Stöð 2 segir frá nýjum gögnum í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Dagbókum Tryggva Rúnars Leifssonar. **Gísli Guðjónsson** réttarsálfræðingur tjáir sig um málið í fyrsta skipti.



7. OKTÓBER 2011

Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, kynnir starfshóp sem kannar Guðmundar- og Geirfinnsmálin að nýju.

14. JANÚAR 2013

Fréttir af því að starfshópi innanríkisráðuneytis um Guðmundar- og

Geirfinnsmál berist enn skjöl frá lögreglu sem tengjast rannsókn málanna.

21. MARS 2013

Ráðherra fær skýrslu nefndar um Guðmundar- og Geirfinnsmál. Niðurstaðan kynnt í kjölfarið. Nefndin mælir með endurupptöku málanna.

30. MARS 2013

Erla Bolladóttir segist ætla að leggja fram kæru gegn lögreglu-manni sem hún segir hafa nauðgað sér á meðan hún sætti gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu.



6. APRÍL 2013

Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sýnir að

80% þjóðarinnar vilja að Guðmundar- og Geirfinnsmálin verði tekin upp að nýju.

10. MAÍ 2013

Ríkissaksóknari hættir rannsókn á kæru Erlu vegna nauðgunar. Hún sættir sig við niðurstöðuna.

19. JÚNÍ 2014

Erla Bolladóttir fer formlega fram á endurupptöku.

1. OKTÓBER 2014

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari lýsir sig vanhæfa til að svara erindi endurupptökunefndar

um endurupptöku. Davíð Þór Björgvinsson settur ríkissaksóknari.

1. JÚNÍ 2016

Settur ríkissaksóknari skilar endurupptökunefnd umsögn sinni. Segir rök fyrir því að taka upp málin að nýju.

14. JÚNÍ 2016

Tveir menn eru handteknir í tengslum við morðið á Guðmundi Einarssyni sem hvarf árið 1974. Endurupptökunefnd þótti tilefni til að mennirnir yrðu yfirheyrðir vegna nýs vitnisburðar í málinu.



10. ÁGÚST 2016

Hörður Jóhannesson þáverandi aðstoðaryfir-lögregluþjónn segist í samtali við RÚV furða sig á því að sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, sem hafi skáldað sögur í gæsluvarðhaldi vikum saman, séu teknir trúanlegir.



24. FEBRÚAR 2017

Endurupptökunefnd úrskurðar um endurupptökukröfu.

Sigur í augnsýn eftir baráttu í áratugi

Þrisvar sinnum áður hafa sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu krafist endurupptöku án árangurs. Kafaskell urðu í málinu eftir sjónvarpsþátt á Stöð 2. Réttarsálfræðingur sagði tímabært að rannsaka málin upp á nýtt eftir að hafa séð dagbækur sakbornings.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Dómur í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu féll í Hæstarétti árið 1980. Sævar Ciesielski var dæmdur í sautján ára fangelsi, Kristján Viðar Viðarsson var dæmdur í sextán ára fangelsi, Tryggvi Rúnar Leifsson var dæmdur í 13 ára fangelsi, Guðjón Skarphéðinsson í tíu ára fangelsi og Erla Bolladóttir var dæmd í þriggja ára fangelsi.

Að afplánun lokinni fór Sævar tvisvar fram á endurupptöku en var synjað. Í fyrra skiptið árið 1994 en í seinna skiptið árið 1999. Þá fór Erla Bolladóttir fram á endurupptöku árið 2000 sem var ekki heldur fallist á.

Kafaskell urðu í málinu árið 2011 þegar Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, skipaði starfshóp til þess að fjalla um Guðmundar- og Geirfinnsmálið eftir að birt voru ný gögn í Íslandi í dag á Stöð 2. Þessar nýju upplýsingar voru dagbókarskráir Tryggva Rúnars og sjónvarpsviðtal við Gísli Guðjónsson réttarsálfræðing. „Það sem er sláandi við þessar dagbækur, þó þær fari ekki eins langt aftur í tímann og æskilegt væri til að gefa okkur mynd af yfirheyrslum og upphafi rannsókna málsins, þá er greinilegt að hann talar eins og saklaus maður,“ sagði Gísli um dagbækurnar. Tók hann jafnframt fram að það væri tímabært að hefja rannsókn málsins að nýju.

Hópurinn hóf síðan störf í lok október 2011 og var áætlað að skila áfangaskýrslu undir lok apríl ári seinna. Það reyndist ekki unnt en þess í stað skilaði hópurinn stöðuskýrslu um vinnu hópsins til ráðherra og óskaði jafnframt eftir fresti til að skila áfangaskýrslu. Starfshópnum var veittur frestur



Börn Sævars Ciesielski afhenda innanríkisráðuneytinu gögn í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við erum að tala um gríðarlegt skjalamagn, þúsundir og aftur þúsundir blaðsíðna.

Ragnar Aðalsteinsson



17

ára fangelsi hlaut Sævar Ciesielski í Hæstarétti fyrir morðin á Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni.

til 1. nóvember 2012 og aftur til 15. febrúar 2013 en tæplega fimm hundruð blaðsíðna skýrslu starfshópsins var loks skilað í seinni hluta mars 2013.

Niðurstaða sálfræðilegs mats þeirra Gísli Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar, sem birt var í skýrslunni, var að hafið væri yfir allan skynsamlegan vafa að fram-

burður og jätningar Erlu Bolladóttur, Sævars Ciesielski, Kristjáns Viðars Viðarssonar, Tryggva Rúnars Leifssonar, Alberts Klahn Skaftasonar og Guðjóns Skarphéðinssonar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu voru óáreiðanlegar.

Eftir að niðurstaða nefndarinnar var gerð opinber var krafist endurupptöku málsins. Ragnar Aðalsteinsson, sem krafðist endurupptöku fyrir Erlu Bolladóttur og Guðjón Skarphéðinsson, sagði ekkert mál af þessari stærðargráðu hafa farið fyrir endurupptökunefnd til þessa. „Við erum að tala um gríðarlegt skjalamagn, þúsundir og aftur þúsundir blaðsíðna,“ sagði Ragnar.

Málið tafðist þegar ríkissaksóknari, sem bar að veita endurupptökunefnd umsögn um kröfuna, lýsti sig vanhæfan vegna tengsla við einn af rannsakendum málsins. Davíð Þór Björgvinsson var svo settur ríkissaksóknari í málinu í október 2014 og skilaði umsögn í júní 2015.

Í júní 2016 dró svo til tíðinda þegar greint var frá því að tveir menn hefðu verið handteknir í tengslum við morðið á Guðmundi Einarssyni. Endurupptökunefnd þótti tilefni til að mennirnir yrðu yfirheyrðir vegna nýs vitnisburðar í málinu. Var gerð húsleit hjá sambýliskonu annars mannsins í tengslum við handtökurnar. Handtökurnar voru byggðar á nýjum vitnisburði sem embætti sérstaks saksóknara hafði undir höndum.

Margra ára meðferð málsins í réttarkerfinu

Hvarf Guðmundar Einarssonar var tilkynnt þann 29. janúar 1974 til lögreglunnar en síðast sást til hans í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 eftir dansleik í Alþýðhúsinu í Hafnarfirði. Í skýrslu starfshóps innanríkisráðuneytisins kemur fram að leit stóð til 3. febrúar 1974 en skilaði engum árangri.

Gögn lögreglunnar í Keflavík benda til þess að það hafi verið eiginkona Geirfinns sem sá hann síðast um klukkan hálfellefu þriðjudaginn 19. nóvember 1974, áður en hann fór að heiman. Talið er að tæpum tveimur sólarhringum síðar hafi vinnuveitandi hans tilkynnt hvarf hans til lögreglu. Leit hófst að Geirfinni en um leið hófst viðamikil sakamálarannsókn að því er virðist vegna upplýsinga lögreglu um dularfullt stefnumót sem Geirfinnur átti að eiga í Hafnarbúðinni.

Hvorki hafa jarðneskar leifar Guðmundar né Geirfinns fundist. Dregið var úr rannsókn lögreglunnar í Keflavík sumarið 1975. Starfshópurinn segir að í gögnum lögreglunnar í Keflavík sé ekkert sem gefi beinlínis til kynna að Geirfinnur Einarsson hafi tengst nokkru saknámu né að hvarf hans hafi borið að með saknæmum hætti.

Í desember 1975 hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík á ný rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Samkvæmt málsgögnum hafði lögreglunni borist til eyrna að Sævar Ciesielski væri viðriðinn hvarf Guðmundar. Þá voru Erla Bolladóttir og Sævar í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að svokölluðu póstsvikamáli. Í framhaldi af framburðum sem Erla og Sævar gáfu voru Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson og Albert Klahn Skaftason úrskurðaðir í gæsluvarðhald dagana fyrir júl 1975.

Í lok árs 1977 var Albert sakfelldur fyrir að tálma rannsókn á morðinu á Guðmundi, Erla var fundin sek um rangar sakgíftir sem leiddi til handtöku fjögurra saklausra einstaklinga og að tálma rannsókn lögreglu. Guðjón var fundinn sekur um að hafa orðið Geirfinni að bana ásamt þeim Kristjáni Viðari og Sævari, Tryggvi Rúnar var dæmdur fyrir að hafa svipt Guðmund lífi ásamt þeim Kristjáni Viðari og Sævari. Þeir Kristján Viðar og Sævar voru sakfelldir fyrir að hafa banað bæði Guðmundi og Geirfinni.

Endurhæfingarlífeyrir

Eftir 1. mars 2017 er eingöngu hægt að sækja um endurhæfingarlífeyri rafrænt í gegnum Mínar síður á tr.is.

Viðskiptavinir geta fengið aðstoð við að sækja um í þjónustumiðstöð TR við Laugaveg og hjá umboðum um land allt. Nánari upplýsingar á tr.is.

TR



Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

Framúrskarandi árangur á íslenskum markaði

Fjórir sjóða GAMMA skiluðu hæstu ávöxtun í sínum flokki á síðasta ári, borið saman við sambærilega sjóði.*


Fjárfestingarsjóður

GAMMA: TOTAL RETURN FUND er blandaður sjóður með virkri stýringu til millilangs eða langs tíma.

Ávöxtun ársins 2016:

14,7%

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

GAMMA: EQUITY FUND fjárfestir í skráðum hlutabréfum og að hluta til í óskráðum hlutabréfum á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

9,3%

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

GAMMA: CREDIT FUND fjárfestir að meginhluta í skuldabréfum án ríkisábyrgðar og nýtir tækifæri á skuldabréfa- og vaxtamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

7,1%

Árleg nafnávöxtun:




Verðbréfasjóður

GAMMA: ICELAND GOVERNMENT BOND FUND fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum með virkri stýringu.

Ávöxtun ársins 2016:

5,9%

Árleg nafnávöxtun:



*Gögn til viðmiðunar eru tekin af vefsíðunni Keldan.is. Í samanburði ríkisskuldabréfasjóða er miðað við sjóði með virka stýringu sem mega bæði fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum.

Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingar- og verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.

NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA og Verðbréfasjóðs GAMMA. Ofangreindir fjárfestingarsjóðir eru deildir í Fjárfestingarsjóði GAMMA og ofangreindur verðbréfasjóður er deild í Verðbréfasjóði GAMMA, skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Ávöxtunartölur sjóða GAMMA eru fengnar frá GAMMA Capital Management hf. Kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Credit Fund fylgir einhver hættu á verðsveiflum, kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Iceland Government Bond Fund fylgir nokkur hættu á verðsveiflum og kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Equity fylgir veruleg hættu á verðsveiflum, en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON

Þjónusta á forsendum þolenda ofbeldis

Ný miðstöð, Bjarkahlíð, veitir öllum fullorðnum þolendum ofbeldis þjónustu á einum stað. Þolendur ofbeldis hafa hingað til þurft að leita eftir hjálp á mörgum stöðum og segja sögu sína oft mismunandi aðilum. „Við viljum koma í veg fyrir þetta,“ segir félagsráðgjafi.

Ný miðstöð fyrir þolendur ofbeldis verður opnuð þann 2. mars næstkomandi, Bjarkahlíð. Húsið stendur í skógarlundu við Bústaðaveg og þar verður boðið upp á ráðgjöf og upplýsingar fyrir allt fólk sem hefur verið beitt ofbeldi og unnið með þolendum á þeirra forsendum. Fyrirmyndin að Bjarkahlíð er sótt til Bandaríkjanna, í miðstöðvarnar Family Justice Center sem þar eru reknar, og er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Dreklaslóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar.

„Þetta er spennandi samstarf sem ég trúir að muni skipta þolendum ofbeldis miklu máli. Þessi þjónusta hefur ekki verið áður í boði en hér verður veitt samhæfð þjónusta fyrir brotaþola ofbeldis,“ segir Ragna Björg Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri Bjarkahlíðar.

Rögnu til halds og trausts verður Hafðís Inga Hinriksdóttir, sérfræðingur og félagsráðgjafi. Hafðís segir reynslu margra þolenda vera að þeir þurfi að leita á marga staði eftir hjálp og segja sögu sína oft mismunandi aðilum. „Því fylgir of mikið álag að fara á milli ólíkra stofnana og kerfa og við viljum koma í veg fyrir þetta. Fólk hefur verið að standa í þessu á erfiðustu stundum lífs síns,“ segir Hafðís sem segir álagið auka hættu á uppgjöf. „Við viljum auðvelda þolendum að leita sér aðstoðar og jafnvel leiða fólk hingað til þess að aðstoða það,“ segir hún.

Ragna segir að í Bjarkahlíð verði tenging við aðra þjónustu, heilsugæslu og félagsþjónustu. „Hér fara fram einstaklingsviðtöl. Við metum öryggi viðkomandi og þörf á þjónustu. Hér verður einnig sinnt lagalegri ráðgjöf og félagslegri og veitt aðstoð til að sækja ýmis úrræði,“ segir hún frá. „Við erum komin í gott samstarf við heilsugæslu og neyðarmóttöku. Við fáum einnig aðstoð lögreglu við að leggja fram kærur í



Hafðís Inga Hinriksdóttir og Ragna Björg Guðbrandsdóttir taka á móti þolendum ofbeldis í Bjarkahlíð sem verður opnuð 2.mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Við viljum auðvelda þolendum að leita sér aðstoðar og jafnvel leiða fólk hingað til þess að aðstoða það.

Hafðís Inga Hinriksdóttir

ofbeldismálum og að veita upplýsingar um réttarvörsluferfið. Markmiðið er að þolendur geti gefið lögreglunni skýrslu í Bjarkahlíð þegar fram líða stundir,“ segir Ragna.

„Það eru stór skref að þurfa að stíga inn á lögreglustöð. Við sjáum fyrir

okkur að skrefin hingað inn verði léttari,“ útskýrir Hafðís.

Ein helsta nýlunda miðstöðvarinnar er sú að hún tekur á móti þolendum af öllum kynjum sem sætt hafa heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, ofbeldi gegn öldruðum, fötl-uðum eða eru fórnarlamb mansals. Ragna segir viðkvæmari hópa samfélagsins fá sérstaka athygli. „Á sama tíma er mikilvægt að það komi fram að allir sem hafa orðið fyrir ofbeldi geta leitað til okkar,“ segir Ragna og bendir á að Bjarkahlíð muni líka stuðla að fræðslu til samfélagsins. „Við viljum einfaldlega vinna hlutina á forsendum þeirra sem hingað leita og viljum að fólk finni til trausts,“ segir Ragna.

Sérstök þjónusta verður við börn í Bjarkahlíð. „Sálfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur verða með viðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi en það getur haft jafn alvarlegar afleiðingar fyrir börn eins og ef þau yrðu sjálf fyrir ofbeldi,“ segir Ragna og ítrekar að það sé andlegt ofbeldi gegn barni að það verði vitni að því.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

Birtingarmyndir ofbeldis

- Likamlegt ofbeldi: Kýla, slá, sparka, hrinda.
- Andlegt ofbeldi: Skamma, ógna, niðurlægja, stjórna.
- Kynferðislegt ofbeldi: nauðgun, sífjaspell, kynferðisleg áreitni, stafrænt kynferðislegt ofbeldi, klám, mansal.
- Fjárhagslegt ofbeldi: Fjármunum haldið frá fólki/notaðir í ósamræmi við vilja einstaklings.
- Efnislegt ofbeldi: Eignaréttur ekki virtur, hlutir eyðilagðir.
- Vanræksla: Aðstoð haldið frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.s.frv.
- Elta eða hóta: Að elta mann-eskju og sitja fyrir henni gegn vilja hennar – eltihrællir. Hótanir um að birta á netinu nektarmyndir – hrelliklám.
- Ofbeldi sem felur í sér mismunun: Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.



Margháttað aðstoð verður sótt handa þolendum sem leita til Bjarkahlíðar.



Sérstök þjónusta verður við börn í Bjarkahlíð og sálfræðingar taka viðtöl.



Heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis 2005-2017

– Almennur fundur um aðalskipulagstillögu –

Almennur fundur um heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis verður haldinn í Grunnskólanum í Hveragerði þriðjudaginn 28. febrúar nk. kl. 20:00. Fundurinn er liður í kynningu og samráði við skipulagsgerðina gagnvart íbúum í Hveragerði og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á fundinum verður kynnt tillaga að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og gerð grein fyrir forsendum hennar og umhverfismati. Tillagan felur í sér stefnu bæjarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál allt til ársins 2029.

Við skipulagsvinnuna var lögð áhersla á:

- þéttingu byggðar svo nýta megi betur núverandi innviði bæjarins s.s. gatna- göngustíga- og veitukerfi.
- lágreista byggð og fjölbreytni í gerð íbúða
- ný svæði fyrir fjölbreytta athafnastarfssemi.
- umferðarskipulag og umferðaröryggi

Á fundinum verða m.a. kynntir:

- tveir valkostir á legu Suðurlandsvegur á mótis við þéttbýlið í Hveragerði
- tillaga um hvar heimilt verði að reka leyfisskilda gististaði að undangenginni grenndarkynningu
- tillaga um verndun yfirbragðs elsta byggðarkjarna bæjarins
- tillaga um verndun verðmætra trjáa

Nánari upplýsingar um aðalskipulagstillöguna er að finna á heimasíðu bæjarins www.hveragerdi.is

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hveragerði



NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country. Mikil veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er draumaprennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra. Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
HEIMREIÐARLJÓS
7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU
DVD SPILARI
VERÐ FRÁ 5.290.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO V60 CROSS COUNTRY



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináherla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Bíldshöfða 6
110 Reykjavík

515 7000
volvocars.is

Um aðgengi



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Það er best að segja það strax að ég styð það að einkaleyfi ríkisins til sölu á áfengi verði afnumið. Ef frumvarpið fjallaði bara um það þá myndi ég líka ljá því stuðning minn. En frumvarpið fjallar ekki bara um það. Það felur í sér stóraukið aðgengi að áfengi og þar stendur hnífurinn í kúnni.“

Þarna kemst Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að kjarna málsins um áfengisfrumvarpið. Andstaða við frumvarpið er rökrétt af þeirri ástæðu að það feli í sér að okkur verði gert of auðvelt að nálgast áfengi. En Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur ekki reynt að torvelða fólki aðgang að guðaveigum, með sína 50 sölustaði, netverslun og auglýsingar undir fölsku flaggi.

Þvert á móti tryggir ÁTVR landsmönnum prýðilegt framboð á söluvarningi sínum, og raunar enn betra en í mörgum löndum sem þó hafa gefið áfengisverslun frjálsa. Sölustaðir ÁTVR eru umtalsvert fleiri en Bónusverslanir í landinu og opnunartíminn er sambærilegur. eru þar með ekki rökin um einkaleyfi ríkisins til sölu á áfengi einfaldlega fallin um sjálf sig?

Andstaðingar frumvarpsins hafa heldur ekki haldið því sérstaklega á lofti að hér hefur fjöldi veitingastaða með vinveitingaleyfi margfaldast á skömmum tíma. Enginn hefur þó stungið upp á því að ríkið taki að sér rekstur öldurhúsa eða opni hverfisbari.

Þeir þingmenn sem efast um frumvarpið ættu því með réttu, eins og Páll Magnússon, að horfa til þess sem snýst um framboð og aðgang almennings að áfengum drykkjum. Tilvist og framtíð ÁTVR er í því samhengi aukaatriði. Almennt er einhugur um að verslunarrekstur sé einkaframtak. Ella væri eðlilegt næsta skref að stofna fataverslun ríkisins, matvöruverslun ríkisins og þar fram eftir götunum.

Áfengi er skaðvaldur. Um það er ekki deilt. Bestu forvarnirnar eru upplýsingar og fræðsla, bæði innan heimilis og utan. Þar eru foreldrar og fyrirmyndir í lykili hlutverki, en hlutverk ÁTVR er smátt. Sama gildir um auglýsingabann sem ekki heldur meðan hér gilda aðrar reglur en í nálægum löndum. Bannið gerir ekkert annað en að neyða auglýsendur til að beina viðskiptum sínum til útlanda, einkum til alþjóðlegra netrisa sem fitna eins og púkinn á fjósbitanum meðan íslenskir miðlar þurfa að horfa í hverja einustu krónu.

Tóbak er annar skaðvaldur, sem ríkið selur í heilsölu með einkaleyfi. Miklir sigrar hafa unnist í tóbaksvörnum. Þar ráða fræðsla og upplýsingar mestu. En sigrarnir byggjast líka á því að tóbaki er ekki lengur haldið að fólki líkt og áður. Þó er það á boðstólum í matvöruverslunum og söluturnum, sem þurfa að lúta ströngum skilyrðum. Þar hafa farið saman frelsi og ábyrgð. Af hverju skyldi annað eiga við um áfengið?

Ummæli Steingrims J. Sigfússonar í umræðum um að afnema bjórbannið svokallaða hafa oft verið ríffuð upp. Hann spáði því að á landinu myndu rísa tugir ef ekki hundruð ölstofa sem myndu leiða af sér upplausn. Dæmi nú hver fyrir sig um spádómsgáfu þingmannsins.



Ella væri eðlilegt næsta skref að stofna fataverslun ríkisins, matvöruverslun ríkisins og þar fram eftir götunum.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Ástarjätning í alheiminum



Valentínusardagur árið 1990. Staður: Höfuðstöðvar NASA. Voyager 1, geimfar NASA, nálgast jadar sólkerfis okkar. Það hefur lokið hlutverki sínu sem var að rannsaka Júpiter og Satúrnus. Nú á að slökkva á myndavélunum til að spara orku svo að farið megi sigla sem lengst út úr sólkerfinu. En það heyrast mótbárur. Carl Sagan, einn vísindamanna á baki leiðangrinum, hefur árum saman grátbeðið yfirmenn sína um að beina myndavélunum að jörðinni og smella af. Þeir láta loks undan. Niðurstaðan er ein frægasta ljósmynd sem tekin hefur verið af Jörðinni en á henni birtist heimili okkar sem agnarsmár, fölblár depill umkringdur svartnætti himingimsins.

Breytt heimsmynd

Á ný hafa fjarlægir deplar fangað hug okkar, að þessu sinni svartir skuggar á rauðri dvergstjörnu. Margir biðu spenntr eftir blaðamannafundi sem NASA boðaði til í vikunni. Var þar tilkynnt að fundist hefði sólkerfi með sjö reikistjörnum á stærð við Jörðina. Fljótandi vatn – skilyrði fyrir lífi – kann að vera á þremur þeirra.

Á sama tíma og NASA tilkynnti með viðhöfn um hugsanlegt líf á öðrum hnöttum var stigið annað, öllu hljóðlátara, skref í átt að breyttri heimsmynd. Í vikunni sem leið var nýrri bók dreift í grunnskóla í Bretlandi. Það væri ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir tvennt: 1) Lesefnið hafði þurft samþykki hæstaréttar landsins. 2) Það var fjármagnað gegnum hópþjármögnunar-vefsíðu. Árið 2015 komst hæstiréttur í Bretlandi að þeirri niðurstöðu að þarlandum skólum bæri að breyta trúarbragðakennslu sinni. Samhliða því að fræða börn um mismunandi trúarbrögð væri þeim skylt að fjalla um lífsskóðanir sem byggðu á trúleysi. Í kjölfarið hóf Húmanistafélag Bretlands söfnun fyrir riti handa börnum þar sem fjallað er um veraldlegar lífsskóðanir. Skólabörnum er nú kynntur afraksturinn.

Á dánarbeiði

Hver erum við? Hvað erum við? Hver er tilgangurinn með þessu öllu saman?

Enn, við upphaf 21. aldar, einoka trúarbrögð stóru

spurningarnar er varða tilvist mannsins. Svo föst erum við í þeim þankagangi að ekkert annað en blákalt tilgangsleysi sé að finna í efnisheiminum að hæstaréttardóm og hópþjármögnun þarf til svo að kynna megi börnum andstæður þess yfirnáttúrulega.

Fyrirnefndur Carl Sagan, sem á Valentínusardaginn fyrir tuttugu og sjö árum tryggði okkur einstaka sýn á okkur sjálf með myndatöku úr Voyager 1 geimfarinu, var kunnur víða um heim fyrir að miðla uppgötvunum og aðferðum vísindanna á skiljanlegan hátt. Carl var jafnframt trúleysingi og bardist alla tíð gegn hindurvitnum hvers konar. Carl lést árið 1996, aðeins 62 ára að aldri, eftir erfiða baráttu við sjaldgæfan beinmergsjúkdóm. Að honum látnum var ekkja hans, rithöfundurinn Ann Druyan, ítrekað spurð að því hvort Carl hefði bugast á dánarbeiðinu og tekið trú í von um líf eftir dauðann. Ann svaraði með svo magnþrunginni en jarðbundinni ástarjätningu að frekari rök ætti ekki að þurfa fyrir ágæti – og réttmæti – veraldlegra lífsskóðana:

„Carl mætti endalokum sínum af öbilandi hugrekki og leitaði aldrei huggunar í tálvönun. Það var sorglegt en við vissum að við sæjumst aldrei aftur. Ég veit að við munum aldrei verða saman aftur. En hið góða er að vegna þeirrar vissu gættum við þess öll þau tuttugu ár sem við áttum saman að vera meðvítuð um hversu stutt og dýrmætt lífið er. Við gerðum aldrei lítið úr dauðanum með því að láta eins og hann væri eitthvað annað en endalokin.“

Hvert einasta andartak lífs okkar – hver einasta stund sem við áttum saman – var kraftaverk. Ekki í þeim skilningi að um væri að ræða eitthvað óútskýranlegt eða yfirnáttúrulegt. Heldur vissum við að við nutum góðs af tilviljunum; að tilviljanirnar höfðu verið okkur örlátar, hliðhollar; að okkur tókst að finna hvort annað þrátt fyrir víðáttu alheimsins og bysn tímans... Það er það sem heldur mér gangandi, í því finn ég tilgang.“

Er ekki ástæða til að íslensk skólabörn, eins og þau bresku, eignist bók þar sem fjallað er um tilganginn í hinu efnislega, fegurðina í því rökrétta og mikilfengleika agnarsmá fölblás depils? Er alheimurinn ekki nóg? Þurfum við nokkuð meira?

★★★★★
„Fallegur samruni óperu og leikrits“
(JS/Fréttablaðið)

HRÍFANDI UPPLIFUN
mannsröddin
ÓPERA / LEIKRIT EFTIR POULENC & COCTEAU

SÍÐUSTU SÝNINGAR
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA

#islenkaoperan · Miðasala: opera.is

ÍSLENSKA ÓPERAN

Miklu meira en bara ódýrt

Frábært úrval af VIAIR loftdælum

8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

2T Tjakkur í tösku frá **3.795**

2T Búkkar **2.995**

Háprýstidæla 1400W 135 Bör **9.995**

2T Vélagálgi **44.999**

Öflugar háprýstidælur 165Bör 1800W **29.999**

Jeppatjakkur 2.25T 52cm **17.995**

Avo fjölsvið-mælir **1.895**

Vélastandur 1000lb **9.899**

Viðgerðarkollur, hækkanlegur **7.995**

Strekkiþönd og teygjur við allra hæfi



Vinnuvetlingar PU Flex

295



Ruslapokar 90L/120L/140L/190L 10/25/50stk Einnig glærir

frá **385**



Strákústar frá **695**



frá **9.999**

Laufsugur/-blásarar

Hjólþöndur 100 kg burðargeta

4.995



Álskóflur

frá **1.999**



495

Hitamælir mikið úrval

Sekkjatrillur í miklu úrvali



Fötur/Balar/Tunnur/Stampar, mikið úrval



Allt fyrir listamanninn

kolibri

Kolibri trönur í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði



Kolibri penslar Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði



Frábært úrval af strigum



REMBRANDT

AMSTERDAM

Amsterdam akrýllitir



Van Gogh vatnslitir



Van Gogh olíulitir

Van Gogh olíulitir



Perfectpro Lunchbox vinnuútvörp, ryk og vatnsvarinn, margar gerðir



frá **295**

Mikið úrval af vasaljósnum



5.985

Led kastari með litastýringu

Scantool Hverfisteinarnir komnir aftur



frá **595**

Mikið úrval af höfuðljósum



7.995

Halogenkastar á fæti 2x500W



frá **995**

Halogenkastar

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

JAGUAR ER KOMINN TIL ÍSLANDS



Frumskýning í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu í dag frá klukkan 13 til 17

Jaguar, einn virtasti og metnaðarfullsti bílaframleiðandi í heimi, frumsýnir nýjan JAGUAR F-PACE sportjeppa, JAGUAR XE og XF með fjórhjóladrifi og JAGUAR F-TYPE sportbílinn sem verður sýndur í fyrsta sinn í Evrópu við þetta tilefni. Síðast en ekki síst verður á sýningunni goðsögnin JAGUAR E-TYPE árgæð 1969 sem af mörgum er talinn einn fallegasti bíll allra tíma. Verið velkomin.

THE ART OF PERFORMANCE

www.jaguarisland.is



ENNEMM / SIA / NM80387

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT****Nýjast****Domino's-deild karla****Njarðvík - KR 80-81**

Stigahæstir: Logi Gunnarsson 20, Myron Dempsey 18, Björn Kristjánsson 17 - Philip Alawoya 28, Jón Arnór Stefánsson 15, Pavel Ermolinskij 14/11 fráköst/11 stoðs.

Coca Cola-bikar karla**Undanúrslitaviðureignir****Valur - FH 20-19**

Markahæstir: Anton Rúnarsson 5/4, Sveinn Aron Sveinsson 4, Orri Freyr Gíslason 3 - Óðinn Þór Ríkhartsson 6, Ágúst Birgisson 5, Ásbjörn Friðriksson 3/2.

Haukar - Afturelding 28-29

Markahæstir: Adam Haukur Baumruk 8, Daniel Þór Ingason 5 - Elvar Ásgeirsson 7, Ernir Hrafn Arnarson 5, Gunnar Malmquist Þórssón 5/3, Mikk Pinnonen 5.

Um helgina**Laugardagur**

12.25 Leeds - Sheff Wed Sport
14.25 Bayern - Hamburg Sport 2
14.50 Chelsea - Swansea Sport
14.55 Aston Villa - Derby Sport 4
15.05 Vikingur R - FH Sport 3
17.20 Watford - West Ham Sport
18.00 Honda Classic Golfstöðin

Sunnudagur

13.20 Tottenham - Stoke Sport
15.10 Atletico - Barcelona Sport 2
16.00 Upphitun: Man. - S'ton Sport
16.25 Man. Utd - S'ton Sport
18.00 Honda Classic Golfstöðin
19.40 Villarreal - Real M. Sport
20.30 Lakers - Spurs Sport 2

Coca-Cola bikar kvenna**Úrslitaleikur**

L 13.30 Stjarnan - Fram Laugard.h.

Coco-Cola bikar karla**Úrslitaleikur**

L 16.00 Valur - Afturel. Laugard.h.

Tilbúnaar í slaginn á móti Þjóðverjunum í dag

Stelpurnar í Ragnarökum keppa á Seltjarnarnesinu Hjólaskautaat er ein nýjasta íþróttin í íslensku íþróttafloornni. Íslenska liðið Ragnarök fær góða heimsókn frá Þýskalandi um helgina þegar liðið mætir Karlsruhe RockArrollers. Leikurinn fer fram í Hertz höllinni á Seltjarnarnesi og hefst klukkan 17.00 í dag. Á Vísí er viðtal við Alex Steinþórsdóttur sem segir frá liðinu sínu, liðsfélögunum og íþróttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Red Bull Lesmo með vandaðri Fire Race linsu kr. 14.950,-



Red Bull Parabolica með hágæða Zeiss linsu kr. 43.900,-

Auka þokulinsa fylgir með.




Red Bull Boavista með hágæða Zeiss linsu kr. 28.800,-



Red Bull Rascasse með hágæða Zeiss linsu kr. 28.800,-

Skíðagleraugu

Gleraugnaverslunin Eyesland býður mikið úrval af skíðagleraugum á góðu verði – og þú færð frábæra þjónustu. Verið velkomin!



Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is

Kónginum hent á dyr

Leicester City rak á fimmtudag stjóra félagsins, Claudio Ranieri. Ákvörðun eiganda Leicester kom mörgum á óvart og gerði fleiri hreinlega bálreiða.

FÓTBOLTI Það lifir enginn á fornri frægð er oft sagt. Það fékk Ítalinn Claudio Ranieri að reyna í lok vikunnar er hann var rekinn frá Leicester City aðeins 298 dögum eftir að hann gerði liðið að Englandsmeysturum. Það þykir eitt mesta afrek í knattspyrnusögunni.

Það reiknuðu fáir með því að Öskubuskuævintýri Leicestermanna myndi halda áfram á þessari leiktíð en að sama skapi var ekki reiknað með því að liðið yrði í harðri fallbaráttu þegar vel er liðið á febrúar-mánuð. Leicester er í dag aðeins einu stigi frá fallsæti.

Magnaðir í Meistaradeildinni

Þrátt fyrir ómurlegt gengi liðsins í úrvalsdeildinni hefur liðinu gengið ótrúlega vel í Meistaradeildinni. Það er stórfurðulegt. Liðið flaug í gegnum riðlakeppnina, vann sinn riðil og hélt þess utan hreinu í fimm fyrstu leikjum sínum í riðlakeppninni. Liðið er komið í 16-liða úrslit og á finan möguleika á að fara áfram eftir að hafa tapað 2-1 á útivelli gegn Sevilla.

Í gær bárust þær fréttir að eldri leikmenn liðsins hefðu fundað með eiganda liðsins. Lýst yfir vantrausti á stjórnann sem var svo rekinn nokkrum klukkutímum síðar. Það þótti mörgum lélegt. Að liðið væri ekki til í að standa með stjórnannum sínum í gegnum ólgusjóinn. Þess í stað var skipstjórnannum kastað í hafid.



Claudio Ranieri er farinn í leit að nýju ævintýri. NORDICPHOTOS/GETTY

Gary Lineker, fyrrverandi leikmaður Leicester og stjórnandi Match of the day á BBC, var ævaríður út í sitt gamla félag og lét menn þar á bæ heyra það.

„Þetta er mjög sorglegt. Þetta er óútskýranlegt og óafsakanlegt. Það finnst líka mörgum sem elska fótbolta. Ég felldi tár í gær fyrir Claudio, félagið og fótboltann,“ sagði Lineker dramatískur.

„Svona er nútímafótbolti. Það sem gerðist á síðustu leiktíð var einstakt. Skortur á þakklæti eigendanna er ótrúlegur en við munum aldrei gleyma síðasta tímabili.“

Mourinho sýndi stuðning

Jose Mourinho, stjóri Man. Utd, er nú ekki mjög virkur á samfélagsmiðlum en hann skellti sér á Instagram. Henti þar inn mynd af sér og Ranieri. Sagði þar að svona væri nútímafótbolti og Ranieri mætti ekki hætta að brosa. Það væri ekki hægt að þurrka út hans einstaka árangur. Mourinho þekkir stöðuna en hann var rekinn frá Chelsea á miðju tímabili eftir að hafa gert liðið að meisturum árið 2014.

Það sem vinnur aftur á móti ekki með Ranieri, og styður málstað eigenda Leicester, er sú staðreynd að titilvörn Leicester er sú lélegasta í sögunni. Á sama tíma í fyrra var liðið með 53 stig á toppnum en í dag er liðið með aðeins 21 stig. Liðið var þá búið að tapa þremur leikjum en tópin eru fjórtán í dag.

Staða liðsins er viðkvæm og hættuleg. Eðlilega vill ekkert félag falla en þrátt fyrir fallhlífagreiðslur er tekjutapið mikið í næstu deild fyrir neðan. Það er þess utan ekkert grín að komast aftur upp.

Í nútímafótbolta er ekkert pláss fyrir tilfinningar og árangur síðasta tímabils gefur ekkert nokkrum mánuðum síðar. Ekki einu sinni þó svo þú sért stjórnandi mestu Öskubuskuögu knattspyrnusögunnar. Hollusta við þjálfarann virðist einnig vera á undanhaldi ef mið er tekið af þessari atburðarrás.

henry@frettabladid.is



RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT GRAND SCENIC

GLÆSILEGUR 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL



ENNEWM / SIA / RW7976.6

RENAULT GRAND SCENIC

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR, ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 4,0 L/100 KM*

Staðalbúnaður m.a.: Fjarlægðarvari að aftan og framan, 20" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition), R-Link kerfi, 7" snertiskjár, leiðsögukerfi með Íslandskorti, útvarp 4x20W með 8 hátölurum, Audio-streaming Bluetooth kerfi, USB og AUX tengi.

VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Aldís Davíðsdóttir og lðunn Eldey Stefánsdóttir með heimagerðar grímur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sköpunarkrafturinn virkjaður

Aldís Davíðsdóttir, leik- og grímugerðarkona, kennir börnum á öllum aldri að gera sína eigin öskudagsgrímu á morgun á Kex Hosteli. Viðburðurinn er haldinn í þriðja sinn. Hún segir börn koma með bestu hugmyndirnar sjálf.

Foreldrar víða um land nota líklegast helgina til að undirbúa viðburði í upphafi næstu viku, bolludag, sprengidag og öskudag. Aldís Davíðsdóttir, leik- og grímugerðarkona, hefur síðustu tvö ár haldið vinsælan viðburð í tengslum við heimilislega sunnudaga sem eru fjölskylduviðburðir á Kex Hosteli á Hverfisgötu í Reykjavík. Aldís kennir börnum að búa til grímur fyrir öskudag og notar hráefni sem til fellur á heimilinu. „Ég nota aðallega morgunverðarpakka og bið fólk um að koma með slíka með sér. Svo vilja krakkar stundum

tína eitthvað sjálfir til og koma með klósettpappírurullur og eggjabakka og annað. Ég bið fólk líka að taka með sér lím og skæri,“ segir Aldís og segir krakkana oft ansi hugvitsama þegar þeir finna út hvað er hægt að nýta til endurvinnslu á heimilinu.

„Ég kem svo með svona ýmislegt skemmtilegt til skrauts, ég var með litlar blöðrur síðast og hef líka verið með fjaðrir, litla dúska og pípuhreinsa. Krakkarnir eru svo með langbestu hugmyndirnar sjálfir, það kemur mér alltaf mjög á óvart hvað þau eru skapandi.“

Aldís segir foreldra oft hafa lítinn tíma til undirbúnings og því sé sú



YNGRI DÓTTIR MÍN VILL VERA BRODDGÖLTUR Í ÁR OG ÉG NEYÐIST ÞVÍ TIL AÐ FARA AÐ FÖNDRA. SÚ ELDRI VAR MEÐ MIKLAR FANTASÍUR Á SÍÐASTA ÁRI.

Gott til grímugerðar

- Pappi, til dæmis úr morgunverðarpakka
- Lím
- Skæri
- Málning og tússlitir
- Skraut á borð við fjaðrir, blöðrur, glimmer
- Teygja eða borði til að festa grímuna
- Klósettpappírurullur og eggjabakkar og annað sem má endurnýta.

þróun að kaupa búningana tilbúna eðlileg. „Það er bara stundum ekki tími til þess að gera búninga fyrir börnin. Yngri dóttir mín vill vera broddgöltur í ár og ég neyðist því til að fara að föndra. Sú eldri var með miklar fantasíur á síðasta ári og vildi vera álfur inni í blöðru. Við foreldrarnir erum báðir leikarar og öskudagur í fyrra kom upp á háannatíma. Við keyptum búning í fyrra,“ segir hún glettin.

„Þessi viðburður er hugsaður til að gera skemmtilegt og gott úr undirbúningnum. Virkja sköpunarkraftinn,“ segir Aldís.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Bjarga á bolludegi

Við kynntum bollurnar í fyrradag og fengum strax alveg ótrúlega mikil viðbrögð, segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, kynningarstjóri UNICEF, sem býður fólk að kaupa bollugjafabréf til styrktar börnum í stað hefðbundinna rjórnabolla.



Námshagnabolla
Námshagnabollan tryggir sjö börnum námshagn. Verð: 456 krónur.

„Flestir velja að fá gjafabréfin afhent með tölvupósti og við sáum að fullt af fólk gaf vinum sínum bollurnar síðan á samfélagsmiðlum. Hressst og skemmtilegt,“ segir Sigríður.



Bóluefnabollan
Hver keypt bóluefnabolla gerir UNICEF kleift að útvega 20 skammta af bóluefni gegn mænsótt. Verð: 483 krónur.



Vatnshreinsibolla
Vatnshreinsibollan er sú vinsælasta sem UNICEF býður upp á. Fyrir hverja keypta vatnshreinsibollu útvegar UNICEF 500 vatnshreinsitöflur og þannig fást 2.500 lítrar af hreinu vatni. Verð: 420 krónur.

28 ár síðan sala á bjór var leyfð

Bjórähugamenn eru farnir að sækja íslenskar bjór-hátíðir, en ein slík fer núna fram í Reykjavík um helgina á vegum Kex Hostels. Fjöldi gesta hefur aldrei verið meiri en nú. Hátíðin er haldin í tilefni af 28 ára afmælisdegi bjórsins en þann 1. mars árið 1989 var almenn sala á bjór leyfð eftir 74 ára sölubann. Fjöldi brugghúsa í ár er samtals 23, boðið upp á handverksbjór og bjórvænan mat. Tilgangur hátíðarinnar er meðal annars að stuðla að bættari drykkjuháttum Íslendinga.



Bjórmenning er í hávegum höfð í borginni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



*Allt er gott
sem endar vel*



0,5 L

Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með skál af ómótstæðilegum Mjúkís, þar sem dásamleg karamella á stórleik á móti einstöku kaffibragðinu. Nú fæst hann í nýjum hálf lítra umbúðum.

Mjúk lending eftir matinn

RÝMUM FYRIR NÝJUM LITUM

50%
AFSLÁTTUR



COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Vandað slitsterkt ljós- eða dökkgrátt áklæði og svart eða hvítt PU-leður.
Stærð: 305 x 215 x 84 cm. Aukahlutir á mynd: Hnakkapúðar

199.995 kr.
~~399.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

ELLY

Hægindastóll. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði.

43.990 kr. ~~54.990 kr.~~

FRIDAY

Hornsófi 2H2
Dökkgrár eða brúnn.
Stærð:
260 x 260 H 90 cm.

25%
AFSLÁTTUR

224.990 kr. ~~299.990 kr.~~



LARAMIE

Vinsælu sófarnir frá Broyhill. Ævintýrlega þægilegir með það að meginmarkmiði að láta þér líða vel. Klæddir slitsterku brúnu microfiber áklæði. Stærð 2ja sæta: 170 x 95 x 95 cm
Stærð 3ja sæta: 220 x 95 x 95 cm

2ja sæta

139.990 kr.

~~179.990 kr.~~

3ja sæta

149.990 kr.

~~189.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR

DEVON

Einfaldur og traustur svefnsófi, grár og blóma.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~



22%
AFSLÁTTUR

ELLY

Þriggja sæta. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

69.990 kr. ~~89.990 kr.~~



38%
AFSLÁTTUR

CLEVELAND

Tveggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 180 x 86 x 81 cm

49.990 kr. ~~79.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

L A Z B O Y® | *Live life Comfortably.*



PINNACLE

Brúnt, dökkbrúnt, hvítt, svart eða vínráutt leður á slitflötum.
Stærð: 84 x 90 x 100 cm

129.990 kr. ~~179.990 kr.~~

28%
AFSLÁTTUR



20%
AFSLÁTTUR

TUB

Hægindastóll. Rio Khaki áklæði.

39.990 kr. ~~49.990 kr.~~

MANDAL

Borðstofustóll. Rauður, hvítur, svartur og blár.



50%
AFSLÁTTUR

4.995 kr. ~~9.990 kr.~~



38%
AFSLÁTTUR

DIMA

Borðstofustóll. Hvítur eða svartur með svörtum eða víðalítum löppum.

7.990 kr. ~~12.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

NORA

Borðstofustóll. Svart PU leður.

23.990 kr. ~~39.990 kr.~~

HELGAR SPRENGJA

b
broste
COPENHAGEN



ALLAR BROSTE VÖRUR

30%
AFSLÁTTUR

26cm diskur **1.393 kr.** ~~1.990 kr.~~ 20cm diskur **1.043 kr.** ~~1.490 kr.~~ 17x6cm skál **1.183 kr.** ~~1.690 kr.~~

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Heiðrún Lind Marteinsdóttir hefur verið talsvert í kastljósi fjölmiðla undanfarna mánuði. Hún er nýráðin framkvæmdastjóri Samtaka félaga í sjávarútvegi – og fyrsta verkefnið var að ráða fram úr verkfalli sjómanna sem stóð í tíu vikur og leystist loks á dögnum. Heiðrún Lind var áður meðeigandi á lögmannstofunni LEX og er tiltölulega vön að ráðast í umdeild verkefni og nú hefur hún tekið að sér umdeildasta kunnann, hingað til – sjávarútveginn.

Friður er teygjanlegt hugtak

„Ég held að við munum alltaf rök-ræða fiskinn. Og það er gott og eðlilegt. En ég vona að við getum komið okkur út úr því mynstri að vilja reglulega rifast um sjávarútveg. En friður er kannski teygjanlegt hugtak. Ég held að við getum í öllu falli gert miklu betur í því að skapa þessa svokölluðu sátt og henni getum við náð með upplýstri umræðu,“ segir Heiðrún og bætir við að það hafi hingað til engin lognmolla verið í starfinu, sem hún tók mjög nýlega við af Kolbeini Árnasyni, enda sjómenn nýkomnir úr löngu og ströngu verkfalli.

SFS, Samtök félaga í sjávarútvegi, urðu til þegar Samtök fiskvinnslufyrirtækja og Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, sameinuðust. LÍÚ voru umdeild samtök. Þegar SFS varð til breyttist ímynd sjávarútvegs nokkuð, allavega sú sem við sáum í fjölmiðlum, því framkvæmdastjórinn, Kolbeinn Árnason, hafði öllu mýkri ásýnd en talsmenn sjávarútvegs fram að því.

Voru SFS stofnuð vegna þess að LÍÚ hafði á sér slæmt orð? „SFS verður til við sameiningu LÍÚ og Samtaka fiskvinnslustöðva þannig að eðlilega fengu sameinuð samtök nýtt nafn. Þetta voru ekki lengur bara útgerðir, heldur fiskvinnslur, fiskeldi og sölufyrirtæki – og samtökin urðu heildstæð samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Ég tel þetta hafa verið heillaspor og líklega má segja að stofnun SFS hafi skapað tækifæri til að byrja með autt blað og hugsa um það hvernig við getum gert betur þar sem okkur hefur mistekist. Forveri minn vann gott starf og mér finnst ég bara vera að taka við keflinu. Það verður engin grundvallarbreyting í stefnu SFS núna – það ætlar enginn í neina harðlínustefnu eða skotgrafarhernað. Ég lít í öllu falli ekki á sjálfa mig sem neina harðlínumanneskju.

Ég hef þó auðvitað heyrt þessa umræðu – að ég sé ekkert annað en Kristján Loftsson með sitt hár og að ég sé afsprengi lýtaadgerðar sjávarútvegsins. Ég tel það raunar hrós að einhverjir telji mér svipa til jafn mikils hugsjónamanns og Kristjáns. En ég vona að þeir sem hafa haft kynni af mér telji mig í öllu falli rökfasta og sanngjarna. Ég heyri í það minnsta ekki annað og í þessari stuttu vegferð sem ég hef farið í þessu starfi þá hef ég átt gott samstarf við sjómenn og stjórnmál. Við getum tekist á um einstök málefni, en í grunninn erum við samstarfsaðilar. Í þeim samskiptum verður að ríkja traust. Traustið er til alls fyrst.“

Sjávarútvegur líti sér nær

Heiðrún segist njóta sín vel í starfi. „Ég hef mjög gaman af rökraedum. Ég þrífst vel í því. Þá átti lögmennskan vel við mig og vonandi verður líka svo í þessu starfi. Það hafa margir skoðanir á sjávarútvegi og eiga að hafa það. Ég er tilbúin í að taka umræðuna. Mér finnst áhugavert hvernig við tökumst á um sjávarútveg en mig langar auðvitað að reyna að komast að einhverri niðurstöðu sem flestir geta fellt sig við.“

Heiðrúnu finnst greinin ekki alltaf hafa notið sannmælis. Hún segir kerfið í kringum sjávarútveg vissulega flókið, en ekki svo flókið að



„Þessi karllæga slagsiða í stjórnumarstöðum mun lagast,“ segir Heiðrún Lind, þess fullviss. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kölluð stelpuskjáta

„Ég er sumsé talin til skrauts og jafnvel kölluð stelpuskjáta,“ segir **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka félaga í sjávarútvegi, um umtal um ráðningu hennar í einstökum miðlum. Hún segir umræðuna litast af kvenfyrirlitningu og efast ekki í eina sekúndu um hversu hæf hún er.

fólk viti ekki í grundvallaratriðum um hvað málið snýst – fiskveiðistjórnumarkerfið og löggjöfina. „En ég hef líka sagt að sjávarútvegurinn getur lítið sér nær í því hvernig hann hefur tjáð sig.

Fiskveiðistjórnumarkerfið er gott, hið daglega líf í greininni gengur vel og menn vilja síst rugga þeim bát. Svo kemur að kosningum á fjögurra ára fresti og allt fer í háloft. Þá er það eðlilega tilhneiging þeirra sem

starfa í greininni að tjá sig í vörn. Þessu verður að breyta. Það er ábyrgð SFS og atvinnugreinarinnar allrar að miðla til almennings réttum upplýsingum um sjávarútveg og ekki bara þegar eru kosningar. Við þurfum að tala saman um það út á hvað kvótakerfið gengur og sjávarútvegur almenn, ekki í tölum og í tonnum, heldur á mannamáli. Ég held að þá fyrst geti fólk öðlast skilning á því hvað er verið að gera

og hverju þetta hefur skilað til samfélagsins.“

Ósanngjarnt kvótakerfi?

Þú ræðir um kvótakerfið. Er það ekki í grunninn mjög ósanngjarnt kerfi og þar afleiðandi mjög eðlilegt að menn hafi á því sterkar skoðanir? „Alltaf þegar maður kemur á kerfi þar sem ekki hefur verið kerfi mun það verða ósanngjarnt. Hverjir eiga að vera þátttakendur í upphafi? Hvernig á að ákvarða það? Til að mynda hverjir fá úthlutað aflaheimildum,“ útskýrir Heiðrún og bætir við:

„En þetta er að mörgu leyti orðið svo gamalt að það er ekki lengur hægt að tala um það séu einhverjir sem eru starfandi í geiranum í dag sem hafa fengið hluti gefins eða upp í hendurnar. Langstærstur hluti aflaheimilda hefur skipt um hendur. Þannig að þeir sem hafa keypt kvóta hafa fjármagnað það, ýmist með eigin fjármagni eða lán-töku, til að geta starfað í greininni. Það er ekki fólk sem upphaflega fékk eitthvað gefins. Það hefur líka orðið til þess að þeir sem vildu fara út úr greininni höfðu tækifæri til þess og aðrir hafa komið í staðinn – fólk sem er betur til þess fallið að reka fyrirtækin heldur en þeir sem vildu hætta.“

En af hverju er það svo að ég get til dæmis ekki bara farið núna, keypt mér togara og farið að veiða? „Það geta það allir, en þetta er fjárfrekur iðnaður. Skip sem hafa nýverið komið inn í flotann kosta á bilinu



ÉG HEF ÞÓ AUÐVITAÐ

HEYRT ÞESSA UMRÆÐU –

AÐ ÉG SÉ EKKERT ANNAÐ

EN KRISTJÁN LOFTSSON

MED SÍTT HÁR OG AÐ ÉG SÉ

AFSPRENGI LÝTAADGERÐAR

SJÁVARÚTVEGSINS.

fjóra til sex milljarða króna. Maður hristir þá fjármuni þó ekki fram úr erminni. Aflaheimildir ganga síðan kaupum og solum á markaði eins og hver önnur markaðsafurð, og að því leytnu til er frjáls markaður.“

Af hverju ekki að ganga alla leið, fara hreinlega í uppboð aflaheimilda þar sem allir sitja við sama borð? „Við erum þegar með gjaldtöku í formi veiðigjalda. Þeir sem nýta auðlindina eiga að borga fyrir hana. Veiðigjaldið er gott að mörgu leyti, en það eru agnár sem verður að sníða af, eins og til dæmis sú staðreynd að sjávarútvegurinn borgar veiðigjaldið tvö ár aftur í tímann. Árið 2015 var til dæmis eitt besta ár í sögu sjávarútvegs, en við erum að borga veiðigjald aftur í tímann – 2013 var aflaverðmætið ekki nærri jafn mikið. Þannig að mögulega eru lægri veiðigjöld í göðu árferði. Þá kemur alltaf upp þessi umræða; veiðigjöldin eru of lág – og svo getur þetta náttúrlega sveiflast á hinn veginn líka. Það er ekki taktur í forsendum veiðigjalda og afkomu í greininni. Þetta þarf að lagfæra.“

En útgerðarmenn selja fisk úr sjónum sem öll þjóðin á. Af hverju er sjávarútvegurinn ekki bara stoltur af því að borga hér hátt veiðigjald eða einhvers konar skatt – hvernig sem það er útfært? Af hverju þessi stöðugu átök? „Sjávarútvegurinn er stoltur af því að borga fyrir nýtingu auðlindar en við verðum alltaf að spyrja okkur: Hvar liggur þróskuldurinn? Við erum í alþjóðlegri samkeppni á mörkuðum og erum þar af leiðandi að keppa um verð. Ef ein þjóð krefst engra veiðigjalda, engrar gjaldtöku af auðlindinni, þá geta fyrirtækin þaðan selt afurðina á töluvert lægra verði en við. Við getum því orðið undir í samkeppninni. Það leiðir til þess að við seljum minna og þá skila lægri fjármunir sér til samfélagsins.

Við þurfum því alltaf að huga að þessu heildarsamhengi og reyna að finna þennan jafnvægispunkt í gjaldtöku.“

Mótfallin kynjakvótum

Sjávarútvegur hefur löngum haft á sér það orð að vera svokölluð karlastétt. Er Heiðrún að hefja kvennainnreið í sjávarútveg?

„Ég vona auðvitað að aðrar konur fylgi mínu fordæmi. Konum er að fjölga í sjávarútvegi og vonandi mun það aukast. Sjávarútvegur snerist hér áður fyrir nær eingöngu um veiðar og vinnslu og þar voru karlmenn í miklum meirihluta. Sjávarútvegur í dag er hins vegar svo miklu meira en bara veiðar og vinnsla. Hann hríslast um allt. Afleiddum greinum og störfum sem tengjast sjávarútvegi fer sífellt fjölgandi; nýsköpun, tækni, flutningur, sala, rannsóknir, heilsu- og lyfjaiðnaður. Konum fjölga sífellt í þessum störfum og það er að sjálfsögðu jákvætt.“

En af hverju setjum við þá ekki bara kynjakvóta, eins og við settum fiskveiðikvóta? „Ég er þeirrar skoðunar að þeir sem eiga hina fjárhagslegu hagsmuni, hluthafar fyrirtækjanna, séu best til þess fallnir að ákveða hverjir stýra fyrirtækjunum – karlar, konur, rauðhærðir, kristnir, lágvaxnir – það skiptir ekki máli. Eina sem skiptir máli er einstaklingurinn og færni hans. Við eigum þess vegna ekki að vera með neina kvóta.

Konur og karlar eru algerlega



elja

Starfsmannþjónusta

„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



**PROVEN
EXCLUSIVITY**
Certified Pre-Owned Mercedes-Benz

Kraftmiklir bílar fyrir krefjandi aðstæður.

Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz. 4MATIC fjórhjóladrifskerfið er kjörið fyrir krefjandi íslenskar aðstæður og kemur að góðum notum innanbæjar jafnt sem utan alfaraleiða. Komdu og kynntu þér viðurkenndan bíl frá Mercedes-Benz.



Verð 4.490.000,-

GLK 250 4MATIC

Árgerð 2012, ekinn 61 þús. km, dísil, 2.143 cc og 205 hestöfl.

Aukabúnaður: Dráttarbeisli, leðuráklæði, fjarlægðaskynjari o.fl.



Verð 12.900.000,-

GL 350 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 28 þús. km, dísil, 2.987 cc og 259 hestöfl.

Aukabúnaður: 20" álfelgur, sólpak, dráttarbeisli, bílastæðapakki o.fl.



Verð 8.190.000,-

ML 250 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 63 þús. km, dísil, 2.143 cc og 205 hestöfl.

Aukabúnaður: Leðuráklæði, sóllúga, leður, nálgunarvari o.fl.

Mercedes-Benz



Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10-18, laugardaga 12-16

Þú finnur „Askja notaðir bílar“
á Facebook

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það var uppgangur og myndlistin í hávegum hófð þegar ég tók við árið 2007. Enginn kvartaði og allir kátir. En þrátt fyrir það var í raun ekki verið að gera betur við safnið og það var ekkert í farvatninu,“ segir Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands frá árinu 2007, en hann lætur af störfum um næstu mánaðamót. „Það er synd að segja en ári áður en ég tók við þá kom út mikil skýrsla um geymslumál opinberra safna og þar var mikill barlómur. Ráðuneytið fékk alla til þess að taka sameiginlega á þessu máli en þrátt fyrir það þá gerðist ekkert. Menn bara skelltu skollaeyrum við þessu og litu á þetta sem eitthvert lúxusvandamál sem væri nú ekki ástæða til þess að sinna. En nú liggja þessi verðmæti þannig að þau eru einfaldlega í stórhættu og hafa verið lengi. Eitt fyrsta skipti sem ég kom í ráðuneytið, eftir að ég varð safnstjóri, þá nefndi ég þetta og þá var mér tjáð að við svo búið mætti ekki standa og menn ætluðu sér að bretta um ermarnar en það hefur reynst þrautin þyngri.“

Pólitískt skilningsleysi

Geymslumálum safnsins er þannig háttað að rýmisverkin eru í geymslu inni í Laugarnesi en málverkin að stærstum hluta í kjallara undir skrifstofuhúsnæðinu við Laufásveg. Þar eru vatnslagnarör í lofti og því þarf ekki meira út af að bera en eitt sprungið rör til þess að gríðarleg menningarverðmæti verði fyrir óbætanlegu tjóni. Halldór Björn segir að þrátt fyrir það hafi honum í kjölfar efnahagshrunsins einfaldlega verið sagt að bíða. „En það sem mér finnst vandræðalegast í þessu öllu er þegar maður spyr hvernig eigi að taka á vanda safnsins, hvort heldur sem er varðandi geymslumálin eða sýningarrýmið, þá eru engin svör. Það er engin sýn til staðar í ráðuneytinu. Því miður. Þetta held ég að hái stofnunum eins og Listasafninu og að þetta í raun eitri út frá sér á meðal almennra starfsmanna safnsins. Það er svo erfitt að hafa enga framtíðarsýn.“

Halldór Björn hefur á orði að viðhorfið gagnvart Listasafninu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sé í raun að safnið sé aðeins þjónustu- og varðveisluaðili en að stofnun á borð við listasafn geti ómögulega skilað einhverju til baka til samfélagsins. „Það er allt lagt upp úr því að einungis fræðsla og kynning skili sér til samfélagsins en að fjárhagslegur eða stórmennningarlegur ávinningur geti verið til staðar er ekki til í þessum kokkabókum stjórnmála og stjórnsýslu á Íslandi.“

Engin mörk, engin stefna

Þjóðarlistasöfn eru nánast án undantekninga þannig búin að hafa sýningarsali þar sem listarfur viðkomandi þjóðar er til sýnis en slíkt hefur ekki enn gengið eftir hjá Listasafni Íslands. Halldór segir að það sé hverri þjóð mikilvægt að hafa aðgengi að þessum menningarverðmætum en það hafi enn ekki heppnast að fá viðurkenningu á því. „Ég byrjaði að berjast fyrir þessu fljótlega eftir að ég settist í stólinn. Þá hitti ég gamlan hæk og ferðamennskunni, Hörð Erlingsson



Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, lætur af störfum um næstu mánaðamót eftir farsælan áratug í sögu safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öll ljós slökkt

Halldór Björn Runólfsson lætur senn af störfum sem safnstjóri Listasafns Íslands. Hann segir að enn örli á fordómum í garð myndlistar á Íslandi og að talsvert skorti á skilning og stuðning innan úr stjórnsýslunni.

nánar tiltekið, og hann sagði við mig að það vantaði meira af söfnum þar sem fólk dvelur. Fólk getur komið og kíkir ekki bara inn og rýkur svo út. Hann sagðist vera með marga gesti, einkum frá Þýskalandi, sem vilja einmitt þetta. Vilja dvelja og kynnst

menningu landsins í gegnum söfnin og ég sagðist berjast fyrir þessu ef ég mógulega gæti.

En svo kom það 2010 þegar farið var að víðra þessa hugmynd að taka Þjóðmenningarhúsið undir stóra sýningu á menningararfinum. Þetta tók tímana tvenna og sýningin Sjónarhorn sem var opnuð 2015 var útkoman. Hún er reyndar ekki bundin við listasöguna heldur snýst um sjónrænan arf þjóðarinnar. Það er þarna ákveðið vandamál sem má rekja aftur til þess að Þjóðminjasafnið tók að sér að varðveita allt sem er gamalt, gamlar altarisöflur, líkneski frá miðöldum og fleira en þegar kom að Listasafninu var því fengið meira hlutverk með niðurstöðu en þó mest tuttugustu öldinni. Það voru þó aldrei sett skýr mörk eða stefna sem sannast svo best á því að Þjóðminjasafnið er ekki með listfræðing á sinum snærum og prófilarar sig ekki sem listasafn. En ég verð að segja það að það var mikið afrek að koma sýningunni Sjónarhorni á lagginnar. Í fyrsta skipti tókst

að koma Þjóðminjasafninu, Þjóðskjalasafninu, Listasafninu, Árnastofnun, Náttúruminjasafninu og Þjóðarbókhöfundunni til þess að sameinast um að skapa þessa sjónrænu sýningu. Þetta er afrek út af fyrir sig.“

Is this all?

Aðspurður hvernig Halldór Björn upplifi þessi tíu ár sem hann hefur starfað sem safnstjóri Listasafns Íslands þá segir hann að það sé nú ekki endilega beiskur bikar. „Við erum búin að gera fullt af hlutum sem er gaman að hugsa til þegar litið er til baka. En það setur strík í reikninginn að húsið hér við Frikirkjuveg er í raun löngu sprungið. Það er ekki nema fjórir til fimm salir og stundum heyrir ég útlendu gestina spyrja: „Is this all?“ Það stingur og sviður undan slíku. Það er hörmulegt til þess að vita þegar safneignin er skoðuð að hún er að nálgast tólf þúsund muni en aðeins brot af þessu er hægt að sýna, annað liggur endalaust í geymslum.“

Ég hef verið að reyna að berjast. Ég fór þá leið að ég valdi safn á Norðurlöndunum sem fyrirmyndarsafn sem við ættum að setja okkur sem viðmið með það að markmiði að nálgast í gæðum. Það er ARoS í Árósum sem er frábært safn en það þjónustar einmitt svipaðan mann fjölda og okkur er ætlað að sinna. Við þjónum hins vegar margfalt fleiri ferðamönnum en það er ekki tekið tillit til þess – því miður. Nú er svo komið að meirihluti gesta eru erlendir ferðamenn og á sumrin er það mikill meirihluti.“

Halldór Björn segir að safnið hafi lengi notið þess hversu frábæru starfsliði það hefur á að skipa. „Það er reyndar allt of fámenn og til að mynda hefur fræðsludeildin eiginlega legið á einni manneskju í gegnum tíðina þó svo nú hafi bæst

aðeins í varðandi kynningar og slíkt. Þetta hefur gengið furðanlega vel en ég verð að játa að við náum ekki að sinna fræðsluhlutverki okkar með viðlíka hætti og gert er í nágrannalöndum okkar. Langt í frá. Ástandið er svo jafnvel enn verra þegar kemur að rannsóknnum sem hafa lengi setið á hakanum. Frá því fyrir minn dag hér þá höfum við verið að berjast fyrir rannsóknarstöðu en hún er ekki enn þá komin. Þetta er ekki gott.“

Öll ljós slökkt

Halldóri Birni er hugleikið það umhverfi sem menning og listir búa við innan stjórnsýslunnar. Hann segist telja að það sé sitthvað til í þeirri kenningu að samlíf mennta- og menningarmála í einu ráðuneyti standi menningu og listum fyrir þrifum. „Það er vandræðalegt að segja það en það eru sífellt fleiri sem hafa nefnt það við mig að okkur vantar bakland og ráðuneytið vantar í raun líka bakland. Það er eins og samfélagið bakki ekki ráðuneytið upp með sama hætti og t.d. bændur og sjávarútvegurinn er á bak við sitt ráðuneyti. Við eigum engan hæk og horni í stjórnsýslunni. Við Íslendingar erum soldið fyrir að göslast bara áfram í þessum efnun og mér finnst stundum eins

og það sé örlítill Trump í okkur þar sem við metum ekki menntun og færni að verðleikum. „I love the uneducated!“ sagði Trump og við eigum þetta soldið til,“ segir Halldór Björn og hlær við tilhugsunina.

„Það örlar enn á fordómum gagnvart menntun í listum og listfræðum. Sumir virðast enn halda að þetta snúist um finar frúr og sjá fyrir sér Gissur gullrass og frú Rassminu að reyna að draga hann á Wagner-sýningar en hann vill bara fara að spila við strákana í bakherberginu. Þessi ranghugmynd er föst í okkur sem er synd og

Leyfishafanámsskeið fólks- og farmflutninga

Með vísun til laga nr. 73/2001 gengst Samgöngustofa fyrir námskeiði fyrir fólks- og farmflutninga í Ökuskólanum í Mjódd 6. – 11. mars 2017

Þátttaka tilkynnist fyrir föstudaginn 3. mars til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300



lega vel útbúið hús enda er það byggt sem safn. Þarna er hægt að ganga upp á þak og njóta norðurljósanna betur en nokkurs staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Þá sé ég fyrir mér að hérna við Frikkjuveginn verði klassískari sýningar og safnkosturinn enda eigum við ótrúlega mikið af merkilegum verkum sem aldrei fá að njóta sín. Að auki þá tókst okkur að fá fjármálaráðuneytið, við erum því afar þakklát fyrir það, til þess að kaupa lóðina hérna fyrir ofan okkur með húsinu hans Þorsteins Bergmann. Húsið er að vísu ónýtur hjallur en lóðin gefur okkur tilefni til þess að hugsa til framtíðar og jafnvel tengja þetta hús við núverandi safn. Sama ár varð Lista-

safn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga, sú dýrmæta perla, hluti af Listasafni Íslands. Ef allt gengur upp ætti það að duga svona næstu þrjátíu til fimm tíu ár. Þetta er það sem ég hef lagt mesta áherslu á og að mati fólksins míns of mikla sem hefur stundum fundist ég vera eins og eitthvert verkfræðitröll – allur í húsunum. En plássleysið brennur svo á mér.“

Annað líf

Halldór Björn segir að eftir mikla baráttu á síðustu tíu árum fylgi því góð tilfinning að vera að hætta. „Ég er sáttur við mín tíu ár og finnst að ég hafi gert það sem ég gat en hitt liggur á milli hluta. Ég fer sáttur frá borði og er sérstaklega sáttur við sýningar

á borði við Untitled Stills eftir Cindy Sherman, List mót byggingarlist, Louise Bourgeois og svo auðvitað Vasulka-stofu, en þeirri Lilju hefðu fjölmörg söfn úti hinum stóra heimi viljað skreyta sig með, en þau hjónin völdu okkur.

Hér í Listasafni Íslands er með eindæmum gott fólk og valin manneskja í hverju rúmi. Sú sem tekur við af mér, Harpa Þórsdóttir, er brílljant manneskja sem hefur starfað hér og þekkir vandamál safnsins. Hún veit á hvaða vegg hún er að fara að ganga. Ég er búinn að nefna við hana að það skiptir miklu máli að byggja upp traust hollvinafélag fyrir Listasafnið. Það er brýnt verkefni að búa til bakland og ráðuneytið þyrfti líka

að koma sér upp baklandi auk meiri þekkingar.

En nú verður það ekki minn hausverkur því ég er kominn með annað líf og á eflaust eftir að fara út um víðan völl.“ segir Halldór Björn og hlær glaðlega við tilhugsunina. „Ég á eflaust eftir að hrella fólk í tíu ár til viðbótar að minnsta kosti en í farvatninu er einn fastur punktur. Eftir mánuð ætlum við hjónin að fara í stóra Suður-Ameríkuferð, fljúga á Lima og fara upp í Inkabyggðirnar og fljúga þaðan til Buenos Aires og svo á Iguazu-fossana á landamærum Brasilíu, Argentínu og Paragvæ og þetta verður þriggja vikna ferð og er mikið tilhlökkunarefni. Spurðu mig svo bara þegar ég kem heim hvað tekur við.“



Þess vegna er ég alltaf að segja mönnum að listamenn, ekki síst myndlistarmenn, séu alls ekki fólk sem fellur í þessa krítériu fordómanna. Þeir eru miklu nær handverkinu – fólk sem er inni á verkstæðum og vill sjá hlutina verða til. Þegar ég horfi á þessa flóru af listamönnum sé ég fólk sem vill nota hendurnar og skapa. Þetta vilja menn ekki skilja því ef það er ekki fiskur eða hrávara þá eru öll ljós slökkt óháð því hversu mikil verðmæti myndlistin skapar.

Hugsíð ykkur hversu mikið við Íslendingar erum búin að græða á nöfnum eins og Ólafi Eliassyni, sem Danir eru alveg til í að deila með okkur, Steínu og Woody Vasulka sem Bandaríkjamenn mundu gjarnan vilja eigna sér, eða Ragnari Kjartansyni sem við eigum einir. Eða Erró sem allir þekkjá í Frakklandi. En við erum ekki að vinna markvisst með þetta, nýta þetta og sjá þetta í samhengi. Það er synd.“

Í rétta átt

En nú þegar Halldór Björn er að hætta er ekki úr vegi að spyrja einfaldlega – hvað þarf safnið? „Við þurfum stærra geymslupláss sem er sem betur fer að koma. Við höfum fengið auknið varðveislurými í Laugarnesi en það er reyndar ekki tryggt vegna þess að enn er ekki vitað hversu miklu plássi Listaháskólinn þarf á að halda. En svo er það sýningapláss, það er mjög brýnt. Ég verð að játa, þó svo ég fái kannski bággt fyrir, að ég hef verið að berjast fyrir húsi hérna vestur af Reykjavík en það er Lækningaminjasafnið. Það er skelin ein í dag en ég vil að það komi til okkar sem samtímalistadeild yfir stór verk og rafræn verk. Ég er búinn að hamast í þessu frá 2015 og það hefur náðst að Sel-tjarnarnesbær, læknafélögin og við höfum skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis að þetta komi til okkar. Þá horfi ég til þess að bjóða læknum sérstaklega aðstöðu fyrir þing, ráðstefnur og kennslu. Þetta eru hátt í fjórtán hundruð fermetrar og rosa-



Veldu sigurvegara!

Siemens og Bosch í efstu sætunum!

Bakstursofninn HB 63A1520S frá Siemens fékk hæstu einkunn í nýjstu prófunum Testfakta í Svíþjóð (www.testfakta.se) á bakstursofnum með sjálfhreinsun („pyrolysis“).

Annað sætið vermir bakstursofninn HBG 673CS1S frá Bosch sem fékk toppeinkunn fyrir hitadreifingu og orkunotkun.

Þú þarft aldrei að þrifa þessa ofna. Pyrolysis-hreinsikerfið sér um það.

Líttu inn til okkar núna. Þú átt skilið að fá sigurvegara í eldhúsið þitt.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Kim Jong-nam, hálfbróðir Kim Jong-un. NORDICPHOTOS/GETTY

Bróðurmorð og innflutningsbann skekja Norður-Kóreu

Árið 2012 greindi ríkisfréttastofa Norður-Kóreu (KCNA) frá því að fylgsni einhyrningskonungsins Tongmyong frá því í fornöld hefði fundist. Mistúlkun á fréttinni varð til þess að fjölmiðlar víða um heim greindu frá því að KCNA héldi því fram að tekist hefði að sanna tilvist einhyrnings.

Þótt sú mistúlkun sé hlægileg er hún ekki ótrúleg. Oftar en einu sinni hafa stórfurðulegar fréttir borist frá Norður-Kóreu. Til að mynda var því haldið fram um Kim Jong-il heitinn, leiðtoga ríkisins, að hann hefði verið besti golfari heims, gæti stýrt veðrinu og að hann kúkaði ekki.

Norður-Kórea er lokað einræðisríki. Ekki er hægt að ferðast frjálst um landið og búa íbúar þess við afar skert tjáningar- og upplýsingafrelsi. Samkvæmt blaðamannasamtökunum Blaðamenn án landamæra njóta íbúarnir minnsts frelsis allra.

Þrátt fyrir að stjórnarskrá ríkisins kveði á um tjáningarfrelsi og fjölmiðlafrelsi kemur ríkisstjórnin í veg fyrir að það ákvæði sé virt nema umrætt frelsi sé nýtt í að lofa ríkisstjórnina og leiðtogann Kim Jong-un. Þeir sem brjóta gegn ríkinu eru sendir í vinnubúðir og fara foreldrar, afar og ömmur og börn viðkomandi með.

Hér verður ekki greint frá öllum þeim þáttum norðurkóresks samfélags sem kynni að vera lesendum Fréttablaðsins framandi, jafnvel ógnvænlegt. Frekar er kafað í nýlegar, þýðingarmiklar fréttir sem hafa borist frá hinu einangraða einræðisríki.

Bróðir leiðtogans myrtur

Prettánda þessa mánaðar var Kim Jong-nam myrtur á flugvelli í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu. Kim var hálfbróðir leiðtogans Jong-un. Til 2001 var búist við því að Jong-nam yrði leiðtogi ríkisins eftir fráfall Jong-il.

Jong-nam hafði hins vegar ekki áhuga á því og féll úr náðinni hjá föður sínum eftir að hann var handtekinn í Disneyland í Tókýó, höfuðborg Japans, fyrir að vera með falsað vegabréf.

Morðið á Jong-nam hefur vakið upp fjölmargar spurningar. 28 ára kona var handtekin eftir að hún

Furðufréttir berast enn frá Norður-Kóreu. Yfirvöld eru talin hafa látið myrða bróður leiðtoga ríkisins. Kínverjar sett innflutningsbann á kol frá ríkinu.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



náðist á myndband þar sem hún sprautaði vökva framan í Jong-nam. Konan sagðist hafa verið að taka þátt í hrekk þar sem sprauta ætti vatni framan í fólk fyrir sjónvarpsþátt. Vatninu hafi hins vegar verið skipt út fyrir eitur.

Yfirvöld í Malasíu hafa sagt norðurkóreska ríkið koma í veg fyrir að krufning fari fram á líki Jong-nam. Hún fór hins vegar fram tveimur dögum eftir andlát hans.

Norður-Kóreumenn hafa neitað því að bera ábyrgð á morðinu og ásaka að auki Malasa um að falsað sönnunargögn svo það líti út fyrir að morðið hafi verið á pólitískum tilgangi. Samtök norðurkóreskra lögfræðinga hafa haldið því fram að Malasar beri mesta ábyrgð á morðinu þar sem glæpurinn hafi verið framinn í Kúala Lúmpúr.

Samkvæmt frétt KCNA hafa yfirvöld í Suður-Kóreu einnig lagt á ráðin um að láta líta út fyrir að yfirvöld í Norður-Kóreu hafi fyrirskipað morðið.

Ljóst er að atvik sem þetta verður ekki til þess að bæta sambönd Norður-Kóreumanna við nágrannalönd sín.

Kínverjar fjarlægjast

Efnahagur Norður-Kóreu stendur ekki styrkum fótum. Verg landsframleiðsla á mann er um 196 þúsund krónur á ári. Samsvarandi tala á Íslandi er um 6,3 milljónir króna.

Það voru því afar slæm tíðindi sem bárust Norður-Kóreumönnum síðasta laugardag er helsta viðskiptaríki þeirra, Kína, tilkynnti um innflutningsbann á norðurkóreskum kolum. Kínverjar flytja inn 63 prósent norðurkóresks varnings og eru kol stór hluti þeirrar tölu.

Kínverjar eru einnig helstu pólitísku bandamenn Norður-Kóreumanna.

KCNA segir að nágrannaríki vinni nú með óvinum Norður-Kóreu að því að rífa niður norðurkóreska samfélagsgerð. Nágrannaríkið er augljóslega Kína.

„Þetta ríki, sem telur sig stórveldi, dansar við söng Bandaríkjanna á meðan það ver sína grimmi legu hegðun með því að segja að aðgerðum þess sé ekki ætlað að hafa neikvæð áhrif á líf Norður-Kóreumanna heldur til að halda kjarnorkuáætlun þeirra í skefjum.“

Vísad er til þess að nágrannaríkið þykist vera vinur Norður-Kóreu en taki ómannúðlegar ákvarðanir um að loka á milliríkjavíðskipti undir yfirsíkinu ólöglegu tilskipana Sameinuðu þjóðanna.

Nýi óvinurinn í vestrí

Nýr Bandaríkjaforseti, Donald Trump, getur ekki talist vinur norðurkóreskra stjórnvalda. Áður en Trump tók við embætti, þann 2. janúar, lýsti hann því yfir á Twitter að Norður-Kóreumönnum yrði ekki leyft að þróa kjarnorkuflugaug sem flogið geti milli heimsálfa.

Þann 12. febrúar, stuttu eftir að Trump tók við embætti, var gerð eldflugatilraun í Norður-Kóreu. Fjölmargar tilraunir fóru fram 2016.

Þegar Trump bárust fréttir af tilrauninni var hann í sveitaklúbba



Norður-Kóreumenn fylgjast með útsendingu KCNA í fyrra þar sem tilkynnt var um að fyrsta vetnissprengjutilraun hersins hefði heppnast. NORDICPHOTOS/AFP



Heræfingar og fjöldafundir eru tíðir í Norður-Kóreu. Í janúar var fjöldafundur þar sem þúsundir söfnuðust saman til að hylla leiðtogann. NORDICPHOTOS/AFP

sínum í Flórída með Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans. Hlupu til þeirra aðstoðarmenn með skjöl, upplýsingar og síma.

Í kjölfarið kepptust ýmsir við að fordæma eldflugaskotið. Meðal annars öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Bæði Kína og Bandaríkin samþykktu þá yfirlýsingu.

Í grein Josephs Torigian fyrir Washington Post fyrr í mánuðinum kemur fram að stuðningur Kínverja sé Norður-Kóreumönnum ekki allt.

Norður-Kórea hafi lengi staðið af sér pressu Kínverja. Vísar Torigian til þess að Kínverjar hafi fyrirliðið fyrsta leiðtoga Norður-Kóreu, Kim Il Sung, og þrýst á að honum yrði komið úr embætti.

Norður-Kóreumenn stóðu þann þrýsting hins vegar af sér líkt og þeir hafa oft gert síðan þá. Óljóst verður að teljast hvort enn verri sambönd við nágrannaríkin og æ hrakandi efnahagur muni leiða til falls Norður-Kóreu.



MEIRA
SJÁLSTRAUST



BETRI
LÍÐAN



EIGA AUÐVELDARA MEÐ
AÐ KYNNAST FÓLKI



VERA
MAÐUR
SJÁLFAUR



Tækifæri til framtíðar

Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

Næstu námskeið

Aldur

10–12 ára (5.–7. bekkur)
13–15 ára (8.–10. bekkur)
13–16 ára (Á Selfossi)

Hefst

15. mars
11. mars
7. mars

Fyrirkomulag

Einu sinni í viku í 9 skipti
Einu sinni í viku á laugardögum
Einu sinni í viku í 9 skipti

Tími

17:00–20:00
10:00–13:30
17:30–20:00

Sumarnámskeið

Aldur

10–12 ára (5.–7. bekkur)
13–15 ára (8.–10. bekkur)
16–19 ára (Menntaskóli)
20–25 ára (Háskóli/vinumarkaður)

Hefst

12. júní
6. júní
7. júní
1. júní

Fyrirkomulag

Á hverjum degi í 8 daga
Tvisvar í viku í 9 skipti
Tvisvar í viku í 9 skipti
Tvisvar í viku í 9 skipti

Tími

9:00–13:00
17:00–20:30
18:00–22:00
18:00–22:00

Ókeypis kynningartímar í Ármúla 11

10–15 ára 1. mars kl. 19:00 til 20:00
16–25 ára 6. apríl kl. 20:00 til 21:00

Skráning í kynningartíma á www.dale.is/ungtfolk



Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um kvöggur.

Samspil vísinda og skáldskapar er flókið og margslungið. Frumlegar uppgötvanir vísindanna eru rithöfundum innblástur, en þeir gefa ímyndunarfliu lausan tauminn og spinna ævintýrlegan söguþráð sem aftur getur orðið kveikjan að nýjum tilraunum vísindamanna. Ótal dæmi má nefna um uppfinningar sem lýst var í skáldskap áður en þær urðu að veruleika. Vísindaskáldskapurinn á sömuleiðis stóran þátt í að móta hugmyndir almennings, raunhæfar jafnt sem fjarstæðukenndar, um möguleika vísinda og tækni.

Kvikmyndin um Júragarðinn (e. Jurassic Park), eftir samnefndri sögu Michaels Crichton er dæmi um verk sem tvinnar saman alla fyrrnefnda þætti. Þar segir frá auðkýfingi sem lætur vísindamenn endurskapa risa- eðlur með erfðaefni úr blóði þeirra, sem fundið var í meltingarvegi flugna

sem fest höfðu í trjákvöðu. Risa- eðlurnar voru svo hafðar til sýnis í skemmtigarði, þar sem allt gekk á afturfótunum.

Fléttan var snjöll og fangaði huga lesenda, þótt raunsæismenn bendi á að útilokað sé að heillegt erfðaefni geymist í svo langan tíma, þótt það sé varðveitt í steingerðu rafi. Sagan hefur hins vegar reynst hvatning til dáða þeim vísindamönnum sem vilja endurskapa loðfíla sem hjálp erfðatækni, með lífsýnum úr loðfílshraejum sem fundist hafa í sífrera Síberíu. Ef marka má nýlegar fregnir eru þær tilraunir langt á veg komnar og mögulegt að fyrstu loðfílarnir líti dagsins ljós á næstu misserum eftir þúsunda ára aldaða.

Læknirinn Crichton sótti hugmyndina að Júragarðinum meðal annars úr smíðju þýskis náttúruvísindamanns, Reinholds Rau.

Rau fæddist árið 1932 og hóf þegar á tóningsaldri störf við Senckenberg-náttúrugripasafnið í Frankfurt. Sú vinna leiddi hann til Suður-Afríku árið 1951.

Fágæt furðuskepna

Meðal fjölmargra merkra gripa í eigu Senckenberg-safnins er feldur af hinn útdauðu dýrategund kvagga. Rétt rúmlega tuttugu slíkir feldir eða uppstoppaðar skepnur eru til í veröldinni. Talið er að kvöggur hafi lifað villtar í Afríku til ársins 1878 og fimm árum síðar drapst síðasta dýrið í evrópskum dýragarði. Dýrafraeðingar voru hins vegar grandalausir um hið slæma ástand stofnsins og til marks

Lifandi afturgöngur



KVÖGGURNAR VORU

AUÐVELD BRÁÐ OG GÁFU

AF SÉR ÁGÆTT KJÖT.

um það var aðeins ein kvagga ljósmynduð, það var kvaggahryssa í dýragarði í Lundúnum árið 1870.

Kvöggur voru náskyldar sebrahestum. Höfuðið og fremri hluti líkamans voru alsett röndum, þó ekki svörtum og hvítum heldur brúnum og hvítum. Rendurnar voru sömuleiðis daufari en hjá ættingjum kvöggunnar. Aftari hlutinn var brúnleitur og minnti dýrið því á hálfan sebrahest en hálfan smáhest eða asna.

Enn í dag vita náttúrufræðingar ekki með fullri vissu hvernig stendur á röndum sebrahestsins. Sumir telja að rendurnar gegni einhvers konar feluhlutverki og auðveldi skepnunum að leyna sig fyrir rándýrum. Önnur skýring er sú að rendurnar hjálpi dýrunum að bera kennsl á hvert annað og að finna rétta hjörð, en engir tveir sebrahestar hafa nákvæmlega eins rendur. Enn aðrir hallast að því að röndunum sé ætlað að fæla frá flugur sem sjuga blóð, en þekkt er að flugur forðist röndótta fleti. Síðastnefnda tilgátan virðist trúleg ef kvaggan er höfð í huga, því heimkynni hennar voru syðst í Afríku þar sem loftslag er mildara en nær miðbaug og flugnaplagur ekki eins miklar. Þörfin á áberandi röndum um allan líkamann er því ekki sú sama á þeim slóðum.

Talið er að stórar hjarðir af kvöggum hafi mátt finna víðs vegar um Suður-Afríku, þar sem dýrin áttu fáa náttúrulega óvini aðra en menn, ljón og hýenur. Með tilkomu hollenskra landnema – Búanna svokölluðu – sem hófu að hreiðra um sig á svæðinu í lok sautjándu aldar, tók hins vegar að halla undan fæti. Búarnir bjuggu yfir skotvopnum og uppgötvuðu skjótt að kvöggurnar voru auðveld bráð og gáfu af sér ágætt kjöt. Stórfelld slátrun átti sér stað sem lauk með útrýmingu dýrategundarinnar á innan við tveimur öldum.

Náttúruvísindamenn vöknudu upp við vöndan draum þegar kvaggan var horfin af yfirborði jarðar. En þá kom Reinhold Rau til skjalanna.

Nýjar uppgötvanir

Ef til vill var það hamurinn af kvöggunni á Senckenberg-safninu sem vakti áhuga unga mannsins á dýrinu útdauða, en hver svo sem ástæðan var sökkta Rau sér í rannsóknir á þeim kvöggufeldum og beinagrindum sem til voru á víð og dreif um náttúrugripasöfn veraldar.

Fljótlega komst hann að þeirri niðurstöðu að hugmyndir náttúrufræðinga um kvöggur væru bjagaðar. Skýringin á því væri meðal annars sú að við uppstoppunar á slíkum dýrum hefðu hamskerar freistast til að nota höfuðkúpur úr hestum eða ösnum, sem gerðu kvöggurnar talsvert frábrugðnar sebrahestum í útliti. Með því að rýna í feldina og bera saman við ýmsar undirtegundir sebrahesta sannfærðist Rau um að kvaggan hefði í raun verið miklu skyldari ættingjum sínum norðar í Afríku en flestir höfðu talið. Framfarir í lífsýnarannsóknum gerðu það síðar unnt að bera saman sýni úr kvöggum og ákveðnum tegundum sebrahesta og finna þannig frekari vísbendingar um skyldleika.

Rannsóknir þessar urðu til þess að dýrafraeðingar tóku ríkjandi kenningar til endurmats og féllust á að skyldleiki kvöggunnar og annarra sebrahesta hefði verið meiri en gömlu fræðiritin vildu ætla. Rau taldi hins vegar ekki nógu langt gengið. Að hans mati var ekki hægt að tala um kvöggur sem sjálfstæða dýrategund heldur bara annað afbrigði sem þróast hefði með litillega öðrum hætti.

Á grunni þeirrar sannfæringar sinnar taldi Rau að unnt væri að endurheimta kvögguna með kynbótum. Með því að leita uppi sebrahesta með svipuð einkenni og para þá saman mætti rækta upp nýjan stofn og bæta þannig fyrir mistök forfedranna.

Smáhross og úruxar

Hugmyndin var ekki fordæmalaus, því á þriðja áratugnum höfðu þýsku bræðurnir Heinz og Lutz Heck gert tilraunir í svipaða veru í Evrópu með bæði hesta og uxa. Bræðurnir freistuðu þess að endurskapa úrux-

ann, sem var risavaxið uxakyn með gríðarmikil horn. Úruxar teljast forfedur nútíma nautgripa, en dóu út snemma á sautjándu öld. Með því að para saman óvenju gildvaxin og stórhyrnd nautgripakyn reyndu þeir að fá út dýr sem sem svipaði til lýsinga og teikninga af úruxum úr fornum ritum.

Tilraunir Heck-bræðra til að endurskapa útdautt pólskt smáhestakyn var af sama meidi. Þeir álitu, raunar ranglega, að smáhestar þessir hefðu verið forfedur allra evrópskra hesta og leituðust við að endurgera þá, meðal annars með kynbótum við smágerð hestakyn á borð við íslenska hestinn og þann frá Gotlandi í Svíþjóð.

Heck-bræður voru um margt merkir vísindamenn og áttu til að mynda stóran þátt í því að vernda og byggja upp evrópska vísundastofninn. Tilraunirnar til að skapa úruxa og smáhesta hafa þó fengið lakari eftirmæli. Benda gagnrýnendur á að þótt tilraunirnar hafi skilað dýrum sem svipaði í útliti til fyrrmyndanna, þá hafi arfgerð þeirra verið allt önnur og því fráleitt að láta eins og um sömu tegund sé að ræða. Þá varð ekki hjá því komist að kynbótatilraunir þýskra vísindamanna á þessum árum vektu hugrenningatengsl við kynþátta- stefnu nasista og hugmyndir þeirra um kynbætur á mönnum.

Í ljósi þeirrar sögu allrar, er ekki að undra þótt hugmyndir vísindamanns í Suður-Afríku, sem alinn var upp í Þýskalandi nasismans, um stórfelldar kynbótatilraunir hafi fallið í grýttan jarðveg þegar Reinhold Rau tók að kynna þær upp úr 1970. Hann skelli skollaeyrum við öllum gagnrýnisröddum og reyndi að vekja athygli ráðamanna og fjárfesta á Kvagga- verkefninu, áætlun um að endurskapa kvögguna í lífríki Suður-Afríku.

Árið 1987 tókst Rau loks að hrinda verkefninu úr vör í þjóðgarði í Suður-Afríku og þar er það enn í fullum gangi þrátt fyrir fráfall stofnandans árið 2006. Á vefsíðu verkefnisins er hamrað á nánnum skyldleika kvöggur og sebrahesta og vissulega hefur aðstandendum tekist nokkuð vel upp, því dýrin í garðinum eru brúnleitt og aðeins með rendur á fremri hluta skrokkansins. Engu að síður treysta stjórnendurnir sér ekki til að kalla sköpunarverk sitt kvöggur, heldur hafa þeir búið til nýtt heiti: Rau kvagga.

Eftir standa svo ótal heimspeki- legar vangaveltur um rétt mannsins til að breyta dýrategundum og því hvort hægt sé að tala um að dýrategund sé endursköpuð þótt rækta megi önnur dýr með svipaða útlits- eiginleika? Slíkum spurningum eru þó rithöfundarnir oft betri í að svara en líffræðingarnir.

OKKAR SÉRSDIÐ ER HÁRÆÐASLITSMEÐFERÐIR

HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098



Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Hjartað þitt

25. febrúar 2017

Hjartamánuður 2017



Lúmsk kransæðastífla

Anna Rós Bergsdóttir fékk kransæðastíflu þegar hún var aðeins 49 ára að aldri. Hún fékk ekki dæmigerð einkenni á borð við brjóstverk eða verk í handlegg og þakkar snöggum viðbrögðum lækna að ekki fór verr. »»



Rannsókn og möguleg meðferð í senn

Kransæðapræðing er rannsókn þar sem skuggaefni og röntgengeislun er beitt til að mynda æðarnar umhverfis hjartað. Kransæðapræðing er ein besta rannsókn sem völ er á til að greina kransæðasjúkdóm og gefur möguleika á meðferð eins og kransæðavíkkun eða -aðgerð.

Kransæðapræðing (einnig kölluð hjartaþræðing eða kransæðamýndataka) er í senn rannsókn og möguleg meðferð. Berglind Gerða Libungan er hjartalæknir með kransæðapræðingar og -víkkanir sem undirgrein. Hún fer yfir framkvæmdina.

Hvernig fer rannsóknin fram?

Sjúklingar eru vakandi meðan á rannsókninni stendur, en boðið er upp á róandi lyf fyrir rannsókn. Eftir sótthreinsun og dúkun er ástunga gerð á slagæð á úlnlið eða í sumum tilfellum nára. Þunnur, um 2 mm æðaleggur, er þræddur að hjartanu. Litlu magni af skuggaefni er sprautað í gegnum æðalegginn og röntgenmyndir teknar samtímis. Myndir eru teknar frá mismunandi sjónarhornum. Skipta þarf um æðalegg að minnsta kosti einu sinni til að geta myndað bæði hægri og vinstri kransæð. Þá er fyrst hægt að sjá hvort kransæðar séu með þreglsli.

Í hvaða tilfellum er rannsóknin gerð?

Fyrst og fremst er rannsóknin gerð á sjúklingum sem hafa einkenni og lækni grunar að einkennin útskýrist af kransæðasjúkdómi.

Einkenni eru fyrst og fremst brjóstverkir (stundum kallað hjartaöng) eða verkur í kjálka, hálsi, baki eða handlegg sem oftast tengist áreynslu.

Aðrar ábendingar geta verið:

- Ný eða versnandi einkenni um brjóstverk (*hvikul hjartaöng eða kransæðastífli*).
- Vegna hjartagalla (*meðfæddur hjartasjúkdómur*).
- Hjartabilun.
- Hjartalokusjúkdómar sem gætu þurft meðferð með skurðaðgerð.
- Alvarlegar taktrufanir

Fylgikvillar

Vegna þess að það er hætt á fylgikvillum eru kransæðapræðingar gerðar eftir að aðrar hjartaannsóknir hafa verið gerðar, svo sem hjartalínurit, áreynslupróf og/eða kransæðasneiðmýndataka.

Algengasti fylgikvillinn er blæðing frá stungustað, en tíðnin er þó undir 5%. Alvarlegir fylgikvillar eru sjaldgæfir (<1%) en helst má nefna: heilablóðfall, æðavandamál og ofnæmisviðbrögð.



Að sögn Berglindar Libungan hjartasérfræðings eru gerðar fimm til tíu þræðingar á dag á virkum dögum.



Ingibjörg Guðmundsdóttir yfirlæknir myndar kransæðar.

Hvað gerist eftir kransæðamyndatöku?

Eftir að búð er að mynda kransæðarnar er rætt við sjúklinginn um niðurstöðurnar. Eftir þetta samtal, sem oftast fer fram á meðan sjúklingurinn liggur enn á borðinu, getur þrennt gerst:

1. Sjúklingur fær enga meðferð



Séð inn á þræðingarstofu frá stjórnstöð.

eða lyfjameðferð. Venjulega er þá um að ræða engan/vægan kransæðasjúkdóm eða sjúkdóm sem erfitt er að meðhöndla með víkkun eða hjáveituaðgerð.

2. Sjúklingur fer frá þræðingarstofu, en myndirnar eru sýndar á svokölluðum hjartafundi. Venjulega eru þetta sjúkling-

ar með flókinn kransæðasjúkdóm eða sjúklingar sem eru með lokusjúkdóm. Á slíkum fundum er tekin ákvörðun um hvort eigi að bjóða upp á hjáveituaðgerð.

3. Sjúklingur fer í kransæðavíkkun sem er gerð í beinu framhaldi af kransæðapræðingunni.

Kransæðavíkkun

Kransæðavíkkun er að jafnaði árangursrík fyrir fólk með kransæðþreglsli. Þá er þröng kransæð víkkuð út og við það eykst blóðflæðið til hjartans. Þá geta einkenni minnkað eða horfið sem fólk hafði vegna þreglslna.

Aðgerðin fer þannig fram að mjór vír er þræddur fram hjá þregslasvæðinu. Síðan er belgur blásinn upp á þregslasvæðinu. Oftast er sett stöðnet á svæðinu til að minnka líkurnar á endurþregslum.

Kransæðapræðingar á Íslandi

Fyrsta kransæðavíkkunin var gerð á Íslandi árið 1987. Hröð þróun hefur átt sér stað frá því að fyrsta þræðingin var gerð og aðferðin verður stöðugt öruggari.

Tvær hjartaþræðingarstofur eru starfandi hérlendis og gerðar eru um 5-10 þræðingar á virkum dögum. Árið 2014 kom nýtt hjartaþræðingarstæki á Landspítalann sem var að mestu fjármagnað með gjafafé. Í dag er hægt að meðhöndla fleiri og fleiri með flókinn kransæðasjúkdóm með víkkun á kransæð/um. Vakt er á hjartaþræðingarstofunni allan sólarhringinn alla daga ársins. Tafarius kransæðavíkkun er kjörmeðferð við bráðri kransæðastíflu og þarf því að vera í boði hvenær sem er sólarhringsins.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Það besta sem hægt er að gera til að koma í veg fyrir kransæðasjúkdóm er fyrirbyggjandi meðferð, helst má nefna:

- Hætta að reykja, mjög mikilvægt!
- Huga vel að mataræðinu. Borða hollan mat sem ekki inniheldur of mikið af kolvetnum og fitu.
- Hreyfa sig reglulega.
- Halda kjörþyngd.
- Fylgjast með blóðþrýstingi, efri mörk blóðþrýstings eiga að jafnaði að liggja <140mmHg en strangara <135mmHg hjá þeim sem eru með sykursýki.
- Fylgjast með blóðfitu (kólesteról í blóði). Sumir þurfa kólesteróllækkandi lyf til að lækka blóðfitu. Það er mismunandi eftir einstaklingum hvað telst vera of hátt kólesteról, og er miðað við undirliggjandi áhættu fyrir æðasjúkdómi.

NEISTINN - STYRKARFÉLAG HJARTVEIKRA BARNA

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, var stofnað þann 9. maí 1995.

Félagið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á velferð hjartveikra barna og fullorðinna með hjarta-

galla. Í dag eru rúmlega 400 fjölskyldur í félaginu en árlega greinast um 70 íslensk börn með hjartaþræðingartækni. Gallarnir eru misflóknir og þurfa sum börn að fara í nokkrar hjartaþræðingar. Neistinn leggur mikla áherslu á að styðja við bakið á fjölskyldum hjartveikra barna, félagslega jafnt sem fjárhagslega svo að þau geti tekist á við þetta mikla verkefni sem er fyrir höndum þar sem mörg hver þurfa að ferðast til útlanda til að gangast undir flóknar aðgerðir.

Einnig miðlar Neistinn fræðslu hvers kyns sem lýtur að hjarta-



Elin Eiríksdóttir, formaður Neistans

göllum og meðferð þeirra, til dæmis með útgáfu fréttablaðs og upplýsingavef sínum, Hjartaáttinni, sem hefur komið sér vel fyrir foreldra í undirbúningi sínum.

Neistinn er með öflugt félagsstarf, fjölskyldum hjartabarna til skemmtunar og stuðnings. Má þar nefna reglulegan hitting mæðra hjartabarna, sumaráttíð, árshátíð, spilakvöld foreldra og bingó.

Unglingastarfið, sem þéttir hóp hjartveikra unglunga, þykir líka einkar lífligt með alls kyns uppákomum svo sem norrænum samarbúðum, bíókvöldum, keilu og mörgu fleira.

Neistinn stendur líka að baki

og vinnur náið í samstarfi með styrktarsjóði hjartveikra barna, sem styrkir hjartaþræðingartækni og fjárhagslega.

Húfuverkefni Neistans

Víkuna 7. til 14. febrúar stóð yfir alþjóðleg vitundarvika um meðfædda hjartaþræðingartækni. Þá var vakinn athygli á fræðslu til almennings um meðfædda hjartaþræðingartækni og um leið á starfi Neistans.

Stjórn Neistans ákvað að hefja vinnu á húfuverkefni að amerískri fyrirmynd, eftir hugmynd bandarísku hjartasamtakanna og félagi hjartveikra barna í Ameríku sem kallast „Little hats, big hearts“.


Þá þrjónaði Neistinn og gaf, með aðstoð sjálfboðaliða og hjartavina, öllum nýburum sem fæddust þessa viku rauða húfu til að heiðra baráttu hjartveikra barna og minnst um leið þeirra barna sem látist hafa. **Sjá nánar á neistinn.is**

HEILAHEILL - FÉLAG HEILABLÓÐFALLSSJÚKLINGA

Samtök slagbolenda, aðstandenda og fagaðila, voru stofnuð 1. desember 1994 og hétu þá Félag heilablóðfallssjúklinga og stofnfélagar voru um 65, flestir slagsjúklingar, vandamenn þeirra og velunnarar. Fagaðilar bættust við á síðari árum. Árið 2006 var nafni samtakanna breytt í Heilaheill.

Hlutverk Heilaheilla er:

- að sameina heilablóðfallssjúklinga, aðstandendur þeirra og áhugasamla um heilbrigðan heila og gæta hagsmuna þeirra.
- að stuðla að betri heilsu og bættum lífsgæðum í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð heila- og æðasjúkdóma.
- að standa vörð um hagsmuni og réttindi þeirra er hafa fengið heilablóðfall.



Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla

Framtíðarsýn Heilaheilla:

- Heilaheill hafa verið leiðandi með öðrum félögum við að bæta lífsgæði landsmanna með eflingu forvarna og fræðslu um heilablóðfall.
- Heilaheill verði öflugri hagsmunasamtök á sviði heilbrigðismála á Íslandi með stóran og virkan hóp félagsmanna. Samtökin hafa staðið fyrir fræðslu á áhættuþáttum og leiða til slags s.s. gáttatífi, blóðþrýstingsmælingum o.fl. og almennri lýðheilsu.

Árlega fá 343 Íslendinga heilablóðfall í fyrsta sinn og er það talið þriðja algengasta dánarsök í heiminum. **Sjá nánar á heilaheill.is**

Þegar hjartað brestur úr sorg

„Ég hef skilið eftir brostið hjarta – ég hef skilið eftir opið sár...” syngur Stefán Hilmarsson í laginu Brostið hjarta, enda dramatíkin gjarnan í hávegum höfð í dægurlögum. Í flestum almennilegum ástarsögum eru hjörtun ýmist við að springa eða bresta þegar ástin svíkur.

Japanar lýstu fyrstir manna sjúkdómi sem stundum hefur verið kallaður „broken heart syndrome“ árið 1990. En skyldu Japanar vera eitthvað sérstaklega tilfinninganæmir,“ spyr Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir hjartalæknir.

„Þeir töldu sjúkdóminn oftast koma fram í kjölfarið á skyndilegu andlegu áfalli eins og við fráfall maka, náttúruhamfarir eða eitthvað sambærilegt en nú er raunar vitað að einnig góðar fréttir, til dæmis að hljóta stóra lottóvinninginn, mikið líkamlegt álag eða jafnvel krefjandi lyfjameðferð getur komið þessu af stað. Eins sést þetta all oft í tengslum við önnur alvarleg veikindi. Japönsku lækarnir nefndu þetta fyrirbæri „takotsubo“ eftir gildrunni sem kolkrabbar eru veiddir í, en hún er einhvers konar sekkur. Hjartað verður nefnilega oft eins og poki í laginu þegar þetta gerist því hjartabroddurinn dregst illa eða ekki saman og efri hluti hjartahólsins (vi. slegils) dregst mjög mikið saman. Þá verður hjartað næstum eins og uppblásin blaðra og hefur sjúkdómurinn líka verið kallaður „broddþensluheilkenni“ á íslensku. Í nýlegri umfjöllun í Speglinum á Rás 2 var stungið upp á því að þetta fyrirbæri yrði kallað „harmstegill“ með vísan í að þetta gerist oft í tengslum við mikla sorg.“

Meirihluti þeirra sem greinast með broddþensluheilkenni eru að sögn Þórdísar miðaldra eða eldri konur, þótt sjúkdómurinn sé vissulega þekktur hjá öðrum hópum. Af hverju þetta virðist hlutfallslega algengast hjá eldri konum er ekki vitað.



Að sögn Þórdísar geta áföll og sorg leitt til broddþensluheilkennis eða harmslegils. Sömuleiðis góðar fréttir og líkamlegt álag. Meirihluti þeirra sem greinast eru miðaldra eða eldri konur. MYND/ANTON BRINK

Þeim einkennum sem sjúklingarnir fá svipar á margan hátt til einkenna við bráða kransæðastíflu.

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

„Þeim einkennum sem sjúklingarnir fá svipar á margan hátt til einkenna við bráða kransæðastíflu; sár eða þungur verkur fyrir brjósti, mæði, hjartsláttartruflanir. Einnig getur hjartalínuritið bent til kransæðastíflu. Kransæðamyndataka hjá sjúklingum með takotsubo leiðir hins vegar í ljós að kransæðarnar eru allar opnar, sem ekki er tilfellið við kransæðastífluna. Hér

er því miklu frekar um skyndilega hjartabilun að ræða. Talið er að 1-2% þeirra sem eru grunaðir um bráða kransæðastíflu séu með broddþensluheilkenni en ekki hjartadrep,“ upplýsir Þórdís.

Hún segir ekki almennilega ljóst hvað veldur þessari skyndilegu hjartabilun. Læknar eru þó sammála um að stresshormón eigi hér stóran hlut að máli. „Svo virð-

ist sem hluti hjartavöðvans bregðist við skyndilegri ofgnótt stresshormóna með því að hreinlega lamast. Þetta veldur því að hjartað pumpar ekki sem skyldi, sjúklingurinn verður móður, fær jafnvel vatn í lungun og hjartsláttartruflanir.“

Til að greina sjúkdóminn er nauðsynlegt að gera kransæðamyndatöku og útiloka að kransæðarnar séu stíflaðar, en grunurinn vaknar oftast vegna sérkennilegs útlits hjartans við ómskoðun (sónar). „Í sumum tilfellum velja menn einnig að gera segulómun af hjartanu, en slík rannsókn getur greint á milli broddþensluheilkennis og t.d. bólgusjúkdóms eða örmyndunar í hjartavöðvum af öðrum orsökum. Ekki er til nein sérhæfð meðferð við broddþensluheilkenni, en mikilvægt er að fylgjast vel með sjúklingunum og beita víðeigandi hjartabilunarmedferð.“

Að sögn Þórdísar jafna flestir sjúklinganna sig fljótt. Í vægustu tilfellunum jafnvel á nokkrum dögum. Í alvarlegri tilfellum er hjartabilunin þó meira langdregin og það geta jafnvel komið upp fylgikvillar eins og heilaslag og alvarlegar hjartsláttartruflanir hjá þeim eru mest veikir. Lítil hluti þeirra sem hafa fengið takotsubo veikist aftur síðar á lífsleiðinni, en ekki er til nein ákveðin fyrirbyggjandi meðferð við sjúkdómnum.

Þórdís segir því ákveðin sannmæli að hjartað geti brostið úr sorg. „Við getum þó flest tekið undir með Stebba Hilmarsson og félögum í söngnum þeirra um brostna hjartað, brosað út í annað og kannski stigið nokkur létt dansspor, svona til að létta okkur lundina.“

Skyndihjálp getur skipt sköpum

Árangur endurlífgunar utan sjúkrahúss á Íslandi er góður í samanburði við önnur lönd. Hægt er að bjarga mannlífi með kunnáttu í skyndihjálp og endurlífgun. Brjóstverkur er helsta einkenni á bráðum kransæðaheilkennum en birtingarmynd hans getur verið breytileg.

Í hjartastoppi hættir hjartað að dæla blóði til líkamans og heilans annað hvort af því að það slær of hratt og óreglulega eða af því að það hefur stoppað. Ef einstaklingar fá enga meðferð eftir hjartastopp verður heilinn fyrir skaða eftir 4-6 mínútur. Einstaklingurinn deyr nema viðstaddir hefji endurlífgun. Hjartahnoð getur viðhaldið blóðflæði þar til sérhæfð aðstoð berst.

Rétt fyrstu viðbrögð geta skipt sköpum fyrir horfur einstaklinga sem fara í hjartastopp en þau eru að kalla strax eftir aðstoð í Neyðarlínu (112) og hefja tafarlaust hjartahnoð. Ekki er lögð áhersla á munn við munn blástur fyrstu mínútur eftir hjartastopp og ekki þarf lengur að staðfesta pulsléysi með þreifingu enda hefur komið í ljós að slíkt er ekki áreiðanlegt og getur tafið fyrir að endurlífgun sé hafin. Hjartahnoð er framkvæmt með því að krjúpa við hlið einstaklingsins, leggja þykkhönd hinnar handarinnar ofan á þá fyrri og læsa fingrunum saman. Gæta þarf þess að axlirnar séu beint yfir hnoðstað og hendur séu á miðju bringubeini. Ýta á bringubeini 4-5 cm niður í hverju hnoði og ekki minna en 100 sinnum á mínútu. Halda skal áfram að hnoða þar til sérhæfð aðstoð berst. Sá sem veitir hjartahnoð finnur að hann þreystist fljótt. Ef möguleiki er á, er mælt með að skiptast á að hnoða, á um tveggja mínútna fresti og með sem minnstum tötum, til þess að tryggja að

hjartahnoðið verði sem áhrifaríkast.

Í mörgum opinberum byggingum, líkamsræktarstöðvum, íþróttahúsum og verslunarmiðstöðvum eru sjálfvirk hjartastuðtæki. Gott að er að kynna sér hvar slík tæki eru til staðar og hvar þau eru geymd. Ef sjálfvirk hjartastuðtæki er nálægt á að sækja það eins fljótt og hægt er. Sjálfvirk hjartastuðtæki eru einföld í notkun og getur nánast hver sem er notað tækið með því að fylgja leiðbeiningum þess. Hjartastuðtæki gefur ekki rafstuð nema ástæða sé til. Rafstuð er heldur ekki trygging fyrir því að hjartað byrji aftur að slá.

Nokkrir staðir, eins og Rauði krossinn, bjóða upp á námskeið í skyndihjálp og grunn endurlífgun fyrir almennig.

Þú gætir bjargað mannlífi með kunnáttu í skyndihjálp og endurlífgun. Auðvelt er að muna rétt viðbrögð, með því að hafa í huga orðin hringja og hnoða.

Einkenni kransæðastíflu

Stigun bráðra kransæðaheilkenna fer eftir alvarleika þeirra en vægasta formið er kallað hvíkul hjartaöng. Þá verður ekki drep í hjartavöðvum þrátt fyrir alvarleg einkenni eins og brjóstverk. Næst er svokallað brátt hjartadrep en þá koma fram breytingar á hjartalínuriti og ensím úr hjartanu losna út í blóðið. Alvarlegasta formið af bráða kransæðaheilkenni er síðan skyndidauði en



Hjartahnoð er framkvæmt með því að krjúpa við hlið einstaklingsins, leggja þykkhönd hinnar handarinnar ofan á þá fyrri og læsa fingrunum saman.

þá hættir hjartað að slá. Í öllum þessum tilvikum er um að ræða skerðingu á blóðflæði til hjartans.

Brjóstverkur er helsta einkenni á bráðum kransæðaheilkenni en birtingarmynd hans getur verið mjög breytileg og sumir fá jafnvel engan verk en aðrir fá afar slæman verk og oftast yfir miðjan brjóstkassann.

Sjúklingar með bráða kransæðaheilkenni leita í flestum tilfellum á heilsugæslustöð eða sjúkrahús vegna brjóstverkja enda er brjóstverkur helsta einkenni kransæðastíflu. Verkurinn er oftast mjög óþægilegur og er gjarnan lýst sem herpingi í bringunni, seyðings- eða þyngslaverk yfir brjóstkassann og oft leiðir verk-

urinn upp í axlirnar og handleggji og upp í háls, kjálka eða tungu. Verkurinn stendur yfir í 15 mínútur eða lengur.

Fyrirvari bráðs kransæðaheilkennis getur komið fram klukkustundum, dögum eða vikum fyrir áfallið. Snemmkomin einkenni áfalls eru endurteknir verkir sem koma fram við líkamlega áreynslu en láta undan í hvíld.

Brátt kransæðaheilkenni, byrjar skyndilega og getur falið í sér öll eða nokkur af eftirfarandi einkennum:

- Brjóstverkur eða óþægindi, oft lýst sem þrýstingur, herpingur eða sviði.
- Leiðni frá brjóstkaða og út í axlir, hendur, efra kviðarhol, bak, háls eða kjálka.
- Ógleði eða uppköst.
- Meltingartruflanir.
- Andþyngsli.
- Svitaköf.
- Svimi eða yfirliði.
- Óeðlileg eða óútskýrð þreyta.
- Eirðarleysi eða kviði.

Viðbrögð við brjóstverk:

- Hringja eftir hjálp, í 112.
- Láttu aðra í kringum þig vita af einkennum þínum og líðan.
- Ekki fara afsíðis eða vera ein/einn, vertu innan um aðra.
- Ekki keyra bíl á bráðamóttöku, það setur þig og aðra í hættu ef ástand þitt breytist skyndilega.

Hildur Rut Albertsdóttir og Bylgja Kærnested, hjúkrunarfræðingar

ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Icecare kynnr Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina. Jóna Hjálmarsdóttir hefur góða reynslu af Active Liver.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruvefni í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarástarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvítuð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur

safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“ Hún segist hafa fundið fljótt mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver Kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég



er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni á mér, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Preyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum.

Vörurnar eru fánlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðun IceCare, www.icecare.is



Jóna fékk fljótlega aukna orku og finnst auðveldara að halda sér í réttri þyngd.

ACTIVE LIVER INNIHALD OG VIRKNI

- Inniheldur kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum
- Viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar
- Eðlilegum efnaskiptum
- Inniheldur mjólkurþistil og ætíðistil sem taldir eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls
- Inniheldur túrmerik og svartan pipar

IceCare
Þín heilsa

Active legs

Ég hef notað Active Legs frá því að ég fór í aðgerð á hnjám.

Mér leið illa eftir aðgerðina, og ákvað að prófa Active Legs en var þó mátulega vongóður.

Eftir að ég hef notað Active Legs í góðan tíma, get ég spilað golf og farið í langa göngutúr.

Ég mæli hiklaust með Active Legs.

Henning 84 ára.

IceCare
Þín heilsa



VIÐ ERUM EINS OG ROKKHLJÓMSVEIT

Stórsveit Reykjavíkur á 25 ára afmæli um þessar mundir og fagnar afmælistónleikum í Hörpu í dag kl. 16.00. Stjórnandi, höfundur tónlistar og einleikari verður þýski básúnuleikarinn Ansgar Striepens.

Brynhildur Björnsdóttir

brynhildur@365.is



„Við veltum aðeins fyrir okkur hvað við vildum gera á afmælinu og ákváðum að gera eitthvað fyrir okkur sjálfa, eitthvað sem okkur finnst ögrandi og skemmtilegt,“ segir Sigurður Flosason, saxófónleikari. „Við spilum mjög fjölbreytta tónleika og snertum á alls konar tónlist en fannst við hæfi að skoða við þetta tilefni hvað er að gerast í bigband tónlist í dag og reyna okkur við það.“

Stórsveit Reykjavíkur hélt sína fyrstu æfingu 17. febrúar 1992 undir stjórn Sæbjarnar Jónssonar. Síðan þá hefur hljómsveitin markað sér tryggan sess í menningarlífi þjóðarinnar með reglulegu og fjölbreyttu tónleikahaldi og meðal annars getið sér gott orð fyrir skemmtilega og frumlega sviðsframkomu. „Við settum okkur markmið fyrir nokkrum árum og þau eru meðal annars að flytja bæði klassíska og nýja tónlist, að flytja bæði alvarlegri og léttari tónlist, skemmta börnum og eldri borgurum og starfa með tónlistarmönnum úr öðrum geirum. Við höldum 7-8 tónleika á ári, flesta í Hörpu en þar hefur hljómsveitin fast aðsetur. Alls eru þetta um 200 tónleikar.“ Hann segir hljómsveitina líta á sig sem þjóðarhljómsveit hryngeirans í íslenskrari tónlist. Hljómsveitin hefur ekki fastan stjórnanda eftir að Sæbjörn lést árið 1999 en ýmist stjórna erlendir gestir eða fremstu menn í íslenska djassheiminum. „Þetta er í raun félag átján einstaklinga, einn fyrir hvern stól sem rekur sig sjálf og



Sigurður Flosason saxófónleikari hlakkar til tónleikanna í Kaldalóni seinnipartinn.
MYND/ANTON BRINK

stendur fyrir listrænum viðburðum af miklum metnaði en nokkrum vanefnum fjárhagslega,“ segir Sigurður. „Það eru ekki mjög margar eftir af upprunalegum stofnfélögum, ég held að það sé bara Jól Pálsson sem hefur verið allan tímann en hann hefur líka tekið sér námshlé. Þetta er samt þéttur kjarni og þeir sem eru í sveitinni halda saman, eiginlega eins og rokkhljómsveit.“ Þess má geta að Stórsveitin hefur hlotið Íslensku tónlistaverðlaunin. undanfarin tvö ár fyrir geisladisk ársins í flokki djass- og blústonlistar.

Þegar Sigurður er spurður hvers Stórsveitin óskar sér í afmælisgjöf bendir hann á að staða sveitarinnar sé óskýr fjárhagslega. „Við vinnum okkar störf fyrir afar lítinn opinberan stuðning og það er mjög erfitt að reka svona stórt batterí á þeim forsendum. Við horfum stundum til sambærilegra hljómsveita og hópa á klassíska sviðinu

og látum okkur dreyma um að vera í sambærilegri stöðu hvað varðar opinbera fjármögnun. Við erum eini svona hópurinn sem sinnir rytmíska sviðinu og fáum mun minni opinber framlög.“ Hann tekur fram að hann vilji alls ekki minnka framlög til annarra enda séu fæstir ofaldir sem starfa við flutning sígildrar og samtímatónlistar. „Við viljum alls ekki taka neitt frá neinum en langar að komast lengra með okkar starfsemi og fá til þess aðstoð frá hinu opinbera. Stórsveitin hefur löngu sýnt að hún verðskuldar það, við höfum komist langt á okkar sviði, snum breiðum hópi og fjölbreyttum verkefnum og náum þannig til stórs hluta þjóðarinnar. Á afmælum horfir fólk um öxl og veltir fyrir sér framtíðinni. Við erum stoltir af þeim árangri sem við höfum náð en vantar fjármagn til að geta tekið stærri skref. Það væri besta afmælisgjöfin.“



Stórsveit Reykjavíkur hefur haldið um 200 tónleika á 25 ára ferli og glatt Íslendinga mjög með fjölbreyttum tónlistarflutningi og skemmtilegri sviðsframkomu.

Hef flutt starfsemi mína frá Garðatorgi að **Síðumúla 15, 2. hæð.**

Allir nýir og „eldri“ viðskiptavinir hjartanlega velkomnir.

Ath. nýtt símanúmer 568 1412

**JÓN HJALTALÍN GUNNLAUGSSON
TANNLÆKNIR**



GÓÐUR OG GRÆNN ÞEYTINGUR

Þessi þeytingur er ekki aðeins sérlega góður heldur sneisafullur af hollum næringarefnum. Hann má bragðbæta með avókadói, banana eða döðlum, allt eftir því hvað er til í matarskápnum hverju sinni.

1/2 bolli mangó, frosið (fæst frosið í matvöruverslunum), meira ef vill
1 tsk. kókosolía eða hörfræolía
1 lúka grænkál eða spínat
1 bolli bláber
nokkur jarðarber
3 glös möndlumjólk

Allt sett í blandara og þeytt vel saman. Gott er að setja avókadó, banana eða döðlur saman við, ef vill. Einnig má setja ísmola saman við.



Þessi græna dásemð er sneisafull af hollustu. NORDICPHOTOS/GETTY

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Food & Fun 1-5.MARS



www.foodandfun.is



**Egill
Arnason™**

HARÐPARKET

PERGO®

Veglegt hlaðborð með
fjölbreyttum og bragðgóðum réttum

Tilvalið fyrir fjölskyldur!



FRÁBÆR
KÍNVERSKUR
VEITINGASTAÐUR
Í MEIRA EN
30 ÁR

Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5-12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100



Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00



Kinahofid

Kínahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022



www.kinahofid.is



GEÐHJÁLPA

AÐALFUNDUR GEÐHJÁLPAR 2017

Aðalfundur landssamtakanna Geðhjálpar verður
haldinn að Borgartúni 30, annarri hæð til hægri,
laugardaginn 18. mars kl. 14.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf,
m.a. kjör formanns og nýrra stjórnarmanna,
umfjöllun um ársskýrslu og ársreikning samtakanna.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Virðingarfyllst, stjórn Geðhjálpar.
www.gedhjalp.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Pú getur lesið
Fréttablaðið í heild
sinni á Vísi og í
Fréttablaðs-appinu



Pú færð appið á vísir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft



Einar Vilberg söngvari (t.v.) og Franz Gunnarsson gítarleikari, flytja flest frægustu lög Nirvana í kvöld á Hard Rock Café ásamt Kristni Snæ Agnarssyni trommuleikara og Jóni Svani Sveinssyni bassaleikara. MYND/VILHELM

HEITT OG SVEITT

Kurt Cobain, söngvari Nirvana, hefði orðið fimmtugur fyrr í vikunni hefði hann lifað. Af því tilefni hélt vel mönnum heidursveit tónleika á Akureyri í gærkvöldi og aðra á Hard Rock Café í Reykjavík í kvöld.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Fáar hljómsveitir hafa haft jafn mikil áhrif á tónlistarsöguna og samtímann síðustu áratugi og bandaríska rokksveitin Nirvana. Söngvari og gítarleikari sveitarinnar, Kurt Cobain, lést árið 1994 aðeins 27 ára gamall og hefði því orðið 50 ára fyrr í vikunni. Af því tilefni ætlar vel mönnum heidursveit að flytja lög Nirvana á tvennum tónleikum. Þeir fyrri voru í gær á Græna hattinum á Akureyri en þeir síðari verða í kvöld á Hard Rock Café í Reykjavík.

Gítarleikari heidursveitarinnar er Franz Gunnarsson, best þekktur sem meðlimur rokksveitanna Ensími og Dr. Spock. „Hann man vel eftir því þegar hann heyrði fyrst í Nirvana og öðrum gruggsveitum í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Ég hugsaði með mér, Guði sé lof, þegar ég upplifði Nirvana og hinar gruggsveitirnar fyrst. Rokklandslagið hafði verið svo lengi litað af hámet alböndum að það var frábært að fá þessa nýju rokksenu inn í blóðstreymið. Ég man sérstaklega eftir tónleikum í Fellahelli sem ég spilaði á sem unglingur. Það voru 20 hljómsveitir sem komu fram og 18 þeirra spiluðu Smells Like Teen Spirit af Nevermind sem kom út árið 1991.“

Aðrir meðlimir heidursveitarinnar eru Einar Vilberg söngvari, Kristinn Snæ Agnarsson trommuleikari og Jón Svanur Sveinsson bassaleikari.

MIKIL ÁHRIF

Áhrif Nirvana, ásamt öðrum gruggböndum, á tónlist samtímans voru gríðarlega mikil og Franz man vel eftir þessum tíma. „Þessi músíkstefna hafði mikil áhrif á mig. Rokkið varð „main stream“ og það spruttu upp hér á landi gruggbönd á borð við Dos Pílas sem gáfu út plötur. Það segir allt um áhrifin á þessum litla markaði. Þessi tónlist hafði líka áhrif á tískuna því æ fleiri fóru að ganga í flónelskyrtum og baggy buxum.“

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þeir félagar halda tón-



Heidursveitin hefur áður haldið sambærilega tónleika og hefur stemningin alltaf verið mjög góð. MYND/HULDA BJÖRNSDÓTTIR



leika til heidurs Nirvana og alltaf hefur stemningin verið góð að sögn Franz. „Við höfum haldið svona tónleika í nokkur skipti í gegnum árin og viðtökurnar hafa alltaf verið mjög góðar. Nirvana fangaði greinilega mörg hjörtun á sínum ferli og fólk kemur með til að upplifa þessi lög og kannski detta í nostalgíu fling.“

ORKUMIKIL TÓNLIST

Lagavalið verður fjölbreytt á tónleikunum þótt lög af Nevermind verði eðlilega fyrirferðarmest. „Á þessum tveimur tónleikum ætlum við eingöngu að vera rafmagnaðir. Lög sem rata á prógrammið verða allir slagarnir af Nevermind, In Utero og Bleach ásamt göðgæti af Incesticide.“

Hann býst við góðri stemningu eins og á fyrri tónleikum. „Það

verður heitt og það verður sveitt, allavega á sviðinu því það fer mikil orka í að flytja þessa tónlist. Bandið ætlar allavega að skemmta sér gríðarlega vel og svo vonum við bara að fólk fjölmenni og haldi upp á 50 ára afmæli Kurt Cobain með rífandi stemmingu.“

Tónleikarnir hefjast kl. 23 í kvöld og miðsala fer fram á tix.is.



Fasteignasali óskast

Fjárfesting Fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingu til fasteignasala. Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á fjarfesting@fjarfesting.is fyrir 1. mars næstkomandi.



Starfsmenn í afgangi

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir starfsmanni í afgangi á höfuðborgarsvæðinu í fullt starf. Jafnframt er óskað eftir starfsmönnum í afgangi við sumarafleysingar bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Hæfniskröfur:

- ✓ Almenn tölvukunnátta
- ✓ Rík þjónustulund
- ✓ Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekklund.is fyrir 15. mars 2017



Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

Störf framleiðslustarfsmanna og iðnaðarmanna hjá PCC BakkiSilicon



Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið mun verða eitt af tæknilega fullkomnustu og umhverfisvænustu kísilverum í heimi. Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017.

Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.

Núna leitum við að áhugasömum aðilum til starfa í framleiðsluteymi okkar ásamt iðnaðarmönnum.

Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum.

Framleiðslustarfsmenn

Framleiðslustörfin eru fjölbreytt og til lengri tíma er lögð áhersla á fjölbreytt starfsmanna. Áætlanir gera ráð fyrir átta tíma þrískiptum vöktum á virkum dögum og tólf tíma vöktum um helgar. Hver vakt á frí aðra hverja helgi og valda virka daga. Framleiðslustarfsmenn verða ráðnir til að hefja störf í október og nóvember 2017.

Hæfniskröfur:

- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í hópi
- Heiðarleiki og stundvísi
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Góð íslenskukunnátta og skilningur í ensku

PCC BakkiSilicon stefnir að því að hafa í vinnu hæft starfsfólk með góða faglega þekkingu. Við leggjum áherslu á að mannauður fyrirtækisins er lykillinn að árangri og velgengni. PCC BakkiSilicon leggur áherslu á velliðan, öryggi, þekkingu og færni starfsmanna.

Unnið er eftir jafnréttisáætlun. Við hvetjum því konur jafnt sem karla til að sækja um stöður hjá okkur.



Lind Einarssdóttir



Hægt er að sækja um störfin á www.fastradningar.is og einnig er hægt að koma við á skrifstofu PCC BakkiSilicon á Húsavík og fylla þar út umsókn.

Allar nánari upplýsingar gefa Laufey Sigurðardóttir laufey.sigurdardottir@pcc.is sími 855-1051 og Lind Einarssdóttir lind@fastradningar.is sími 552-1606.

365 óskar eftir góðu fólki

SÖLUMÆÐUR AUGLÝSINGA

Auglýsingadeild Fréttablaðsins óskar eftir röskum sölumanni á stærsta prentmiðil landsins.

Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á www.365.is undir „laus störf“.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Viðskiptastjóri fyrirtækja

Vilt þú starfa við fjölbreytt verkefni í líflegu starfsumhverfi?

Við leitum að kraftmiklum og félagslyndum einstaklingi með metnað til að takast á við fjölbreyttar og krefjandi áskoranir. Viðkomandi mun veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði.

HELSTU VERKEFNI:

- › Fagleg ráðgjöf og þjónusta vegna váttrygginga fyrirtækja
- › Greining á þörfum viðskiptavina
- › Viðskiptatengsl við núverandi og nýja viðskiptavini

HÆFNISKRÖFUR:


- › Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt hugarfar
- › Reynsla af sölu og þjónustu við fyrirtæki
- › Haldgóð menntun sem nýtist í starfi
- › Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur starfsfólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaðþjónustu. Nýleg könnun leiddi í ljós að starfsánægja hjá Sjóvá er með því mesta sem gerist hérlendis.

Nánari upplýsingar veitir Pála Þórisdóttir, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar
Pala.Thorisdottir@sjova.is.

Umsókn skal fylla út á www.sjova.is/starfsumsokn
Umsóknafrestur er til og með **3. mars nk.**

SJÓVÁ



CCP IS HIRING!

- › Data Engineer
- › Director of Information Security
- › Distributed Systems Engineer
- › Tools Programmer

- › Sr. Software Engineer
- › Web Analyst
- › Russian Speaking Game Master
- › Marketing Manager



Please apply at ccpgames.com/jobs

Rio Tinto

Sérfræðingur í rafgreiningu

Rio Tinto

Rio Tinto leitar eftir sérfræðingi í rafgreiningu í hóp sem tilheyrir kerrekstri. Starfið heyrir undir leiðtoga kerreksturs rafgreiningar.

Umsóknarfrestur

12. mars

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Eftirlit og stöðugar umbætur á verkferlum og búnaði.
- Eftirlit með kerrekstri og frávikagreining.
- Eftirfylgni með hráefnum og áætlanagerð.
- Þróun vinnuaðferða og kostnaðargreining.
- Samskipti við sérfræðinga erlendis.
- Náin samvinna við vaktir kerskála og stoðdeildir.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4612

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða sambærilegum greinum.
- Greiningarhæfileikar og reynsla af framsetningu upplýsinga.
- Þekking á rafgreiningu áls er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Ögun og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta, þekking á upplýsingatækni og gagnavinnslu.

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Reykjavíkurborg

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs. Menningar- og ferðamálasvið fer með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðið hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu og Listasafns Reykjavíkur. Á ábyrgð sviðsins er heildstæð kynning og umsjón með þáttum er lúta að móttöku ferðamanna í Reykjavík.

Þá sér sviðið um skipulagningu og framkvæmd ýmissa viðburða og borgarhátíða. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir. **Sjá nánar um starfsemi og stefnumótun: <http://reykjavik.is/utgefing-efni-menningar-og-ferdamalasvid>**

Ábyrgðarsvið sviðsstjóra:

- Dagleg yfirstjórn menningar- og ferðamálasviðs
- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd menningar- og ferðamála í umboði menningar- og ferðamálaráðs
- Undirbúningur mála fyrir menningar- og ferðamálaráð og ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins
- Stefnumótun í menningar- og ferðamálaum og eftirfylgni hennar í samvinnu við ráðið
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra hugmynda í menningar- og ferðamálaum
- Ábyrgð á gerð og framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar ásamt annarri áætlanagerð fyrir sviðið
- Ábyrgð á rekstri, þjónustu og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og mannauðsmálum
- Samstarf við fjölbreyttan hóp aðila í menningar- og ferðamálaum innanlands og utan
- Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs tilheyrir yfirstjórn Reykjavíkurborgar

Launakjör heyrir undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs heyrir beint undir borgarstjóra. Um störf sviðsstjóra gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er í starf sviðsstjóra til 5 ára.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Umfangsmikill og farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og reynsla af því að leiða breytingar
- Víðtæk þekking og reynsla af menningarstarfsemi
- Þekking og reynsla af ferðamálaum og markaðsstarfi
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu og opinberri stjórnsýslu
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd sviðsins og tjá sig vel í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í norrænu máli er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars n.k.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, í síma 411-1111 eða ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is

SUMARSTÖRF FYRIR I7ÁRA OG ELDRI

Til umsóknar eru störf flokkstjóra, leiðbeinenda á íþrótt- og leikjanámskeiðum, leiðbeinenda í skólagörðum og störf í umhverfis- og garðyrkjuflokkum. Umsóknarfrestur til 24. mars.

Nánari upplýsingar og rafrænt umsóknarform á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR

Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER

Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500

hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR



Fyrirtækið ZO•ON var stofnað árið 1994 og hjá því starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það markmið að hanna, þróa og selja skjólgóðan útivistarfatnað sérhannaðan fyrir íslenskar aðstæður.

ZO•ON rekur nú þrjár verlanir á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að bjóða upp á sölustaði víðsvegar um landið. Auk þess er fyrirtækið með vörur í sölu á erlendum mörkuðum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.zo-on.is

SÖLUSTJÓRI ZO•ON

ZO•ON óskar eftir að ráða sölustjóra. Sölustjóri er ábyrgur fyrir sölu á vörum fyrirtækisins og þjónustu á Íslandi. Leitað er að metnaðarfullum leiðtoga með reynslu af sölustörfum sem hefur frumkvæði og áhuga á að ná lengra.

Helstu verkefni:

- Umsjón með öllum stærri sölum
- Samningagerð
- Samskipti við viðskiptavini
- Mótun sölustefnu og verklags varðandi sölu
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð
- Þjálfun söluteymis
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða markaðsfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi í sölu og þjónustu
- Leiðtogahæfni
- Reynsla af áætlanagerð og markaðsgreiningu kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.** Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Sérfræðingur í lífeyrisdeild

Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 600 milljörðum króna. Um 50 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 15 þúsund.

Á skrifstofu sjóðsins starfa 40 starfsmenn.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða sérfræðing í lífeyrisdeild sjóðsins með þekkingu á séreignarlífeyrissparnaði.

Meginþættir starfsins lúta að daglegri ráðgjöf og þjónustu varðandi lífeyrismál með áherslu á séreignarsparnað, samskiptum við viðskiptavini og aðrar deildir sjóðsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með séreignarlífeyrissparnaði hjá sjóðnum
- Ráðgjöf til sjóðfélaga varðandi uppbyggingu og nýtingu lífeyris
- Samskipti við eignastýringu vegna ávöxtunar og upplýsingagjafar
- Umsjón með kynningu á séreignarsparnaði innan sjóðsins
- Markaðssetning á séreignarlífeyrissparnaði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á markaði fyrir séreignarlífeyrissparnað
- Reynslu af markaðssetningu og kynningu á þjónustu
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samvirkusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2017. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkefnastjórnun stærri framkvæmda

RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK hefur á undanförmum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að meir en helmingur þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.rarik.is

RARIK óskar eftir að ráða verkefnastjóra á tæknisvið fyrirtækisins. Meginverkefni eru við hönnun og byggingu aðveitustöðva, aðrar stærri framkvæmdir og breytingar.

Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra slíkum verkefnum. Starfsstöð verkefnastjóra er í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórn við stærri framkvæmdir
- Hönnun aðveitustöðva
- Gerð útboðslýsinga og úrvinnsla tilboða
- Samskipti við ytri aðila og starfsmenn RARIK

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

SUMARSTARFSMENN VIÐ FLUGVALLARÞJÓNUSTU

Helstu verkefni eru viðhald flugvallar og umhverfis hans, ásamt viðhaldi á vélbúnaði og tækjum. Eftirlit á Reykjavíkurflygsvelli og með flugvallarmannvirkjum. Vopna- og öryggisleit og önnur tilfallandi verkefni í samráði við vaktstjóra. Um vaktavinnu er að ræða. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í maí, ásamt því að sitja námskeið til starfsþjálfunar.

Hæfniskröfur:

- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgeir Ólason þjónustustjóri, valgeir.olason@isavia.is.

AÐSTOÐARMAÐUR LÖGFRÆÐINGA

Helstu verkefni eru almenn skrifstofustörf, öflun og úrvinnsla gagna, bréfa og skjala. Skjalavarsla, bréfaskriftir og önnur verkefni í samráði við lögfræðinga.


Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Karl Alvarsson lögfræðingur, karl.alvarsson@isavia.is.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.



Sif er flugumferðarstjóri í flugturninum á Keflavíkurflygsvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
5. MARS 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

AUGLÝSIR LAUSA STÖÐU ÞJÓÐGARÐSVARÐAR Á VESTURSVÆÐI VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS.

STARFSSTÖÐ ÞJÓÐGARÐSVARÐAR ER Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI.

Vatnajökulspjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á vestursvæði er meginstarfsstöðin á Kirkjubæjarklaustri (samkvæmt lögum nr. 60/2016 og reglugerð nr. 608/2008).

STARFSSVIÐ:

- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri og stjórnun svæðisins.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofu og tjaldsvæða innan svæðisins.
- Samskipti og samvinna við hagsmunadila s.s. atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæðum þjóðgarðsins.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnsýsla og leyfisútgáfa fyrir vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Þekking og reynsla af fræðslu og miðlun til mismunandi hópa.
- Þekking á landvörslu og náttúrutúlkun er kostur.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars n.k. Umsóknir skulu berast rafrænt fyrir þann tíma á netfangið thordur@vjp.is merkt: þjóðgarðsvörður á vestursvæði.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuddingur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Þórhur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, thordur@vjp.is, eða í síma 575 8400.

Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax. Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Árangurstengd laun. Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „Sölumaður fasteigna – 1903“

VEITINGASTJÓRI Í FULLT STARF

SUSHIBARINN ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA
VEITINGASTJÓRA Í FULLT STARF.

Starfslýsing

Daglegur rekstur á fjórum stöðum Sushibarsins
Starfsmannahald
Birgðarstjórnun
Umsjón þjónustu

Hæfniskröfur

Reynsla í veitingageiranum
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði
Reynsla í þjónustu (þjónusta kunnátta æskileg)

EF ÞETTA Á VIÐ ÞIG, EKKI HIKA VIÐ AÐ SENDA
UMSÓKN Á BARCO@BARCO.IS



LANDSPÍTALI ... SUÐUPOTTUR ÞEKkingAR!

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRAR

Landspítali auglýsir lausar til umsóknar 3 stjórnunarstöður á eftirfarandi deildum:
Blóðlækningadeild - Krabbameinslækningadeild - Sameinuð dag- og göngudeild á Landakoti.

Hjúkrunardeildarstjóri er leiðtogi og hefur þrjúþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og rekstrarábyrgð. Störfín eru laus 1. maí 2017 eða eftir nánara samkomulagi. Ráðið er í störfín til 5 ára, sbr. 9.gr. laga nr. 40/2007 og stefnu Landspítala í ráðningum stjórnenda.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR, SPENNANDI TÆKIFÆRI, VERTU MEÐ!

Ný og sameinuð bráðaskurðeild opnar næsta haust

Starfsmenn og stjórnendur vinna nú að skipulagi nýrrar deildar sem og margvíslegum umbótum sem nýjum starfsmönnum býðst að vera þátttakendur í.

Deildin þjónar einstaklingum sem glíma við sjúkdóma í efri og neðri hluta meltingarveggar og í þvaggfærum. Unnið er í vaktavinnu og er starfshlutfall og vinnufyrirkomulag samkomulagsatriði.

FLEIRI STÖRF ERU Í BOÐI

Starfsmaður á svefnrannsóknarstofu lyflækningasviðs / Heilbrigðisritari / Skrifstofumaður / Námsstöður deildarlækna í bráðalækningum/ Matartæknir og starfsmaður í eldhús Landspítala

Kíktu á starfasíðu Landspítala www.landspitali.is/mannaudur og á Facebook www.facebook.com/storfalandspitala



Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.



DIGITAL CONTENT CREATOR

Össur is seeking a creative individual to join the Branding and Communication team as a Digital Content Creator. This position will include planning, creating, shooting, directing, and editing video and photography content, as well as working closely with other markets to integrate content into a variety of communication channels including social media.

RESPONSIBILITIES

- Producing videos from start to finish: conceptualizing, storyboarding scripts, coordinating, writing, shooting, and post-production editing.
- Lead and manage social media channels across multiple platforms.
- Coordinate and execute media projects with cross-functional teams in a global environment.

QUALIFICATIONS & SKILLS

- University degree or equivalent experience in digital journalism, multimedia, or communications.
- Advanced video skills and a good eye for photography.
- Proficient in Adobe software, including Adobe Premiere Pro.
- Past experience building audiences either online or offline.
- Exceptional knowledge of social media design techniques and trends.
- Driven to evaluate current technological changes, and how they could best be applied to Össur.
- Ability to think strategically, and identify and resolve problems while maintaining a positive attitude.
- Creative and process driven.
- Excellent communication skills in written and spoken English.

Application period ends March 5th, 2017.

Please apply on our website: ossur.is/maunaudur under the appropriate position.

For further information contact Human Resources +354 515 1300.



Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide. The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.



WWW.OSSUR.COM



Icelandair hótel leita að sérfræðingi í mannauðsdeild

Starfssvið sérfræðings er fjölbreytt og lifandi þar sem fólk með brennandi áhuga á mannauðsmálum og ríka samskiptahæfni fær að njóta sín. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Reynsla starfi á sviði mannauðsmála
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á kjarasamningum og vinnuréttarlöggjöf kostur
- Góð færni í íslensku og ensku
- Góð Excel kunnátta
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni til að vinna í hóp
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Starfssvið

- Umsjón og eftirfylgni með innleiðingu mannauðskerfis
- Kennsla og þjálfun á mannauðskerfi og stuðningur við stjórnendur
- Viðhald starfsmannaupplýsinga og ferla
- Ráðgjöf og þjónusta við stjórnendur
- Gerð ráðningarsamninga og starfslýsinga
- Gerð ferla, mælikvarða og markmiða í mannauðsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hjá Icelandair hótélum starfar úrvals hópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum.

Icelandair hótélin leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Nýir starfsmenn fá vandaða kynningu á fyrirtækinu og fara í gegnum markvissa þjálfun til þess að geta tekist á við störf sín af öryggi. Unnið er að stöðugri framþróun og starfsmönnum veitt tækifæri til vaxtar og þroska í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Björk Baldvinsdóttir, starfsmannastjóri: bjorkbal@icehotels.is

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs: erlaosk@icehotels.is

Sótt er um rafrænt á heimasíðu félagsins, www.icelandairhotels.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2017.

Icelandair hótel eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótel undir fjórum ólíkum vörumerkjum: Icelandair Hotels, Eddu hótélin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 800 manns.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

Sumarstörf hjá Olíudreifingu

Við leitum að bílstjórum með meirapróf staðsetta í Reykjavík, Austurlandi, Vesturlandi og Akureyri. Um fjölbreytt störf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip.

Leitað er af fólki sem hefur ríka þjónustulund og getur unnið sjálfstætt.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík, Austurland og Vesturland) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljóttandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is.

Olíudreifing | Hólmaslóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | odr@odr.is | www.oliudreifing.is

Sótt er um störf á vef Olíudreifingar www.odr.is

Ráðningartíminn er sveigjanlegur, getur verið allt frá byrjun apríl til loka september.



Olíudreifing

Sölumaður óskast

Ísbíllinn leitar að sölumönnum í fullt starf, sumarvinnu, eða kvöld og helgarvinnu.

Góð laun fyrir góða starfsmenn.

Umsókn og ferilskrá sendist fyrir 6. mars á umsoknir@isbillinn.is



www.isbillinn.is



HEGAS ehf. óskar eftir að ráða lagerstjóra

Starfsvið:

- Lagerstjórn.
- Umsjón og tiltekt pantana.
- Vörumóttaka.
- Losun gáma.
- Lyftarapróf.

Við leitum að hressum, samviskusömum og traustum starfsmanni í áhugavert og krefjandi framtíðarstarf hjá framsæknu og traustu fyrirtæki. www.hegas.is Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Umsækjendur vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 3. mars 2017 á netfang: hegas@hegas.is



Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is www.vinnueftirlit.is

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða eftirlitsfólk í fyrirtækjaeftirlit. Starfsstöð í Reykjavík og á Egilstöðum

Viðfangsefni:

- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980
- Rannsókn vinnuslysa
- Fræðsla og upplýsingagjöf á sviði vinnuverndar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á tækni-, heilbrigðis- eða félagssviði.
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð greiningarhæfni
- Góð íslenskukunnátta og þjálfun í framsetningu ritaðs máls
- Kunnátta í ensku og/eða Norðurlandamálum er æskileg
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Sveigjanleiki og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi er kostur
- Tölvufærni

Starfshlutfall er 100% og starfið felur í sér ferðalög að hluta til.

Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs.

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til **6. mars nk.**

Vinsamlegast sækjið um á vef Starfatorgs eða á heimasíðu Vinnueftirlitsins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svava Jónsdóttir sviðsstjóri, svava@ver.is í síma 550 4600

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu www.vinnueftirlit.is.

Frumkvæði - Forvarnir - Fagmennska



Blóðskimun til bjargar

Þjóðaráttak gegn mergæxlum



HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU?

Auglýst er eftir lækni og lífeinda-/náttúrufræðingi til starfa við vísindarannsóknina Bóðskimun til bjargar – Þjóðaráttak gegn mergæxlum. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstíg mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York. Skimað verður fyrir forstígi mergæxlis með blóðprufu og þeim einstaklingum sem greinast með forstígi mergæxlis verður fylgt eftir í klínískri tilraun.

LÆKNIR

Helstu verkefni:

- Móttaka þátttakenda rannsóknarinnar
- Skipulagning á vinnu rannsóknarteymisins
- Stýra klínískri rannsókn
- Viðtöl og sýnatökur skv. verkferlum
- Vísindastörf, greinaskrif, kynning niðurstaðna á alþjóðlegum ráðstefnum. Samhliða starfinu er mögulegt að stunda doktorsnám

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Kandídatpróf í læknisfræði
- Íslenskt lækningaleyfi
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er æskileg
- Reynsla af því að vinna í teymi
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð

LÍFEINDA-/NÁTTÚRUFRAÐINGUR

Helstu verkefni:

- Einangrun fruma úr beinmerg og greining með frumuflæðisjá (flow cytometer)
- Meðferð, flokkun og skráning sýna
- Umsjón yfir rannsóknnum í frumuflæðisjá á sýnum úr beinmerg og blóði
- Einangrun plasmafruma úr beinmerg
- Aðkoma að lífsýnasafni

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- B.Sc. gráða á sviði lífeindafræði, líffræði eða lífefnafræði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfinu er æskileg
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er æskileg
- Reynsla af störfum á rannsóknastofu er æskileg
- Reynsla af því að vinna í teymi

Hægt er að sækja um störf og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: http://www.hi.is/laus_storf

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Vélstjóri óskast í viðhald og viðgerðir

Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldadal leitar að áhugasömum, klárum, úrræðagóðum og glöðværum einstaklingi, karli eða konu, til starfa hjá fyrirtækinu til að sjá um viðhald og viðgerðir á vélum og tækjum verksmiðjunnar á staðnum.

Viðkomandi þarf að hafa vélstjóraréttindi og/eða sveinspróf í vélsmíði eða er að ljúka slíku námi. Að minnsta kosti þarf viðkomandi að hafa góða reynslu af viðhaldi og viðgerðum á vélum og tækjum og geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

Hjá Íslenska kalkþörungafélaginu mun viðkomandi hafa umsjón með véla- og tækjakosti fyrirtækisins, m.a. tveimur öflugum rafknúnum þurrkurum, mengunarvarnarbúnaði og lyfturum auk dísilknúins hjólafrana sem notaður er við efnisflutninga og útskipun afurða.

Menntun og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um reynslu af viðhaldi og viðgerðum á vélum og tækjum.
- Hjá félaginu starfar fólk af ýmsum þjóðernum og þarf viðkomandi því að búa yfir góðri enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli.
- Öryggisvitund.
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Samvirkusemi og vandvirkni.
- Jákvæðni, áhugi á starfinu og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vinnuvélaréttindi.

Rekstur Íslenska kalkþörungafélagsins er í stöðugri framþróun. Félagið framleiðir hágæða fódurbæti og fæðubótarefni úr kalkþörungum úr Arnarfirði og er árleg framleiðsla félagsins um 50 þúsund tonn af mismunandi kalkafurðum. Eigendur félagsins eru frumkvöðlar á sínu sviði sem einkum vinna að þróun ýmissa afurða úr kalkþörungum fyrir fæðubótarmarkað og til sýrustillingar og vatnshreinunar á mörkuðum víða um heim. Eru framtíðarmöguleikar því miklir.

Í boði er krefjandi starf í fallegu umhverfi Vestfjarða þar sem fjölmargar af helstu náttúruperlum landsins eru í næsta nágrenni. Á Bíldadal er vaxandi atvinnulíf ásamt gróskumiklu mannlífi þar sem íbúatalan fer hækkandi. Á Bíldadal er góður leik- og grunnskóli ásamt íþróttastöðu auk þess sem sundlaugar og heilsugæsla eru í næsta nágrenni ásamt tækifærum til margvíslegra vetraríþróttar.

Kynntu þér málið


Allar nánari upplýsingar veitir Jóhann Magnússon framleiðslustjóri í síma 863 7558. Einnig má senda honum fyrirspurnir á johann@iskalk.is.

Umsóknarfrestur til 7. mars

Umsóknir ásamt ferilskrá berist skrifstofu Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldadal, en þau má líka senda á netfangið johann@iskalk.is.



ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?



YFIRMAÐUR FRAMLEIÐSLU OG AÐFANGASTÝRINGAR

Marel leitar að öflugum einstaklingi til að leiða framleiðslu Marel á Íslandi. Starfið er hluti af alþjóðlegu framleiðslusviði Marel þar sem 1500 starfsmenn víðsvegar um heim starfa við framleiðslu- og aðfangastýringu (Global Supply Chain). Í framleiðslu Marel á Íslandi starfa 200 manns.

Starfið krefst úrvaleisliðtogafærni og stjórnunarhæfni, reynslu í breytingastjórnun og umbótastarfi. Þekking á framleiðsluferlum og rekstri er skilyrði, reynsla úr tæknivæddu alþjóðlegu framleiðsluumhverfi er mikill kostur. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra framleiðslu Marel á Norðurlöndum. Í starfinu felast samskipti við starfsstöðvar Marel erlendis sem og alþjóðleg svið félagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars.
Sækja þarf um rafrænt á marel.is/störf.

Um er að ræða umfangsmikið stjórnunarstarf á sviði framleiðslu og aðfangastýringar, uppbyggingu hvetjandi vinnustaðamenningar og öflugrar liðsheildar, stefnumörkun og rekstur í samræmi við stefnu Marel og alþjóðleg svið félagsins.

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristian Madsen, framkvæmdastjóri framleiðslu Marel á Norðurlöndum, kristian.madsen@marel.com og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri Marel á Íslandi sigridur.stefansdottir@marel.com.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsuefningu starfsfólks m.a. með góðu mótuneyti og framúrskarandi íþróttastöðu.





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Þjónustufulltrúi (smiður) óskast til starfa á byggingadeild skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Um er að ræða starf hjá byggingadeild skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Byggingadeild sér um áætlanagerð, hönnun, útboð, framkvæmd og eftirlit með stofnframkvæmdum ásamt viðhaldi fasteigna eignasjóðs. Meðal verkefna byggingaeildar eru nýbyggingar, endurgerð og viðhald leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkja og sundlauga, frístundaheimila, ýmissa menningarstofnana og annarra stofnana og fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar.

Starfssvið

- Minniháttar smíðavinna vegna fasteigna Reykjavíkurborgar.
- Er í samskiptum við aðra iðnaðarmenn og verktaka varðandi viðhald fasteignanna.
- Áætlanagerð vegna ýmissa smærri viðhaldsverka í tengslum við viðhaldsáætlun fasteigna.
- Gerir áætlanir vegna viðhaldsverka í tengslum við viðhaldsáætlun fasteigna.
- Samskipti við notendur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsa- eða húsgagnasmíði.
- Reynsla af viðhaldsverkefnum fasteigna er kostur.
- Lipurð, samvirkusemi og færni í mannlegum samskiptum.
- Verklagni.
- Likamleg hreyfing.
- Almenn tölvufærni.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða ótímabundna ráðningu (100% starfshlutfall) og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Samiðnar. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir laus störf „þjónustufulltrúi hjá byggingadeild“. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2017.

Nánari upplýsingar um störf veitir Agnar Guðlaugsson (agnar.gudlaugsson@reykjavik.is) deildarstjóri byggingaeildar í síma 411-1111.

Vakin er athygli á því markmiði mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra á fagskrifstofu frístundamála

Skóla og frístundasvið auglýsir eftir verkefnastjóra til starfa á fagskrifstofu frístundamála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Fagskrifstofa frístundamála leiðir stefnumótun og hefur yfirumsjón með frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og unglínga. Hlutverk skrifstofunnar er að efla og þróa fagumhverfi frístundastarfs með áherslu á börn og unglínga. Skrifstofa frístundamála er hluti af fagskrifstofu SFS, en þar eru einnig skrifstofur leik- og grunnskólamála. Frístundamiðstöðvar sjá um rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í hverfum borgarinnar.

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á þverfaglegri samvinnu, ráðgjöf og handleiðslu vegna starfsemi í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum fyrir 6-16 ára börn og unglínga, starfsemi ungmennaráða hverfanna og Reykjavíkurráði ungmenna. Verkefnisstjóri er hluti af stjórnendateymi frístundahluta SFS og tekur þátt í heildarstefnumótun SFS. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála.

Helstu verkefni:

- Þverfagleg samvinna, ráðgjöf og handleiðsla vegna barna- og unglíngastarfs á vegum skrifstofu frístundamála.
- Miðlun upplýsinga og gagna er tilheyra barna- og unglíngastarfi ásamt eftirfylgd með framkvæmd starfseminnar.
- Miðlægt utanumhald um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva; skipulagning, innritun og skráning.
- Þátttaka í matsteymi sem vinnur að ytra mati á gæðum frístundastarfs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði uppeldismentunar, s.s. tólmstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.
- Meistarapróf á sviði uppeldismentunar eða stjórnunar eða mikil starfs- og stjórnunarreynsla á viðkomandi sérfræðisviði.
- Viðtæk reynsla af starfi með börnum og unglíngum.
- Viðtæk þekking og reynsla af frítímastarfi.
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga ásamt greiningu gagna.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.


Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2017.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Sigfríð Sigurðardóttir, mannauðsráðgjafi, netfang sigfrid.sigurdardottir@reykjavik.is eða Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, soffia.palsdottir@reykjavik.is. Sími 411-1111.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Rekstrartæknifræðingur með viðtæka reynslu af uppbyggingu og rekstri íbúðafélags leitar að starfi.

Hef starfað undanfarin 16 ár í forsvari fyrir stórt húsnæðisfélag. Starfaði áður í 8 ár fyrir hagsmunagæslufélag á sviði váttryggingarstarfsemi.

Starf við ráðgjöf, stjórnarstarf, hlutastarf eða fullt starf kemur til greina.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma: 764-7502

Garri er leiðandi innflutningsaðili á mat- og hreinlætisvöru til fyrirtækja og stofnana. Garri hefur starfað frá 1973.

SUMARSTÖRF Á LAGER

Garri heildverslun óskar eftir að ráða starfsmenn í sumarstörf á lager að Lynghálslí, Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Tiltekt pantana
- Almenn lagerstörf

Hæfniskröfur:

- Nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Íslenskukunnátta æskileg

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið karl@garri.is merkt; **Sumarstarf 2017**

Umsækjendur sem ekki taka sumarfrí á ráðningartíma ganga fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2017.

www.garri.is
5 700 300



Skaftárhreppur

Laus störf í Skaftárhreppi

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfssvið Hjúkrunarforstjóra

- Veitir heimilinu forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri þess
- Skipuleggur starfið og hefur faglega forystu á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu

Menntunar og hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af rekstri og stjórnun á sviði öldrunarmála
- Viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum og geta unnið sjálfstætt og skipulega

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 16 hjúkrunarrými, 2 dvalarrými og 1 dagdvalarrými. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2017.

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið sveitarstjori@klaustur.is.

Nánari upplýsingar veitir:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri, sími: 487 4840, netfang: sveitarstjori@klaustur.is eða

Á Kirkjubæjarklaustri er gott mannlíf, þar búa um 130 manns en íbúar Skaftárhrepps eru um 480 talsins. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.
Veðurfar og náttúrufergurð Skaftárhrepps er rómað.

Við leitum að **starfsmönnum** á fagsviði rafbúnaðar vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar

Um er að ræða tvö störf sem fela í sér eftirlit með uppsetningu og prófunum á rafbúnaði. Starfsstöð verður á framkvæmdasvæði stækkunar Búrfellsvirkjunar á Þjórsársvæðinu.

- Rafvirkjamenntun, iðnfræði- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af eftirliti á verkstað
- Reynsla og þekking á uppsetningu rafbúnaðar
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum

Við leitum að öflugum og fjölhæfum **stöðvarverði** á Þjórsársvæði

Í starfinu felst rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á Þjórsársvæði. Stöðvarvörður vinnur markvisst að auknu rekstraröryggi, hagkvæmni í rekstri og hefur eftirlit með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

- Rafvirkjamenntun, iðnfræði- eða tæknifræðimenntun
- Þekking á rekstri og viðhaldi gufu-, loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is. Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði, (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 12. mars.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.





Hjúkrunarfræðingur og skrifstofustjóri við Heilsugæsluna Árbæ

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir 100% starf hjúkrunarfræðings við heilsugæslu og skólahjúkrun og 100% starf skrifstofustjóra við Heilsugæsluna Árbæ.

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2017.

Á Heilsugæslunni Árbæ eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sérnámslæknum, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, lífeindafræðingi, sjúkraliðum og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

Hjúkrunarfræðingur við heilsugæslu og skólahjúkrun

Helstu verkefni og ábyrgð

Megin starfssvið er almenn hjúkrunarstörf á heilsugæslustöð og skólahjúkrun.

Starfssvið hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu er mjög fjölbreytt. Þeir sinna meðal annars heilsuvernd barna, einstaklingum með langvinnan heilsuvanda, öldruðum, símaráðgjöf og bráðþjónustu.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir reglubundnu heilbrigðiseftirliti nemenda. Auk þess sinnir hann öðrum viðfangsefnum sem upp kunna að koma í samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra eftir þörfum hverju sinni.

Hæfnikröfur

Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði og er æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af heilsugæslu- og/eða skólahjúkrun. Starfið krefst mikillar samskiptahæfni, reynslu af og áhuga á teymisvinnu og þverfaglegu samstarfi. Viðkomandi þarf að hafa faglegan metnað, áhuga á að vinna með börnum og að þróa og efla þjónustu heilsugæslunnar.

Nánari upplýsingar

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi. Jafnframt skal leggja fram leyfisbréf og staðfestar upplýsingar um menntun.

Skrifstofustjóri

Helstu verkefni og ábyrgð

Ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu, þ.m.t. móttöku og símsvörun. Aðstoðar svæðisstjóra við skráningu á gögnum er varða rekstur stöðvarinnar. Gagnir starfi kerfisumsjónarmanns. Vinnur jafnframt sem heilsugæslu- eða móttökuritari þegar svo ber undir.

Hæfnikröfur

Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið lækningaránámi og eða sambærilegu námi eða hafi starfsreynslu af læknaritun. Leitað er eftir umsækjanda með reynslu af

móttöku á heilsugæslustöð og verkstjórn. Æskilegt er að viðkomandi þekki Sögukerfið og hafi góða almenna tölvukunnáttu.

Starfið krefst afburða lipurðar í mannlegum samskiptum, sveigjanleika, skipulagshæfni, trúmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR - stéttarfélagi í almannathjónustu. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Frekari upplýsingar veita: Helga Sævarsdóttir - helga.saevarsdottir@heilsugaeslan.is - 585-7800 og Óskar Sesar Reykdalsson - oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is - 585-7800.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu
manneskjuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is



www.rafstjorn.is



Laus er staða skólastjóra við Grunnskólann á Eskifirði

Leitað er að kraftmiklum og lausna-miðuðum leiðtoga sem er tilbúinn að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í Fjarðabyggð.

Grunnskólinn á Eskifirði er um 150 nemenda skóli og í sama húsnæði er tónlistarskóli, bókasafn og elsta deild leikskólans. Milli þessara stofnana er mikið og gott samstarf.

Í skólunum ríkir góður starfsandi og þar er góð vinnu-aðstaða. Einkennisorð skólans eru „virðing, þekking, færni og áráði“. Skólinn nýtir uppeldisaðferðirnar Uppeldi til ábyrgðar og ART og tekur virkan þátt í ýmsu þróunarstarfi með öðrum skólum í Fjarðabyggð svo sem bættum árangri í læsi og stærðfræði og verklegt er vitið. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans; www.grunnesk.is.

Sjá nánar um helstu störf, menntun og hæfniskröfur á www.fjardabyggd.is undir *Laus störf*.

Allar frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

Umsóknir og umsóknarfrestur

Staðan er laus frá 1. ágúst 2017. Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 12. mars. Umsóknir berist rafrænt á fjardabyggd@fjardabyggd.is eða í merktu umslagi á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði.

Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmæli-endur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjólfjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.



365 óskar eftir góðu fólki

SAMFÉLAGSMIÐLASÉRFRÆÐINGUR

Markaðsdeild 365 óskar eftir samfélagsmiðlasérfræðingi í 50% starf.

Helstu kröfur:

- Þekking og reynsla af notkun helstu samfélagsmiðla, s.s. Facebook, Instagram, Snapchat og Twitter.
- Reynsla af notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta til að vinna í hópi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Sérfræðingur í bókhaldi og uppgjöri sjóða

Bókhald og uppgjör sjóða tilheyrir Viðskiptaumsjón og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri lífeyrissjóða í vörslu bankans og verðbréfasjóða Landsbréfa. Leitað er að talnaglögnum og kraftmiklum einstaklingi með góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og uppgjöri.

Helstu verkefni

- » Uppgjör lífeyrissjóða og verðbréfasjóða
- » Dagleg bókun verðbréfasjóða
- » Skýrslugerð til FME og Seðlabankans

Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla af bókhaldi og uppgjöri
- » Góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármála-markaða
- » Frumkvæði og fagmennska
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Ásta M. Þórhallsdóttir, deildarstjóri Bókhalds og uppgjörs sjóða í síma 410 7975 eða astath@landsbankinn.is og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914 eða bergblind.ingvarsdottir@landsbankinn.is.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í bókhaldi og uppgjöri sjóða* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2017.



Jafnlaunaúttekt
PwC



BYGG býður þér til starfa

BÚUM
BETUR



www.bygg.is

BYGGINGASTJÓRI

Vantar vanan einstakling með gilt starfsleyfi Byggingastjóra.

Upplýsingar veitir:
Gunnar S:693-7310, gunnar@bygg.is

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförunum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. **Traust framtíðarvinna í boði.**

BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

NEED A JOB?

AP-Prif is looking for people to hire. Must speak english or icelandic. Preferably between 20–40 years of age. Driving license and clean criminal record is required.

Please send application via email at gerda@ath-thrif.is titled "Job".



AP-PRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND

FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.IS

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



FRAMTÍÐAR- OG SUMARSTÖRF HJÁ EIMSKIP

Eimskip leitar að öflugum og þjónustulipru fólki í sumarafleysingar og framtíðarstörf

BÍLSTJÓRAR

Starfslýsing og hæfniskröfur:

Sumar- og framtíðarstörf við akstur dráttar- og flutningabíla, innanbæjar og úti á þjóðvegum.

- Dag- og vaktarvinna.
- Meirapróf (C) er skilyrði.
- Réttindi til að aka með tengivagn (CE) er kostur.
- ADR réttindi til flutnings á hætulegum farmi kostur.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sigurðsson dreifingarstjóri, eys@eimskip.is

HAFNARSVÆÐI EIMSKIPS Í REYKJAVÍK

Starfslýsing og hæfniskröfur:

Sumar- og framtíðarstörf á hafnarsvæði Eimskips í Reykjavík.

- Almennur vinnutími á tvískiptum vöktum.
- J réttindi eru skilyrði.
- K réttindi eru kostur.

Nánari upplýsingar veitir Bernharður M. Guðmundsson, ráðgjafi í mannauðsdeild, bmg@eimskip.is

Almennar hæfniskröfur sem gerðar eru:

- Íslenskukunnátta eða göð enskukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Almenn hreyfing

Við hvetjum áhugasama til að sækja um. Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is



Tækjamaður á skotbómulyftara,



verkfræðingar, tæknifræðingar



og verkstjórar:

Eykt vill ráða **verkfræðinga** og **bygginga-tæknifræðinga**, reynda jafnt sem óreynda, í spennandi verkefni. Við óskum eftir öflugum **verkstjórum** til starfa sem fyrst, og viljum einnig ráða öfluga **tækjamenn**.

Hafið samband við palld@eykt.is (Páll Daníel) eða í síma 595 4400. Allar fyrirspurnir eru trúnaðarmál og öllum verður svarað.

eykt.is

Á síðustu **30** árum hefur Eykt byggt yfir **600** íbúðir, **27** brýr og önnur samgöngumannvirki og **tvö** orkuver. Við höfum byggt og innréttað meira en **200** þúsund fermetra af skrifstofu- og þjónustuhúsnæði, skóla um allt land, sundlaug, rannsóknarstofur, lögreglustöð, frystihús, sumarhús og meira að segja salerni á fjöllum.

Við höfum lært að hagkvæmni næst með vönduðum vinnubrögðum, aga, reynslu og þekkingu.





Spennandi sumarstörf í Kópavogi

Nú getur þú sótt um **sumarstarf** hjá Kópavogsbæ

Tekið er á móti umsóknum á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.

Þar má finna nánari upplýsingar um störfín sem eru í boði.

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1999 eða fyrr.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ATVINNA

AP-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.

Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á gerda@ath-thrif.is merkt „ATVINNA“



AP-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

Atvinna í boði

VÉLAMADUR

Gámaþjónustan hf. óskar eftir því að ráða vélamann í umhleðslu- og flokkunarstöð fyrirtækisins að Berghellu í Hafnarfirði.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði og meirapróf æskilegt.

Leitað er að heilsuhraustum einstaklingi sem er ekki yngri en 20 ára og með reynslu af vinnuvélum.

Um framtíðarstarf er að ræða.


Vinnutími er virka daga 07:00 – 18:00.

Nánari upplýsingar veitir Ingbór Guðmundsson stöðvarstjóri í síma: 660-2848 eða ingo@gamar.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Starfsmaður í þjónustuveri

Við leitum að öflugum einstaklingi í nýtt þjónstuver hjá okkur. Í þjónustuverinu eru 5 starfsmenn sem sinna ýmsum verkefnum en sérstaklega samskipti við viðskiptavinum og þjónusta við þá. Vinnutími er frá kl 08:00 til 17:00.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið

- Tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulega þjónustu.
- Símsvörðun og samskipti í gegnum tölvupóst.
- Afgreiðsla fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavinum.
- Skráning og eftirfylgni pantana.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bilum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Aðstoðarskólastjóri í Hördúvallaskóla

Starf aðstoðarskólastjóra við Hördúvallaskóla er laust til umsóknar. Um er að ræða nýtt starf í stjórnunarteymi skólans en frá og með hausti 2017 verða tveir aðstoðarskólastjórar við skólann. Nýr aðstoðarskólastjóri mun hafa megináðsetur á unglíngastigi skólans þar sem hann mun bera ábyrgð á og stjórna daglegu starfi. Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólustarf í samvinnu við aðra stjórnendur, starfsfólk, foreldra og nemendur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina er skilyrði
- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í grunnskólastarfi er skilyrði
- Mjög góð þekking á kennslu- og uppeldisfræðum
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Forystuhæfileikar, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017

Nánari upplýsingar gefur Ágúst Jakobsson skólastjóri (agustj@kopavogur.is) í síma 441 3600 / 847 8812.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH

RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



GRAFÍSKUR MIÐLARI

Prentmet í Reykjavík óskar eftir að ráða grafískan miðlara/prentsmið í 100% starf. Nemar koma líka sterklega til greina. Starfið er aðallega fólgið í umbúðahönnun, umbroti og grafískri hönnun.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á InDesign, Photoshop og Illustrator.

Þekking á Kasemake, sem notað er í umbúðahönnun, kæmi sér vel en er ekki nauðsynleg.

Þjálfun í boði fyrir réttan aðila. Vinnutími er kl. 8:00–16:00

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601.

Atvinnuumsókn er á

prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn

Umsóknarfrestur er til 10. mars n.k.

heildarlausnir í prentun



Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálslí 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi



SÖLUMÆÐUR ÓSKAST

Prentmet í Reykjavík óskar eftir öflugum sölumanni til starfa í sölu á prentgripum.

Mikilvægt að viðkomandi sé með gott sjálfstraust og hafi reynslu úr sölumennsku.

Menntun í faginu er ekki nauðsynleg. Þjálfun í boði fyrir rétta aðila.

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601.

Atvinnuumsókn er á

prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn

Umsóknarfrestur er til 10. mars n.k.

heildarlausnir í prentun



Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálslí 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

Hamrar hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ Hjúkrunarfræðingar óskast



Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga á Hömrum hjúkrunarheimili. Um er að ræða fastar stöður og afleysingar. Starfshlutfall samkomulag.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Frumkvæði og samskiptahæfni
- Metnaður og fagleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita:

Fríða Pálmadóttir deildarstjóri Hömrum í síma 860 7980 og Edda Björk Arnadóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700

Umsóknir má einnig senda rafrænt í gegnum vef Eirar, www.eir.is auðkenndar með **HjúkrunHamrar2017**



Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700



Fyrirmyndarfyrirtæki VR 6 ár í röð



Er kraftur í þér?

Söluráðgjafi á rafbúnaðarsviði

Johan Rönnung óskar eftir að ráða metnaðarfullan og þjónustulundaðan söluráðgjafa til starfa á rafbúnaðarsviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi í útibúi okkar við Bæjarhraun 12 í Hafnarfirði með jákvæðu og hressu starfsfólki. **Johan Rönnung** hefur 6 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin fimm ár. **Johan Rönnung** hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum á landinu til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrirtækið leggur mikið upp úr opnum og heildarlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla í rafbúnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Reynsla af sölustörfum kostur

Starfið felst í:

- Sölu og þjónustu á rafbúnaði
- Lausnamiðuðum hugsunarhætti

Upplýsingar um starfið veitir

Óskar Gústavsson í síma 5200 800 eða oskar@ronning.is. Umsóknnum skal skilað fyrir 19. mars.



Johan Rönnung hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra og Sindra Vinnuföt. Hjá félaginu starfa 95 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönnung hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

REYKJAVÍK
Klettagörðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI
Eyravegi 67
Sími 4 800 600

AKUREYRI
Draupnisgötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI
Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ
Hafnargötu 52
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

GRUNDARTANGA
Myrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830



SÝSLUMAÐURINN

Skrifstofumaður í þinglýsingum

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar starf skrifstofumanns í þinglýsingum. Um er að ræða fjölbreytt starf sem felur í sér mikil samskipti við viðskiptavinum.

Helstu verkefni skrifstofumanns:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Upplýsingagjöf, úrlausn og bakvinnsla þinglýsingamála
- Gjaldkeravinnsla
- Símsvörun í þjónustuveri

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun
- Æskileg reynsla af skrifstofustörfum
- Góð almenn tölvukunnátta og ritvinnsla
- Gott vald á íslensku
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og traust vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veita Vigdís Edda Jónsdóttir mannauðsstjóri (vigdisj@sylsumenn.is) og Bergþóra Sigmundsdóttir sviðsstjóri (bergthora@sylsumenn.is)

Starfshlutfall er 100%. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og SFR.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017

Sótt er um starfið rafrænt á sylsumenn.is/storf

Umsókn skal fylgja ferilskrá sem inniheldur upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
s. 458 2000
www.sylsumenn.is

Flotastjórnandi

Snæland Grímsson auglýsir eftir starfsmanni til starfa við flotastjórnun. Í starfinu felst yfirumsjón með niðurröðun og mönnum hópferðabíla í ferðir, þróun á kerfum félagsins og fleira.

Hæfniskröfur

- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og góð mannleg samskipti
- Góð Excel kunnátta
- Íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafn í síma 647-2227. Áhugasamir sendi umsókn á job@snæland.is, merkt *Flotastjórnun*, fyrir 7.mars.



SNÆLAND GRÍMSSON

Langhóltsvegur 109 · 104 Reykjavík · Iceland

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðapjónustufyrirtækum landsins.



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið - Höfuðborgarstofa
Verkefnastjóri ferðamála

Viltu taka þátt í að efla áfangastaðinn Reykjavík?

Höfuðborgarstofa leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að efla samkeppnisstöðu og fjölbreytileika Reykjavíkur sem áfangastaðar og taka þátt í að fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunar Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefnastjóri ber ábyrgð á að bæta upplýsingaöflun um stöðu og þróun ferðamála í Reykjavík, framkvæma vandaðar greiningar og efla samstarf og samráð við lykilaðila innan og utan Reykjavíkurborgar.

Áherslur starfsins byggja á Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

Starfið krefst:

Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bílar til sölu



Til sölu lítið ekinn MMC Pajero Árg 05, 38" full breyttur, low gir, auka olútankur auka rafkerfi ofl.. Ek 55þ km Verð 5.950þ. Uppl. í síma 8409122



Yaris 2002.Vél 1300. Ek.184.xxx.Bíll í toppstandi Verð 490þús. S:770-8121



Landrover Discovery Sport: árg. 11/2016, dísel, ssk, krókur, glerþak, leður, xenonljós, 18" felgur, 5 m., ek. 3 þ. km., hvítur. Ásett verð: 7.690.þ.(nýr bíl 8.490 þ.) Staðs.RVK. Uppl. í s. 6640514



Til sölu Opel Antara "08 ek. 108þ km fæst á 1,650 þús ásett 1,990 þús vél ek. aðeins 18. þ km mjög vel með farinn fráber bill uppl s. 616 6636




MERCEDES BENS ML350. Árgerð 2005. Ekinn AÐEINS 115þkm. Einn eigandi. Bíll í toppstandi og nýskoðaður 2,45mkr. Uppl. 6600747.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á
FRÁBÆRU VERÐI.**

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð upplí ný. Vaka s. 5676700

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



SUZUKI Grand vitara prem-n navi.cruise

Verð: 2.290.000

Árgerð: 2014 : Bensín
Ekinn: 113þ.km. : 5 girar

Rnr.302029.



HYUNDAI Tucson 4x4.

Verð: 990.000

Árgerð: 2010 : Bensín
Ekinn: 178þ.km. : 5 girar

Rnr.260046.



HYUNDAI H ix35 premium high output

Verð: 3.890.000

Árgerð: 2015 : Dísel
Ekinn: 68þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr. 197599



CHEVROLET Captiva.

Verð: 1.990.000

Árgerð: 2007 : Dísel
Ekinn: 130þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.270281.



NISSAN Pathfinder

Verð: 1.790.000

Árgerð: 2005 : Bensín
Ekinn: 174þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr. 302137.



SUZUKI Grand vitara dísel.

Verð: 2.690.000

Árgerð: 2014 : Dísel
Ekinn: 103þ.km. : 5 girar

Rnr.302027.

húsnæði óskast

Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110, Ártúnsholt / Árbær.

Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
sendtohelgi@gmail.com

til sölu



S. 773-4700 og 520-3500

Kvenfataverslun í skiptum fyrir bíl!

Til sölu verslunarrekstur með kven- og barna-fatnað, m.a. vörulager, versl. innréttingar, heimasíða, bókunarkerfi, vefverslun, Facebooksíða, talva og prentari. Góð vörumerki. Mjög hagstæð húsaleiga Verð aðeins kr. 1,9-2,0 millj. Einstakt tækifæri.

Uppl. í síma 773-4700 eða oskar@atv.is

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

fasteignir



Sími 773 4700 • www.atveignir.is

**Frábær fasteigna-fjáfestingartækifæri**

1. Skipholt – 255 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í mjög góðu ástandi. Er allt í útleigu. Möguleiki á nokkrum studió íbúðum. Frábær staðsetning. Góð lán.

2. Nýtt fullkomið geymslufyrirtæki við Glæsibæ á tæplega 900 fm gólfleti. Sjálfvirkt aðgangskerfi, eftirlitskerfi, myndavélakerfi og sprinkler kerfi á staðnum. Húsnæði og rekstur með góðum áhvílandi lánnum. 91 geymsla. Skipti möguleg.

3. Til flutnings 2200 fm verksmiðjubygging úr steinsteyptum einingum. Tilboð liggur fyrir um að taka bygginguna niður og flytja hana annað. Mikil logfthæð, stórar hurðir. Eignaskipti möguleg. Möguleiki á lóð rétt við Flugstöðina í Keflavík

Upplýsingar um ofantaldar eignir veitir Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali í s. 773-4700 og oskar@atv.is

skemmtanir



HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 25. feb
14:50 Chelsea - Swansea

Sunnudaginn 26. feb
14:00 Man.City - Man. United
16:20 Úrslitaleikur:
Man. Utd. - Southampton



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilægur klæðnaður áskilinn

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Hljómsveitin **SÍN** ásamt söngkonunni
Ester Ágústu spila um helgina.



Allir velkomnir

Gullnáman

Hvernig á að greennast?

Svarið virðist einfalt: Með því að borða minna. En hvers vegna greennast þá svona fáir? Í rannsókn Hjartaverndar, þar sem fólk á miðjum aldri kom í tvær heimsóknir á árunum 2006-2013 kom í ljós að aðeins 8% karla greenntust um meira en 5 kg milli heimsókna á meðan 92% stóðu í stað eða þyngdust. Þó voru 80% karla yfir kjörþyngd og 30% glímdu við offitu. Svipað gildi um konur.

Vafalítið hefur sú hugsun hvarflað að mörgum þeirra sem tóku þátt í rannsókn Hjartaverndar á árunum 2006-2013 að rétt væri að greнна sig

Stór ástæða þess að fólk á erfitt með að greennast liggur í stjórn heilans á líkamanum. Allar lífverur kappkosta að halda umhverfi sínu í jafnvægi (homeostasis). Þannig stýrir heilinn líkamsstarfsemi til að ná sem mestu jafnvægi. Dæmi um þetta er stjórnun á þéttni súrefnis, koltvísýrings og salt-jóna í blóði sem er haldið hárnákvæmri með ýmsum leiðum. Halda má fram að hægt sé að hafa áhrif á slíkt jafnvægi í líkamanum með viljastýrðum hætti. Það gildir til dæmis um öndun. Börn reyna gjarnan að athuga hvað þau geta haldið lengi niðri í sér andanum en komast fljótt að raun um það gengur aðeins mjög stutta stund. Líkamsþyngd þ.e. orkuefnaskiptunum, er stjórnað með viðlíka hætti. Þetta sést glögg ef magn þeirrar fæðu sem neytt er á ákveðnu tímabili, t.d. yfir eitt ár, er skoðað í sambengi við líkamsþyngdina. Þyngdin helst oftast tiltölulega jöfn frá ári til árs þrátt fyrir mikla „veltu“ í þeirri fæðu sem neytt er. Þarna eru að verki mikilvæg stjórnæki líkamans sem vernda okkur gegn orkuskorti, en orkuskortur er bein hótun við líf viðkomandi. Mikill orkuforði á formi líkamsfitu er ekki viðlíka hótun. Heilinn kappkastar að halda þyngdarjafnvægi, fyrst og fremst til að koma í veg fyrir orkuskort.

Þessi stýring heilans á orkubúskapnum hefur mikið verið rannsökuð. Fjöldmörg boðefni og hormón hafa verið uppgötvað sem eru hluti af þessu kerfi. Það hefur hvatt lyfjaframleiðendur til að reyna að þróa lyf sem hafa áhrif á líkamsþyngdina. Það hefur þó ekki borið mikinn árangur. Aðeins eitt



Bolli segir stóra ástæðu þess að fólk eigi erfitt með að greennast liggja í stjórn heilans á líkamanum. MYND/EYÞÓR

lyf við offitu er skráð hér á landi. Það lyf dregur úr frásogi fitu í görn en hefur ekki bein áhrif á sjálfa líkamsþyngdarstjórnunina. Önnur lyf sem sem fást við sjálfa þyngdarstjórnunina hafa verið reynd á tilraunadýrum en hafa flest aðeins skammvinn áhrif til megrunar. Þetta hafa menn talið

ad geti skýrst af því, að sé ein boðleið í þyngdarstjórnuninni trufluð taki önnur við. Þannig hafi í gegnum þróun mannlíkamans komið fram fjöldmörg stjórnkerfi sem geti tekið við hvert af öðru ef eitt bregst. Því sé ekki einfalt að hafa áhrif á þessi kerfi með lyfjum.

Lærdómur sem draga má af

þessari vitneskju er að það er mikilvægt að allir, einkum ungt fólk, átti sig á því að líkamsþyngd er erfitt að stilla af eftir hentugleika. Þótt megrunarkúrar séu flestir árangursríkir til skamms tíma lítið, þekkja flestir að þyngdin leitar aftur í sama farið eftir einhverja mánuði eða ár. Að berj-

Lærdómur sem draga má af þessari vitneskju er að það er mikilvægt að allir, einkum ungt fólk, átti sig á því að líkamsþyngd er erfitt að stilla af eftir hentugleika. Að berjast gegn viðleitni heilans til að viðhalda jafnvægi með viljastýrðum ákvörðunum getur reynst erfitt.

Bolli Þórsson

ast gegn viðleitni heilans til að viðhalda jafnvægi með viljastýrðum ákvörðunum getur þannig reynst erfitt. Of algengt er að ungt fólk láti eftir sér að fitna t.d. þegar fólk hættir að reykja, vinnur að erfiðu verkefni eða fer í erfiðu próf. Einnig hættir ungunum meðrum til að fitna of mikið á meðgöngu. Megrnun sem fólk ætlar í „einhvern tíma seinna“ er ólíkleg til að hafa langtíma áhrif. Vörumst því að „kynna“ fyrir heilanum í okkur það ástand að hafa mikið orkuforðabúr því líklega mun hann líta á það sem eðlilegt ástand. Vörumst fitugildruna!

Bolli Þórsson, innkirtlasérfræðingur

Fimm áratuga forvarnarstarf

Rannsóknarstöð Hjartaverndar var stofnuð árið 1967. Sama ár var hóprannsókn Hjartaverndar hleypt af stökkunum en með því var lagður grunnur að starfsemi Hjartaverndar í dag sem hverfist um að fylgjast með áhættuþáttum og faraldsfræði kransæðasjúkdóma.



Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar



Karl Andersen, stjórnarformaður Hjartaverndar

Á árunum upp úr 1950 urðu lækningar á lyflækningadeild Landspítala þess varir að innlögnum vegna bráðrar kransæðastíflu fjölgaði verulega. Á þessum árum var lítið vitað um það hvað olli sjúkdómnum og engin sérhæfð meðferð var til. Um það bil þriðjungur þeirra sem veiktust létust af sjúkdómnum áður en þeir náðu að útskrifast af sjúkrahúsini og oft var þetta fólk á besta aldri. Þrír lækningar sem störfuðu á lyflækningadeildinni á þessum árum, þeir Sigurður Samúelsson, Theodór Skúlason og Snorri Páll Snorrason sáu að við svo varð ekki búið. Þeir kölluðu til fundar í turnherbergi Hótel Borgar miðvikudaginn 15. apríl 1964 þar sem Hjartaverndarfélag Reykjavíkur var stofn-

ad. Litlu síðar voru landssamtök hjartaverndarféлага: Hjartavernd stofnuð.

Tilgangur félagsins var strax í upphafi, eins og segir í fyrstu lögum samtakanna: „barátta við hjarta- og æðasjúkdóma, útbreiðslu þeirra og afleiðingar“ og til þess að ná þeim markmiðum hugðust menn stuðla að auknum rannsóknum á þeim hérlendis. Það var svo árið 1967 sem Rannsóknarstöð Hjartaverndar var stofnuð og Hóprannsókn Hjartaverndar hleypt af stökkunum. Þetta var ein stærsta faraldsfræðilega rannsókn á hjarta- og æðasjúkdómum sem framkvæmd hafði verið á þeim tíma. Með því var lagður grunnurinn að því starfi Hjartaverndar sem haldið hefur verið uppi æ síðan, að fylgjast með áhættuþáttum og faraldsfræði kransæðasjúkdóma hjá íslensku þjóðinni.

Hjá Hjartavernd hefur einnig verið lögð áhersla á rannsóknir á öðrum langvinnnum sjúkdómum. Helst er þar að nefna Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Þar hefur safnast gífurleg þekking á þróun sjúkdóma í öldrun og möguleika á því að hafa áhrif á þá þróun.

Frá upphafi hefur Hjartavernd lagt áherslu á að koma niðurstöð-

» Frá upphafi hefur Hjartavernd lagt áherslu á að koma niðurstöðum rannsókna sinna til almennings og heilbrigðisstarfsfólks og er Handbók Hjartaverndar og áhættureiknir Hjartaverndar hluti af því.

um rannsókna sinna til almennings og heilbrigðisstarfsfólks og er Handbók Hjartaverndar og áhættureiknir Hjartaverndar hluti af því starfi. Hver og einn getur reiknað út líkur á því að hann fái kransæðasjúkdóm á næstu 10 árum með áhættureikni Hjartaverndar sem er opinn almenningi og fagfólki á netinu. Hjartavernd hefur einnig staðið að útgáfu ritraðar fræðslubæklinga um áhættu hjarta- og æðasjúkdóma og gaf út Tímarit Hjartaverndar samfellt í 38 ár.

Hjartavernd er mjög virkt í því að koma vísindalegum niðurstöðum sínum á framfæri til annarra vísindamanna og birtir árlega rannsóknarniðurstöður í mörgum tugum alþjóðlegra lækisfræði og vísindatímarita í fremstu röð. Hjartavernd er einnig í náinni samvinnu við Háskóla Íslands og eru nokkrir starfsmenn Hjartaverndar einnig starfsmenn háskólans.

Á þeim fimm áratugum sem nú eru liðnir frá því að brautryðjendastarf Sigurðar Samúelssonar og félaga hófst hefur mikið áunnist. Við vitum nú að dauðsföllum vegna kransæðasjúkdóma hefur fækkað jafnt og þétt frá því um 1980 en eru samt sem áður helsta orsök ótímabærra dauðsfalla á Íslandi. Við þekkjum allar helstu orsakir þessara sjúkdóma og vitum að um 80-90% þeirra er hægt að koma í veg fyrir vegna þess að þeir ráðast af lífsstíl okkar og venjum. Við vitum sömuleiðis að með markvissum aðgerðum má hafa áhrif á þessa þætti og draga úr sjúkdómsbyrði. Þættir eins og reykingar, óhollt mataræði og hreyfingarleysi hafa legið til grundvallar stórum hluta kransæðasjúkdóma og eru sem betur fer á undanhandi. Þetta má að miklu leyti þakka markvissum lýðheilsuinngrípum sem allar þjóðir geta ekki státað af. Við

höfum líka skyggst inn í framtíðina og sjáum að á næstu árum og áratugum eru það vaxandi offita og sykursýki sem koma til með að valda auknum ótímabærum dauðsföllum ef ekki verður gripið í taumana. Við þekkjum verkfærin sem þarf að nota til að draga úr þessum áhrifum og vitum að til þess þarf að beita lýðgrunduðum forvarnaaðgerðum sem ná til alls almennings. Dæmi um þetta eru reglugerðir um innihald matvæla og auknir möguleikar til að ferðast bíllaust í og úr vinnu. Hér þurfa allir að leggja stóð til þess að ná árangri, stjórnvöld, sveitarfélög, íþróttafélög, skólar, vinnuveitendur, fagfélög og heimili.

Sá árangur sem náðst hefur í forvörnum hjarta- og æðasjúkdóma hér á landi er engin tilviljun heldur byggir hann á markvissum aðgerðum í lýðheilsu. Þessar aðgerðir eiga stóð í þeirri þekkingu sem hefur meðal annars skapast með margra ára vísindastarfi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar. Hjá Hjartavernd verður áfram unnið að forvörnum hjarta- og æðasjúkdóma byggð á faraldsfræðilegum gögnum og vísindarannsóknum. Þar er mikið starf óunnið. Sjá nánar á hjartavernd.is

Ör framþróun í ósæðarloku aðgerðum

Ósæðarlokun er sú hjartaloka sem algengast er að þarfnist viðgerðar vegna lokuprengsla og/eða lokuleka. Ósæðarloku aðgerðir með þræðingataekni hafa verið framkvæmdar á Landspítalanum síðan í janúar 2012. Á þeim tíma hafa aðgerðirnar þróast mikið og til hins betra.

Algengast hefur verið að skipt sé um ósæðarlokuna í opinni hjartaaðgerð þar sem gamla lokan er tekin burt og nýrri komið fyrir í staðinn. Við opna hjartaaðgerð þarf að kljúfa bringubeinið, opna inn á hjartað, tengja sjúkling við hjarta- og lungnavél, stoppa hjartað og skipta svo um lokuna. Í lok aðgerðar er hjartað stuðað aftur í gang og bringubeini og sárum lokað. Aðgerðin krefst svæfingar, gjörgæslulegu í 1-2 sólarhringa og 7-10 daga legu á sjúkrahúsinu. Bringubeinið er um sex vikur að gróa og endurhæfingin tekur tvo til þrjú mánuði.

Nýja lokan er ýmist úr lífrænu efni (lífræn loka) eða úr ólífrænu efni t.d. málmí eða öðru hörðu efni (mekanisk loka). Ókostur við mekanisku lokurnar er að sjúklingar þurfa ævilanga blóðþynningu með warfarini, en kostur við slíkar lokur er að þær endast lengur en lífrænu lokurnar. Ending lífrænnar loku er þó talin um 10-15 ár.

Þræðingalokur

Fyrir um tíu árum var farið að skipta um ósæðarlokur með þræðingataekni. Þessar lokur, sem kalla má þræðingalokur, eru byggðar upp þannig að á grind úr málmblöndu eru saumuð lokublöð úr lífrænu efni. Grindina er hægt að krumpa á æðalegg sem er færður upp að ósæðarlokunni gegnum slagæð og henni sleppt þar eða hún blásin upp með belg. Þessar lokur eru úr svipuðu efni og lífrænar lokur sem settar eru í opnu hjartaaðgerðunum. Lokublöðin eru oft gerð úr gollurshúsi svína eða nautgripa.

Algengast er að færa þessa nýju loku upp í hjartað frá náraslagæðinni enda hefur sú leið reynst gefa bestan árangur og minnsta fylgikvilla. Þó er hægt að fara aðrar leiðir að hjartanu t.d. milli rifja í vinstri svíðu og beint í gegnum hjartabroddinn, um slagæð undir viðbeini eða slagæð á hálsi. Einnig er hægt að fara beint gegnum ósæðina en þá þarf að opna brjóstholið svipað og við opna hjartaaðgerð. Þræðingalokurnar endast að líkindum eins og aðrar lífrænar lokur en það á eftir að staðfesta það þegar lengri reynsla fæst af þeim.



Í upphafi stóðu þræðingalokur einungis til bóða sjúklingum sem ekki var treyst í opna aðgerð. Þeir voru oftast aldriðir, með marga sjúkdóma og höfðu margir áður farið í opna hjartaaðgerð. Síðan hafa rannsóknir sýnt gagnsemi þræðingataekninnar einnig hjá eldri sjúklingum með minni sjúkdómsþyri. Nú fara fram rannsókn-



Ísetning ósæðarloku í þræðingu.



Hér sést hvernig nýja lokan þenst út.



Lokan sjálf.

ir á enn yngri sjúklingum með litla áhættu við opnar aðgerðir. Í framtíðinni má því jafnvel búast við að yngri og hraustari sjúklingar geti fengið þræðingaloku ef þær koma vel út.

Loku aðgerðir með þræðingataekni eru mikilvægt framfaraskref og góð viðbót við opna aðgerðirnar. Opna aðgerð verður samt áfram betri kostur fyrir suma sjúklinga t.d. þá sem eru aðeins með lokuleka, þá sem þurfa kransæðahjáveituaðgerð samtímis lokuskiptum, eða ef þræðingalokur er í náraeðum svo lokunni verði ekki komið upp þá leið.

Heildarkostnaðurinn er svipaður við þræðingaloku og við opna aðgerð. Verð þræðingalokanna er að lækka og sennilegt að þessi meðferð verði fljótlega ódýrari en opin aðgerð. Eftir þræðingaloku aðgerð er að jafnaði ekki er þörf á gjörgæslumeðferð, legutíminn er styttri, og hægt er að hefja endurhæfingu fyrr en eftir opna aðgerð. Kostnaður sparast við heimilisað-

stoð, hjúkrun og umönnun. Eftir báðar gerðir aðgerða fækkar svo spítalalegum og bráðamóttökuheimsóknum, auk þess sem lífs-gæði batna.

Þræðingalokur á Íslandi

Ósæðarloku aðgerðir með þræðingataekninni hafa verið framkvæmdar á Landspítalanum síðan í janúar 2012 eða í fimm ár. Á þeim tíma hafa aðgerðirnar þróast mikið. Bæði hefur tækninni fleygt fram og aðgerðirnar hafa verið einfaldaðar, þær taka styttri tíma og reyna minna á sjúklingana. Þannig hefur verið hætt að svæfa sjúklingana og aðeins sumir þurfa æðalegg í háls og tímabundinn gangráð sem þurfti hjá öllum sjúklingunum áður. Ekki er lengur þörf á þvaglegg, öndunarvél eða hjartaómskoðun um vélinda. Áður þurfti að forvíkka allar gömlu lokurnar með belg áður en nýju lokunni var komið fyrir en nú er það aðeins gert í völdum tilvikum t.d. ef mikið kalk er til staðar. Síðast

en ekki síst er slíðrið sem notast er við í náraslagæðina orðið grennra en áður sem minnkar hættu á blæðingum. Vegna þessa alls er ekki lengur þörf á gjörgæslulegu eftir aðgerðina. Stórt teymi bæði lækna og starfsfólks frá ýmsum deildum spítalans kemur að aðgerðunum, eða milli 15-20 manns.

Nú hafa sjötíu sjúklingar fengið þræðingaloku á Landspítala. Meðalaldur þeirra er 84 ár. Aðgerðirnar hafa gengið vel og flestir sjúklinganna hafa bætt áreynslugetu sína og hafa minni sjúkdómseinkenni. Fylgikvillar hafa verið fáttíðari en búist var við á grundvelli erlendra rannsókna. Enginn sjúklingur hefur andast í aðgerð og aðeins einn sjúklingur hefur látist í sjúkrahúslegunni eftir aðgerð. Aðrir hafa útskrifast af sjúkrahúsinu og flestir eru enn á lífi þrátt fyrir háan meðalaldur við aðgerð.

Frekari þróun og framtíðin

Þræðingalokurnar eru taldar endast í að minnsta kosti 10 ár og

Fyrir um tíu árum var farið að skipta um ósæðarlokur með þræðingataekni. Þessar lokur eru byggðar upp þannig að á grind úr málmblöndu eru saumuð lokublöð úr lífrænu efni. Grindina er hægt að krumpa á æðalegg sem er færður upp að ósæðarlokunni gegnum slagæð og henni sleppt þar eða hún blásin upp með belg.

sennilega lengur. Ef lokan bilar t.d. eftir 10 ár er hægt að setja nýja þræðingaloku inn í þá gömlu á ný. Það á einnig við um þær lífrænu lokur sem settar eru í opnu aðgerðunum í dag, í þær er hægt að setja þræðingaloku síðar ef þörf er á.

Þær lokur sem notaðar hafa verið hér á Íslandi kallast Core-Valve og Evolute-R. Á þessu ári er vonast til að framkvæmdar verði 20-30 þræðingaloku aðgerðir á Landspítala með slíkum lokum. Einnig er stefnt að þátttöku í fjölþjóðlegri vísindarannsókn, þar sem sjúklingar sem eru yngri en 70 ára gangast annað hvort undir opna aðgerð eða fá þræðingaloku og hóparnir verða svo bornir saman.

Síðasta nýjungin, stærri loka að þvermáli en áður hefur þekkt eða 34 mm, kom á markað nú í janúar 2017. Með henni er hægt að bjóða sjúklingum með mjög stórar lokur aðgerð með þræðingu, sem áður urðu að fara í opna aðgerð eða vera án aðgerðar. Nú þegar hafa tvær slíkar lokur verið settar í á Landspítalanum með góðum árangri. Því voru tveir íslenskir sjúklingar með þeim fyrstu í heiminum að fá svo stóra loku.

Áfram verður fylgst náið með framförum og rannsóknum á loku aðgerðum erlendis og Landspítalinn stefnir að því að bjóða sjúklingum bestu meðferð og nýjustu úrræðin. Framtíðin verður því að teljast björt varðandi meðferð sjúklinga með sjúkdóma í ósæðarloku.

Þórarinn Guðnason, hjartasérfræðingur

Allir í rauðu

Rauði dagurinn var að þessu sinni haldinn hátíðlegur 3. febrúar sl. Hér eru örfáar myndir frá deginum. Fylgist með á facebook á GoRed Ísland.



Starfsmenn Hjartaverndar rauðklæddir.



Starfsfólk hjarta-deildar tekur alltaf þátt í rauða deginum.




Starfsmenn Hjartaheilla klæddust rauðu.



Starfsmenn Ráðhúss Hafnarfjarðar eru til fyrirmyndar.

Þökkum stuðninginn





**SÚPER
SUNNUDAGUR
Á STÖÐ 2**

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
333 kr. á dag
9.990 kr. á mánuði



KL. 20:00

LOKAPÁTTUR
KL. 21:35

APPLE
TREE
YARD

KL. 22:30

T
A
B
Tom Hardy
E

KL. 23:30

60
MINUTES



FYRSTI PÁTTUR
KL. 20:45

BIG LITTLE LIES



©2017 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

TÍMAMÓT



Elskulegur og ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Ásgeir Guðbjartsson

skipstjóri,
Túngötu 9, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði
22. febrúar. Útför hans fer fram
frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. mars klukkan 14.00.

Guðbjartur Ásgeirsson **Ragnheiður Hákonardóttir**
Guðbjörg Ásgeirsdóttir
Kristín Hjördís Ásgeirsdóttir **Flosi Kristjánsson**
Jónína Brynja Ásgeirsdóttir **Flosi Valgeir Jakobsson**
og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts
og útfarar ástkærs eiginmanns,
föður, tengdafaður, afa og langafa,

Sigurbórs Jónssonar

vélvirkja og fv. framkvæmdastjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á deild
B-7 á Landspítala og L-4 á Landakotsspítala fyrir þá góðu
umönnun sem honum var veitt af hlýju og virðingu.

Sigurborg Valgerður Jónsdóttir
Garðar Sigurbórsson **Reynir Guðmundsson**
Sigrún Sigurbórsdóttir
Sigurbór Sigurbórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þakktæni, hlýju og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**



„Það kom fyrir að ég var kallaður inn í stúdíó þar sem verið var að taka upp lög og vantaði texta í hvelli,“ segir Þorsteinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flutti í borgina árið sem Heim í Búðardal sló í gegn

Þorsteinn Eggertsson, einn afkastamesti söngtextahöfundur þjóðarinnar, er sjötíu og fimm ára í dag. Hann ætlar að fagna því með sínum nánustu og skreppa svo út í vor.

Þegar ég ákveð að hringja í Þorstein Eggertsson í tilfni 75 ára afmælisins í dag tengi ég nafn hans ósjálf-rátt við Reykjanesbæ en finnst engin með því nafni þar. „Ég er búinn að búa í bænum síðan 1975, árið sem lagið Heim í Búðardal sló í gegn,“ upplýsir hann þegar hann svarar símanum. „En ég er náttúrulega fæddur í Keflavík og ólst þar upp. Orti líka mikið fyrir tónlistarfólkið á Suðurnesjunum, Hljóma, Trúbrot, Rúnar Júlíusson, Magnús og Jóhann, Júdas og Rut Reginalds.“

Þorsteinn kveðst ekki hafa tölu á þeim textum sem hann hefur samið en segir um 800 hafa verið útfegna, suma í mis-munandi útfærslum.

Í nýjasta hefti Heima er best er grein eftir Þorstein þar sem hann lýsir kvöldinu sem hann orti Slappaðu af og pressunni sem hann var undir. Skyldi hann

eiga margar sögur af eigin textagerð? „Ég á nokkrar. Sumar eru um eitthvað sem ég minnst sjálfur, aðrar hafa mér verið sagðar og sumar eru örugglega skáldaðar – en þær lifa. Ég man til dæmis ekki til að hafa samið texta í leigubíl á milli staða, eins og haldið hefur verið fram. En það kom fyrir að ég var kallaður inn í stúdíó þar sem verið var að taka upp lög og texta vantaði í hvelli.“

Samkvæmt frásögninni í Heima er best tæmdu skáldið eina viskífloksu yfir Slappaðu af. Þarf hann alltaf áfengi til að koma sér í girinn? „Nei, ég dreypi oft á viskí en það má ekki vera of mikið, þá fer allt í tóma vitleysu. Enda sést það á Slappaðu af, sá texti byrjar ágætlega en höfundur er greinilega orðinn sauð-drukkinn í restina.“

Þorsteinn er enn að. „Ég er núna að klára texta fyrir Gunnar Þórðarson og það er stutt síðan ég samdi fyrir Helgu

Ég er núna að klára texta fyrir Gunnar Þórðarson og það er stutt síðan ég samdi fyrir Helgu Möller.

Möller. En þetta er bara einn og einn texti. Það semur enginn á heilar plötur lengur því hljómplötumarkaðurinn er hruninn og flestar plötubúðir dottnar upp fyrir.“

Auk textagerðarinnar kveðst Þorsteinn hafa kennt á námskeiðum hjá Fjölmennt undanfarin ár, bæði sögu alþýðutónlistar og ensku. Segir það skemmtilegt enda mæti þar fólk sem hafi áhuga. Í lokin er hann spurður út í afmælishaldið. „Ég ætla bara að vera með mínum nánustu og skreppa svo eitthvað út fyrir landsteinana í vor.“

gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson

www.utforin.is

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Þorsteinn Elísson

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Jóhann Kristinsson

Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Reykjanesbæ,
mánudaginn 20. febrúar.

Útförin fer fram frá Keflavíkarkirkju,
þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.

Barði Jónsson
Ragnhildur Stefánsdóttir
Inga Sif Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Lena Jónsson
Sigurgeir Þórarinnsson
Kjartan Þór Eiríksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Þórdís Halldórsdóttir

Kirkjuvegi 11, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
mánudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram
frá Keflavíkarkirkju, föstudaginn 3. mars kl. 13.

Hrefna Halldórsdóttir
Halldór Þór Halldórsson
Guðrún Björg Halldórsdóttir
Björgvín Halldórsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Magnús Guðmundsson
Ivy Carlill



3590.-



4950.-



990.-



BÓKA

MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

OPIÐ
KL. 10 - 21
ÖLL KVÖLD

24. FEBRÚAR - 12 MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA



490.-




690.-



990.-




990.-



3490.-



1990.-



999.-



690.-



990.-



Ástkær móðir okkar,
Guðrún Magnúsdóttir
lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Uppsölum, Fáskrúðsfirði, sunnudaginn
19. febrúar.

Hún verður jarðsungen frá
Norðfjarðarkirkju laugardaginn 4. mars kl. 14.

**Gerður Bjarnadóttir, Vilhjálmur Árnason,
Kristín Árnadóttir og fjölskyldur.**



Eiginmaður minn, faðir og afi
Helgi Pétursson,
Snorrabraut 56b, Reykjavík,

lést á Landspítala, Fossvogi 16.
febrúar. Útför hans verður gerð frá
Fossvogskirkju miðvikudaginn 1.

mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega
afþakkað en þeim sem vilja minnast Helga er bent á
Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Anna Sigríður Einarsdóttir
Kristín Jóhanna Helgadóttir
Jóhanna Betty Durhuus, Guðmundur Bergsson
Helgi Durhuus, Andrea Björk Guðnýjardóttir**



Einlægur þakki fyrir samúð,
hlýhug og minningargjafir við
andlát og útför ástkærs föður okkar,
tengdaföður og afa,

Eiðs Svanbergs Guðnasonar
fyrrv. sendiherra,
Bjarkarási 18, Garðabæ.

**Helga Þóra Eiðsdóttir Ingvar Örn Guðjónsson
Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir Gunnar Bjarnason
Haraldur Guðni Eiðsson Ragnheiður Jónsdóttir
og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma
og langlangamma,

Vilborg Þorgeirsdóttir
kennari,

lést 21. febrúar. Útförin fer fram frá
Langholtskirkju fimmtudaginn 9. mars kl. 13.

**Einar Sverrisson Halla Kristín Þorsteinsd.
Sverrir Einarsson Sólveig Ásgeirsdóttir
Vilborg Rósa Einarsdóttir Tryggvi M. Baldvinsson
Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir
Sigrún Unnur Einarsdóttir Sigurjón Bragason
og ömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Ásta Jónsdóttir

Sólvangi, Hafnarfirði,
áður Miðvangi 41,

lést 12. febrúar síðastliðinn. Hún verður
jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 2. mars kl. 11.00.

**Erla G. Sigurðardóttir Loftur Magnússon
Hjálmar Jón Sigurðsson Rita Kværne
Kristín M. Sigurðardóttir Ómar R. Agnarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**




Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Ingiríður Helga Leifsdóttir
áður til heimilis að Grandavegi 47,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum laugardaginn
18. febrúar sl. Útför hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingimundur Jónsson Kristín Andrésdóttir
Helga Jónsdóttir Hallgrímur T. Sveinsson
Leifur Jónsson Anna Arndís Árnadóttir
Fríða B. Aðalsteinsdóttir Guðmundur S. Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.**



Félagarnir í Aurny-quartett, Stewart Eaton, Matthias Lingenfelder, Andreas Arndt og Jens Oppermann með Ásdís á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mozart-marapön í Hörpu

Meðal þeirra sem spila alla strengjakvintetta Mozarts í fyrsta sinn á Íslandi er Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari. Tilefnið er sextíu ára afmæli Kammermúsikklúbbsins.

Kammermúsikklúbburinn fagnar 60 ára afmæli sínu með tvennum tónleikum nú um helgina í Norðurljósasal Hörpu. Þar mun hinn þekkti þýski strengjakvartett Aurny-quartet flytja alla sex strengjakvintetta Mozarts, ásamt Ásdís Valdimarsdóttur víóluleikara.

Ásdís býr í Hollandi og er stödd hjá Þórunni systur sinni þegar í hana næst, nýkomin af æfingu í Hörpu. Hún segir óvenju langt síðan hún kom heim síðast. „Ég kom í jarðarför stjúpna míns í janúar í fyrra en árið áður kom ég fimm sinnum, meðal annars til að spila með Kammermúsikklúbbum með Einari Jóhannessyni. Ég hef spilað nánast á hverju ári fyrir klúbbinn undanfarið og er ægilega ánægð með að hann var tilbúinn að leyfa mér að koma með þennan kvartett að spila alla kvintetta Mozarts því ég var búin að reyna við Listahátíð en fékk aldrei svar. Ég held það sé mjög gaman fyrir Íslendinga að fá að heyra þessa tónlist, hún er sú fegursta í heimi.“

Þetta er svo guðdómleg tónlist, maður fer bara til himnaríkis meðan maður hlustar.

Félögunum í Aurny-quartett kveðst Ásdís hafa kynnst fljótlega eftir að hún lauk námi. „Ég held það hafi verið 1985 sem við spilðum saman okkett eftir Mendelson. Fyrir nokkrum árum endurnýjuðum við kynnin því víóluleikarinn þeirra veiktist og ég hoppaði inn í fyrir hann. Í framhaldi af því buðu þeir mér að spila alla Mozartkvintettana með þeim á Ítalíu. Mér fannst það svo gaman að ég fór að hugsa að þetta yrði að gerast á Íslandi líka. Ég veit að þeir hafa aldrei verið fluttir í heild sinni hér og kvintett nr. 1 í B-dúr K174, hefur aldrei verið fluttur á Íslandi áður svo menn viti. Það er sá sem við byrjum á.“

Spurð hvort það sé ekki komin löng röð fyrir utan Hörpu svarar Ásdís: „Ég

veit það ekki en vona bara að fólk komi. Þetta er svo guðdómleg tónlist, maður fer bara til himnaríkis meðan maður hlustar.“

Ásdís kveðst hafa komið með alla fjölskylduna heim núna, eiginmanninn Michael Stirling sem er sellisti og er hálfur Breti og hálfur Frakki og börnin tvö sem eru 12 ára og tæplega 16. „Við vorum svo heppin að það hittist þannig á að það er vetrarfrí í skólunum þessa viku og því gátum við komið öll,“ segir hún kampakát. Hún segir þau Michael hafa sest að í Hollandi fyrir 13 árum því hann hafi fengið svo góða vinnu þar en gæðin hafi minnkað vegna mikils niðurskurðar til lista í Hollandi. „Heimurinn er að breytast,“ segir hún.

Tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands lætur Ásdís ekki fram hjá sér fara þegar hún er á landinu. „Það er svo gaman að heyra í hljómsveitinni, mér finnst hún alltaf verða betri og betri. Ég held það sé svo gott fyrir sveitina að æfa í svona góðu húsi, þá heyrir fólk svo vel hvert í öðru.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir mín og amma okkar,
Kristín Helgadóttir
Eskihlíð 8a,

lést á Landspítalanum 10. febrúar
síðastliðinn. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að hennar ósk.

**Erlingur Smári Jónsson Kristín Helga Erlingsdóttir
Hafþór Úlfar Erlingsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Georg Breiðfjörð Ólafsson
Silfurgötu 13, Stykkishólmi,

lést á Dvalarheimili Stykkishólms
miðvikudaginn 22. febrúar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Gylfi, Júlíus Bragi og Ágúst Ólafur Georgssynir**



Innilegar þakki færum við öllum þeim
er sýndu okkur samúð og hlýhug við
andlát og útför elskulegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,
Sigríður Sigurjónsdóttur
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakki viljum við færa starfsfólki
dvalarheimilisins Höfða fyrir einstaka umönnun,
velvild og hlýju.

**Guðrún Þórðardóttir Ingileifur S. Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku móðir mín og tengdamóðir,
systir okkar og amma,
Þóra Steingrimsdóttir
tónlistarmaður,

lést að heimili sínu í Vikmanshyttan
í Svíþjóð 22. febrúar síðastliðinn.

**Steingrímur Þorbjarnarson, Romyana Björg Ivansdóttir
Laufey Steingrimsdóttir, Sigrún Steingrimsdóttir
og barnabörn.**

SALTKJÖT OG BAUNIR, TÚKALL



KJARNAFÆÐI
LAMBA SALTKJÖT
BLANDAÐ
1399 KR.
KG.
TILBOÐSVERÐ

KJARNAFÆÐI
LAMBA SALTKJÖT
VALIÐ
1999 KR.
KG.
TILBOÐSVERÐ

KJARNAFÆÐI
LAMBA SALTKJÖT
ÓDÝRT
499 KR.
KG.
TILBOÐSVERÐ



SALTER
NUTRI PRO
fæst einungis
í Iceland
Takmarkað magn!

SALTER
NUTRI PRO 1200
9999 KR.

GULAR BAUNIR
JACK RABBIT
169 KR.
454G

BAUNASÚPU-
GRUNNUR
449 KR.
1 L



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

1 lítri



798
kr. 1 l

MS Rjómi
1 lítri

**Ljúffengar
rjómabollur**



498
kr. 2 stk.

Bónus Rjómabollur
2 stk. vatnsdeigrjómabollur



**10 stk.
bollur**

498
kr. 10 stk.

Bónus Vatnsdeigsbollur
10 x 25 g



179
kr. 250 g

ES Peytirjómi
250 g



259
kr. 280 g

Bónus Glassúr
280 g, 3 tegundir



179
kr. 450 g

ES Jarðarberjasulta
450 g



279
kr. 400 g

Kjarna Sultur
400 g, 3 tegundir



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**BLANDAÐ
2. flokkur**

559
kr. kg

Kjarnafæði Lambasaltkjöt
2. flokkur



1.298
kr. kg

Kjarnafæði Lambasaltkjöt
Blandað



**BITAR ÚR
FRAMHRYGG**

1.998
kr. kg

Kjarnafæði Lambasaltkjöt
Valið

SALTKJÖT OG BAUNIR... TÚKALL!



1.198
kr. kg

SS Lambasaltkjöt
Blandað



**BITAR ÚR
FRAMHRYGG**

1.998
kr. kg

SS Lambasaltkjöt
Valið



45%
minna salt
-sama bragð

1.098
kr. kg

Íslandslamb Saltkjöt
Saltskert, blandað



998
kr. kg

Íslandslamb Saltkjöt
Blandað



139
kr. 500 g

Heima Gular baunir
500 g



698
kr. kg

Norðanfiskur Fiskibollur
Forsteiktur, frosnar

BONUS EKKERT BRUÐL

Lagerhreinsun



RYOBI

Hjólsög

RWS1600-K. 1600 W.
5000 snún./mín.,
skurðardýpt 66 mm.

15.000,-

~~25.715,-~~



BLACK+DECKER

**Bor-/
skrúfvél með
hleðslurafhlöðu**

18 volta borvél með Lithium Ion rafhlöðu.
650 snún./mín. Snúningsvægi 28 Nm.
Taska og 10 fylgihlutir fylgja með.

12.500,-

~~21.995,-~~

Lagerhreinsuninni lýkur um helgina!

- Fjöldi vara á stórlækkuðu verði!



Lagerhreinsun

2 STK.

700,-

~~1.495,-~~

OSRAM

LED pera 2 í pakka

Classic A. E27 perustæði 10 W sem samsvarar 60 W.
Endist í allt að 25.000 klst. 2 LED perur í pakka



Lagerhreinsun

15.000,-

~~34.995,-~~

Undirvagnshreinsir

Fjarlægir auðveldlega drullu, salt og sand.

Auglýst tilboð gildir frá fimmtudeginum 16. febrúar til og með sunnudeginum 26. febrúar 2017.
Takmarkað magn, fyrstur kemur fyrstur fær.



BAUHAUS®




BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Konráð og félagar á ferð og flugi ²³⁸

Bragi Halldórsson

„Par fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur svo mikið á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Eins og ævinlega,“ sagði Kata.

Getur þú hjálpað félögnum að komast í gegnum þetta völundarhús?



Amma gerir bestu hakkabollur í heimi

Helga Dögg

Jónasdóttir er 10 ára í Norðlingaskóla. Hún á tvo bræður og er oft að semja dansa í Musically forritinu með vinkonum sínum. Hún stefnir að því að verða leikari og elskar að borða hakkabollur ömmu sinnar.

Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu? Svolítið margt en helst Simpson. Ég missi varla af þætti.

Áttu sérstök áhugamál? Mér finnst mjög gaman að dansa. Svo finnst mér gaman að leika, þannig leiklist líka.

Ef þú værir sögupersóna í ævintýri, hver myndir þú helst vilja vera? Látum okkur nú sjá. Ég er ekki alveg viss. Má ég vera Lisa Simpson þó hún sé ekki í ævintýri? Hún lendir samt oft í ævintýrum. Svo er hún bæði klár og góð.

Hvað er það skrytnasta sem þú hefur lent í? Öruglega þegar ég ætlaði að tala við bróður minn og byrjaði að segja honum sögu en svo kom í ljós að þetta var ekkert hann.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Hakkabollurnar hennar ömmu. Hún gerir bestu hakkabollur í heimi.

Hvaða matur finnst þér verstur? Fiskur. Aðallega í skólanum. Samt þegar mamma og pabbi elda góðan fisk þá finnst mér



Helga Dögg hefur engan áhuga að vinna á skrifstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

hann ekkert sérstakur.

Í hverju ertu best? Að dansa.

Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Að gera ekki neitt. Það er hundleiðinlegt.


Áttu einhver gæludýr? Nei.

Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór? Leikkona.

Hvað langar þig alls ekki að verða þegar þú verður stór? Vinna á skrifstofu. Þá situr maður bara í tölvunni og gerir ekki neitt. Það er hundleiðinlegt.

Gátur

1. Hvað er á enda regnboga?
2. Hvort er þyngra kíló af ull eða kíló af grjóti?
3. Hvaða orð mynda stafirnir l og n?
4. Getur þú stafað þurrt gras með þremur bókstöfum?
5. Hvað hangir úti í horni en ferðast samt um heiminn?
6. Fimm fóru inn um sömu dyr en komu þó hver í sitt herbergi. Hverjir voru þeir?



Svör:
hanska.

1. Bókstafurinn A, 2. Hvorugt, 3. Logn, 4. Fingur í bæði vega eitt kíló, 5. Hey, 6. Frimerki.

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

Spilið Veidimaður

Spilið snýst um að safna samstæðum fjögurra spila, fjórum ásum, fjórum kóngum og svo framvegis. Þá er kominn slagur sem hver spilari leggur hjá sér.

Byrjað er á að dreifa spilunum á grúfu á borðið og hver spilari dregur fimm spil. Sá sem er í forhönd spyr einhvern við borðið hvort hann eigi tiltekið spil, (samstæðu við spil sem hann er með á hendi). Ef sá sem spurður er á slíkt spil lætur hann það (þau) af hendi og spyrjandinn má þá spyrja fleiri við borðið um sama spil. Sá sem ekki á spilið segir „veiddu“ og spyrjandinn dregur eitt spil úr hrúgunni. Dragi hann spilið má hann halda áfram að spyrja (þá um annað spil).

Ef dregið var úr hrúgunni án þess að spilið sem beðið var um kæmi upp er röðin komin að næsta manni að spyrja – röðin er réttssælis.

Þegar spilari er búinn með öll spil á hendi dregur hann eitt úr hrúgunni. Þegar öll spil eru horfin af borðinu er haldið áfram uns allir eru búnir með þau spil sem þeir hafa á hendi. Sá sigrar sem hefur fengið flesta slagi.



ÖSKUDAGURINN NÁLGAST!



Allt vörúrvallib fest í Skeifunni, Smáralind og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.




FYLGIHLOTIR Í MIKLU ÚRVALI!



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Allhvöss eða hvöss suðvestan- og vestanátt og él, en dregur víða úr vindi seinnipartinn og létir til norðan- og austanlands. Hiti í kringum frostmark.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 4°	Stokkhólmur 0°	Gautaborg 4°	Helsinki -3°	Pórhöfn 6°	Nuuk -22°
London 10°	Amsterdam 6°	Berlin 6°	Madrid 12°	Brussel 8°	Róm 13°
Boston 9°	New York 10°	Orlando 17°	Moskva -2°	Singapúr 26°	Tókyó 6°
					Sydney 20°

Flód & fjara

Flód	Fjara
Reykjavík 5:53 3.94m 6:08 3.78m	12:08 0.62m

Akureyri	
9:56 1.39m 10:29 1.34m	3:44 0.47m 4:14 0.33m

Ísafjörður	
7:50 2.09m 8:02 1.91m	1:42 0.32m 2:11 0.24m

Tunglaástand



Stækkandi
4%

Sólarupprás:
08.44

Sólarlag:
18.33

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-1° ↖ 6	2° ↙ 14	1° ↙ 11	0° ← 11	-1° ← 10

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ↖ 5	-1° ↙ 17	-3° ↙ 9	-2° ← 9	-4° ← 8

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-0° ↑ 3	-1° ↙ 14	-2° ↓ 6	-2° ↙ 6	-4° ↙ 3

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ← 21	-0° ↓ 20	-2° ↓ 12	-1° ↓ 9	-3° ↓ 10

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↙ 3	0° ↙ 6	-2° ↓ 8	-1° ↙ 10	-2° ↙ 7

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARDAGA KL.12:20

VÍGLÍNAN

Þjóðmálapáttur undir stjórn Heimis Más Pétursson og Höskuldar Kára Schram í opinni dagskrá og beinni útsendingu á Stöð 2 og Vísi alla laugardaga kl. 12:20.

365.is | Sími 1817 **365**

Vissir þú að... barnaheill Save the Children á Íslandi

þor n eiga rætt á vernd gegn einbeiti.

Sirius



Heslihnetusmjör

með súkkulaðibragði



... svo gott

Hnetusmjörstraumur í dós

Sírius súkkulaði hefur fylgt íslensku þjóðinni síðan 1933. Þannig hafa Íslendingar notið Sírius súkkulaðis á stórum sem hversdagslegum stundum lengur en þeir hafa notið sjálfstæðis.

Sírius Heslihnetusmjör er ljúffengt hnetusmjör með súkkulaðibragði og silkimjúkri áferð.

Heslihnetusmjörið er einstakt smurálegg á vöffur, pönnukökur, ristað brauð eða epli, eins hentar það vel í bakstur og kökugerð.



Söngverk Karólínu og tónskáldaspjall

Ásgerður Júníusdóttir mezzo-sópran þekkir vel til söngverka Karólínu Eiríksdóttur. Í dag verða síðdegistónleikar í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar flytur hún nokkur þeirra, meðal annars tvö ný.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við Karólína erum búnar að vinna lengi saman, alveg frá 2001, þá gaf ég út geisladisk með lögum og ljóðum eftir íslenskar konur og Karólína var ein af þeim. Í framhaldi af því frumflutti ég tvö verk eftir hana í Skálholti, hún var þá staðartónskáld þar. Annað verk-ið heitir Na Carezza og ég ætla að syngja það núna í dag," segir Ásgerður Júníusdóttir mezzo-sópran sem sér um sönginn á síðdegistónleikum í Safnahúsinu við Hverfisgötu í dag klukkan 16. Þeir eru tileinkaðir söngverkum Karólínu Eiríksdóttur tónskálds. Auk Ásgerðar koma þar fram Tinna Þorsteinsdóttir pianóleikari, Guðrún Hrund Harðardóttir víólu-leikari og Matthías Nardeau óbóleikari. Þau hafa áður leikið og frumflutt verk eftir Karólínu og hlotið lof fyrir.

Einnig mun Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld ræða við Karólínu um tilurð verkanna.

Ásgerður hefur nýlengi þátttöku í óperunni Magnús/María eftir Karólínu, í uppfærslu sænska leikstjórans Suzanne Osten sem Ásgerður segir að sé „feministi númer eitt“, „Það var hún sem samdi lagið við Áfram

VIÐ TINNA ÞORSTEINS ÁKVÁÐUM AÐ NOTA TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ HALDA TÓNLEIKA OG KYNNA KARÓLÍNU ÞEGAR MAGNÚS/MARÍA VAR SETT UPPI Í ÞJÓÐARÓPERUNNI Í HELSINKI OG BORGARLEIKHÚSINU Í STOKKHÓLMI.

stelpur,“ upplýsir hún og bætir við að Magnus/María sé feminísk sýning sem hafi verið sett upp víða á Norðurlöndunum síðustu þrjú árin og alls staðar fengið feiki góða dóma. Meðal annars hafi hún verið sýnd í Þjóðleikhúsinu á listahátíð árið 2015.

Þess má geta að um frammistöðu Ásgerðar í lokasýningunni í Stokkhólmi sagði gagnrýnandi Dagens Nyheter að þrátt fyrir að í slíku verki væri það alltaf hópurinn sem væri stjarnan þá yrði sérstaklega að geta hinnar hlýju og fljótandi mezzo-raddar Ásgerðar.

Á síðdegistónleikumum í dag verður Íslandsfrumflutningur á tveimur nýjum lögum eftir Karólínu, þau eru samin við ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur og Sjón, eiginmann Ásgerðar. „Við Tinna



Ásgerður ætlar meðal annars að syngja tvö lög á tónleikumum í dag sem aldrei hafa verið flutt á Íslandi áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorsteins ákváðum að nota tækifærið til að halda tónleika og kynna Karólínu þegar Magnús/María var sett upp í Þjóðaróperunni í Helsinki og Borgarleikhúsinu í Stokkhólmi.

Þessi tvö lög voru meðal þess sem þar var á efnisskránni en þau hafa aldrei heyrst hér á landi áður,“ segir Ásgerður.

Karólína og Ásgerður vinna nú að

gerð geisladisks sem er væntanlegur með haustinu.

Aðgangur að tónleikumum í dag er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Hin stóra persóna

LEIKHÚS

Þórbergur

★★★★★

Edda Productions

Tjarnarbió

Leikarar: Birna Rún Eiríksdóttir, Friðrik Friðriksson, María Heba Þorkelsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson
Leikstjóri: Edda Björg Eyjólfssdóttir
Leikgerð: Edda Björg Eyjólfssdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og hópurinn
Leikmynd: Stigur Steinþórsson og Bjarni Þór Sigurbjörnsson
Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Lýsing: Kjartan Darri Kristjánsson
Tónlistarval og hljóðmynd: Stefán Már Magnússon
Kóreógráfía: Birna Björnsdóttir

Tjarnarbió, í samstarfi við Eddu Productions, býður leikhúsgestum að vera áhorfendur í sjónvarpssal þar sem gesturinn er enginn annar en hinn margrómaði rithöfundur Þórbergur Þórðarson. Sýningin Þórbergur var frumsýnd nú á fimmtudaginn þar sem kafað er ofan í líf og áhrifavalda skáldsins með hjálp frá manninum sjálfum.

Viðfrægt viðtal Magnúsar Bjarnfreðssonar við Þórberg á RÚV myndar grunnstöðir sýningarinnar en samræður þeirra tveggja eru kryddaðar með innskotum úr fortíðinni, upplestrum og tónlist. Edda Björg Eyjólfssdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og hópurinn reyndar allur er skrifaður fyrir handritinu og hefur greinilega lagt í mikla rannsóknarvinnu. Í leikskrá stendur að hópurinn hafði notið aðstoðar rithöfundarins Péturs Gunnarssonar við mótun leikgerðarinnar. Hópavinna af þessu tagi er erfið í úrvinnslu. Í þetta skipti eru afleiðingarnar þær að djúp rannsóknarvinnan skilar sér ekki í innri kjarna og gangverk handritsins. Persónur þróast lítið og of mikið er treyst á texta Þórbergs í staðinn fyrir að nálgast hann á nýjan hátt.

Friðrik Friðriksson snýr aftur á leiksvið eftir að hafa sinnt öðrum verkefnum tímabundið og fær það gríðarstóra verkefni að líkamna sjálfan Þórberg. Friðrik fellur ekki ofan í gryfju eftirhermunar heldur skilar hlutverkinu á sínum eigin forsendum og gerir það af mikilli næmni. Nákvæmar líkamshreyfingar og málrómur gefa til kynna mann sem aldrei fann sig almennilega í samfélagi

manna og sjálfhverfan er honum stundum til ama. Sjónvarpsmanninn Magnús leikur Sveinn Ólafur, hann fer bæði vel með texta og skapar geðþekkan og taugaveiklaðan mann á sviðinu, vandamálið er að persóna hans er eins konar spurningabanki í handritinu fremur en heildstæður karakter. Slíkt takmarkar túlkun. María Heba Þorkelsdóttir sýnir, í frekar óþakklátu hlutverki Margrétar Jónsdóttur, hversu góða kómiska tímasetningu hún hefur. Sölu leikur Birna Rún Eiríksdóttir og kemst hún ágætlega frá því en hefði mátt sýna meiri tilfinningaleg blæbrigði þegar samband þeirra Þórbergs er í andarslitrunum.

Í leikstjórastólnum situr Edda Björg og ræðst hún ekki á garðinn þar sem hann er lægstur enda liggur nánast allt líf Þórbergs undir. Finar áherslur og góður grunnur sýningarinnar líða fyrir skort á áherslubreitingum, bæði í handriti og sviðshreyfingum. Framvindan treystir of



Friðrik fær það gríðarstóra verkefni að líkamna sjálfan Þórberg.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

mikið á endursögu og innri heimur sýningarinnar er frekar óskýr. Eftir hlé kemur aftur á móti sterkasta atriði verksins þar sem fortíð og nútíð fléttast saman á áhrifaríkan hátt og tilfinningalíf höfundarins opnast upp á gátt í virkilega áhrifaríki og vel leikstýrðri senu.

Einfaldleikinn er ríkjandi í leikmynd þeirra Stígs Steinþórssonar og Bjarna Þórs Sigurbjörnssonar: Fremst á sviðinu eru tveir stólar þar sem þeir Magnús og Þórbergur ræða saman en aftast er fjölnota hvítt tjald

sem notað er til að varpa myndum og gefa áhorfendum tækifæri til að gægjast inn í aðrar og stærri viddir. Leikmyndin er sprengd út með ágætu hljóð- og tónlistarvali Stefáns Más Magnússonar en stundum verður of mikið af því góða, s.s. þegar Magnús fer með ljóðabrot undir tónum Claude Debussy. Búningar Maríu Th. Ólafsdóttur eru fagurlega hannaðir að vanda, látlausir en úthugsadír. Sömu sögu má segja um ljósahönnun Kjartans Darra Kristjánssonar sem er lágstemmd en smellpassar sýningunni.

Snilli Þórbergs Þórðarsonar ljómar í gegnum sýninguna enda var hann stílisti mikill með einstaka sýn á bæði þennan heim og möguleika handanheima, allífið og astralplanið. Hljóðbrotin þar sem rödd skáldsins ljómar eru óborganleg og gefa sýningunni mikið. Ekki er Friðrik síðri í sínu hlutverki. Aftur á móti eru taktbreytingarnar of fáar og sýningin kemst aldrei á hið æðsta plan þrátt fyrir spennandi fyrirheit en þó er lokaatriðið sérlega eftirminnilegt.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Friðrik Friðriksson á sviðið en leikræn úrvinnsla er misjöfn.

40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

MEZZOFORTE

LAU. 16. SEPT. Í HÁSKÓLABÍÓI



MÍÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN

1. MARS KL. 12.00 Á MIDI.IS

MISSIÐ EKKI AF EINSTÆÐU TÆKIFÆRI TIL AÐ SJÁ EINA MERKUSTU
HLJÓMSVEIT ÍSLANDSSÖGUNNAR Á EINSTÖKUM TÍMAMÓTAVIÐBURÐI!

Ágætt að hafa smá kæruleysi í djassinum

Sunna Gunnlaugs djasspíanisti hefur sett á laggirnar nýja tónleikaröð þar sem konur í djassi verða í öndvegi. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, fiðlu- og básúnuleikari, ríður á vaðið með tríó sitt á þriðjudaginn.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Það eru dásamlegir strákar sem maður hefur verið að vinna með í gegnum tíðina í djassinum, enda er það gott fólk sem er í skapandi listum, en mér finnst líka gaman þegar ég fæ að vinna með öðrum konum. Það er önnur stemning og eykur á fjölbreytnina," segir Sunna Gunnlaugs djasspíanisti sem hefur nú komið á laggirnar nýrri tónleikaröð undir titlinum Freyjazz. Þar verða á ferðinni vikulegir hádegistónleikar, alla þriðjudaga í hádeginu á Listasafni Íslands, þar sem að minnsta kosti ein kona verður alltaf á meðal flytjenda.

Ný hugsun

Sunna segir að það sé sorglegt að horfa upp á það að konum finnst erfitt að komast inn í geirann. „En ég held að það sé reyndar eins í kvikmyndum og fleiri greinum að það er eins og það sé aðeins erfðara fyrir þær að komast inn. En svo eru samt líka ákveðnir kostir við að vera kona í djassi sem hafa gefist mér vel upp á að vekja athygli, fá umfjöllun og annað slíkt af því að við erum svo fáar.

Ég er með tvær stelpur sem eru í hljóðfæranámi og ég fór að fylgjast með þeim í Skólahljómsveit Kópavogs, þar sem er unnið frábært starf, en þar voru svona 36 stelpur og sjö strákar á æfingunni. Þá hugsaði; ég hvað verður um þessar stelpur? Af hverju hætta þær? Þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Þannig að mig langaði til þess að búa til einhvers konar plattform þar sem að konur hefðu ákveðinn forgang inn. Líka til þess að hvetja til samvinnu á milli kynjanna og fá fólk til þess að hugsa eitthvað nýtt og nálgast verkefnið með öðrum hætti. Þá verður eitthvað nýtt og spennandi til.“



